birta

MAMMÚT

Ekki bara ung og efnileg

Hnébuxur fyrir vorið

FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG

GUNNAR EGILSSON

Hélt sér vakandi í 69 klukkustundir

Á fjöllum

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

17. febrúar 2006 — 47. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Óvenjulegt samstarf

Mugison heldur tónleika með kammersveit salarins í Kópavogi, KaSa, í kvöld en hana skipa Áshildur Haraldsdóttir, Elfa Rún Kristinsdóttir, Helga Þórarinsdóttir, Sigurgeir Agnarsson og Nína Margrét Grímsdóttir.

TÓNLIST 38

Skattabrellur

„Hér á Íslandi hafa tekjur margra vegna almennra framfara hækkað umfram persónuafsláttinn, svo að þeir greiða tekjuskatt, en greiddu hann ekki áður," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson og er ekki hrifinn af hagfræði Stefáns Ólafssonar.

Í DAG 26

Trúi þessu ekki

Ólafur Stefánsson segist ekki trúa því að Serbar hafi tapað viljandi fyrir Króötum og hefur ekki heyrt neina játningu frá félaga sínum hjá Ciudad Real, Arpad Sterbik, en hermt var að hann hefði sagt liðsfélögum sínum frá málinu.

ÍÞRÓTTIR 45

Blaðamannaverðlaunin 2005

Pressuball verður haldið á Hótel Borg á morgun og verða þá Blaðamannaverðlaunin veitt í þriðja sinn.

TILVERAN 16

VEÐRIÐ Í DAG



BEST Í BORGINNI Í dag verður yfirleitt hæg norðaustlæg átt en allhvasst á Vestfjörðum en lægir smám saman. Yfirleitt bjartviðri suðvestan til annars skýjað og stöku skúrir, en þó él á Vestfjörðum. Hiti 0-5 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

LESTUR MEÐAL 25-49 ÁRA

Atvinnuleitin hefst í Fréttablaðinu!



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.

Ósáttir kennarar undirbúa aðgerðir

Framhaldsskólakennarar skipuleggja fjöldafund sem verður haldinn í næstu viku. Kennarar í tólf af fimmtán stærstu framhaldsskólunum hafa ályktað gegn samkomulagi kennaraforystunnar og menntamálaráðherra

KJARAMÁL Óbrúanlegt bil er á milli framhaldsskólakennara og forystu Kennarasambands Íslands um allt sem lýtur að samkomulagi þess og menntamálaráðherra 2. febrúar um tíu skref til umbóta í skólastarfi. Málið snýst um styttingu náms til stúdentsprófs og hvort forysta Kennarasambands Íslands hafi gert samkomulagið gegn vilja kennara og hvort umboð þeirra hafi þurft til að gera umrædda samninga. Það er trú kennara að námið verði stytt og kennaraforystan sé ekki að gera neitt til að koma í veg fyrir það.

Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambandsins, segir að umboðið sé óskorað og tekur eftirfarandi dæmi: „Ef alþingi felur ríkisstjórn að gera ákveðinn hlut þá hefur ríkisstjórnin væntanlega heimild til að gera það sem um var beðið." Ástæðan er að hans sögn að komast að borðinu til að geta haft áhrif.

Óánægja kennara er engu að síður gríðarlega mikil þrátt fyrir þessar skýringar eins og sannast á fjölda ályktana sem komið hafa frá kennurum skólanna. Í ályktunum þeirra stendur svart á hvítu að þeir telja að „samið hafi verið á laun", „samkomulagið sé loðið" eða „fullkomlega marklaust", svo nokkur dæmi séu tekin. Eiríkur Jónsson hefur sagt að mótmælin séu drifin áfram af bekkjarskólunum og nefnir Menntaskólann í Reykjavík í því sambandi. Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, kennari í MR, lýsir yfir undrun sinni á orðum Eiríks því honum ætti að vera ljóst að aðferðir kennaraforystunnar séu til umræðu í öllum framhaldsskólum landsins. Hún setur stórt spurningarmerki við það að Eiríkur dragi út einn hóp kennara til að finna sökudólg í málinu. Til frekari áherslu nefnir hún fjöldafund framhaldsskólakennara sem haldinn verður í Verzlunarskóla Íslands 25. febrúar.

Það er ljóst að framhaldsskólakennarar munu aldrei sættast á málamiðlanir varðandi styttingu náms til stúdentsprófs. Þeir hvika ekki frá því að til þess að hægt verði að gera úrbætur þurfi fyrst að fara fram ítarleg könnun á öllu skólakerfinu. Tilgangurinn með styttingu komi umbótum á námi ekkert við heldur snúist þetta um krónur og aura. Ætlunin er að fækka kennurum til að lækka launakostnað. - shá

FUGLAFLENSA BREIÐIST ÚT Þýskir heilbrigðisstarfsmenn fjarlægja dauðan svan á eyjunni Rügen í norðurhluta Þýskalands þar sem yfirvöld hafa staðfest að mannskæða H5N1 veiruafbrigðið af fuglaflensu hafi fundist. Enn er verið að kanna hvort veiran sé komin til Danmerkur, en í gær var fyrsta tilfellið staðfest í Slóveníu. **Sjá síðu 4** Nordicphotos/afp

Samgönguráðherra kynnti nýjar hugmyndir um Suðurlandsveg í gærkvöld:

Þrjár akreinar á Selfoss

SAMGÖNGUMÁL Suðurlandsvegur verður breikkaður alla leiðina frá Reykjavík á Selfoss og verður leiðin þá tvær akreinar í aðra áttina og ein í hina. Þetta kom fram í máli Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra, á vel sóttum fundi á Hótel Selfossi í gærkvöldi.

Forhönnun vegarins frá Hveragerði og að Hafravatnsafleggjara verður boðin út strax um næstu mánaðamót. Einnig verður boðin út verkhönnun á tveimur áföngum þessarar leiðar eða á háheiðinni og frá Litlu-kaffistofunni að Lögbergsbrekku. Þess utan verður þriðju akreininni bætt við veginn frá Litlu-kaffistofunni og á háheiðinni þar sem í dag eru tvær akreinar.

UMFERÐIN ER OFT ÞUNG Þessi mynd úr umferðinni er flestum kunnug. Líkur eru á að þetta breytist innan tíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í máli ráðherra kom einnig fram að aðrar framkvæmdir í suðurkjördæmi er færsla hringvegarins norður fyrir Selfoss og áframhaldandi fækkun einbreiðra brúa. Þá verður hringvegurinn lagfærður um Gatnabrún og innan tólf ára verður Suðurstrandarvegur kláraður frá Herdísarvík að Ísólfsskála.

Í ár nema fjárveitingar til vegamála 13 milljörðum króna en hæstar verða þessar fjárveitingar 18 milljarðar á næstu tveimur árum. Fjármunir af sölu Símans eru ekki inn í þessum tölum. -shá

ÁREKSTUR Á LJÓSUM Ofankoma og skafrenningur gerði ökumönnum erfitt fyrir.

Árekstrahrina á Akureyri:

Sextán bílar skemmdust

LÖGREGLA Lögreglan á Akureyri sinnti í gær tólf útköllum vegna umferðaróhappa frá klukkan 6 til 17. Fljúgandi hálka var á Akureyri, ofankoma og skafrenningur og skyggni afar slæmt fram eftir degi.

Alls bárust lögreglunni tilkynningar um tíu árekstra innanbæjar á Akureyri og tvær útafkeyrslur á Ólafsfjarðarvegi. Að sögn lögreglunnar sakaði engan í óhöppunum en tjón varð á sextán bifreiðum og verulegt tjón á nokkrum þeirra. Ein bifreiðanna reyndist óökufær og þurfti að draga hana af slysstað. - kk

Dönsk vínarbrauð í Íran:

Heita nú „rósir spámannsins"

ÍRAN, AP Íranar eru afar sólgnir í dönsk vínarbrauð, en þessa dagana biðja þeir um „rósir Múhameðs spámanns" frekar en að nefna það sem danskt er á nafn.

Bakarí um alla Teheran hafa tekið upp nýja nafnið í mótmælaskyni við skopmyndirnar af spámanninum sem birtust í Jótlandspóstinum og hafa valdið mannskæðum óeirðum um allan hinn miðausturlenska heim. Nafnbreytingin var gerð að skipan stéttarfélags kökugerðarmanna, og minnir óneitanlega á ákvörðun fulltrúadeildar Bandaríkjaþings um að franskar kartöflur skyldu heita „frelsiskartöflur" eftir að Frakkar neituðu að styðja innrás þeirra í Írak. - smk

Alltaf að vinna?

Kynntu þér Vildarþjónustu fyrirtækja

ARGUS 06-0052

sph

550 2000 | www.sph.is

SPURNING DAGSINS

Alfreð, var þetta rafmögnuð stund?

„Ja, það fór straumur um mig.“

Alfreð Þorsteinsson, formaður Orkuveitu Reykjavíkur var viðstaddur þegar straumi var hleypt á fyrstu kerin í nýjum áfanga Norðuráls á Grundartanga, sem er knúinn með orku frá OR.

Mál Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra gegn íslenska ríkinu:

Réði í stöðu án auglýsingar

DÓMSMÁL Mál Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra gegn ríkinu var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Í tíu ár hafa ráðherrar synjað honum um að taka aftur við fyrra starfi sem ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu og nema kröfur um miskabætur og laun til sjötugs allt að 52 milljónum króna.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra mun hafa tjáð Birni seint í nóvember að endurkomu hans yrði hafnað þrátt fyrir samning. Hún hygðist auglýsa ráðuneytisstjórastöðuna og ráða Kristján Skarphéðinsson. Ef Björn færi í mál yrði svo að vera.

Kristján var ráðinn skömmu síðar án þess að staðan hefði verið auglýst.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA Sagði við Björn að hann fengi ekki að snúa til starfs síns og hún ætlaði að ráða Kristján Skarphéðinsson.

Ráðuneyti iðnaðar og viðskipta eru rekin sameiginlega. Kristján Skarphéðinsson var þó aðeins skipaður ráðuneytisstjóri í iðnaðarráðuneytinu í desember síðastliðnum en Björn Friðfinnsson er í raun enn forsetaskipaður ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu frá árinu 1988.

Krafa Björns um miskabætur nema um 17,5 milljónum króna fái hann ekki starfið aftur. Sú krafa er reist á því að verknaður ráðherranna hafi verið til þess fallinn að rýra orðstír hans, starfsframa, æru og starfsheiður. - jh

Orkumarkaður ESB:

Samkeppninni er ábótavant

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Samkeppni er mjög ábótavant á orkumarkaði Evrópusambandsins. Þetta er meðal niðurstaðna rannsóknar sem unnin var á vegum framkvæmdastjórnar ESB og birtar voru í gær. Neelie Kroes, sem fer með samkeppnismál í framkvæmdastjórninni, boðaði ítarlega rannsókn á misbresti á framfylgd Evrópureglna um samkeppni á orkumarkaði, bæði af hálfu fyrirtækja og stjórnvalda.

Kroes sagði að niðurstöðurnar sýndu að grípa yrði tafarlaust til ráðstafana til að ýta undir samkeppni á raforku- og jarðgasmarkaði í aðildarríkjunum 25. ■

Viðskipti með stofnbréf SPH:

Lögreglan fær afhent gögn

VIÐSKIPTI Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð héraðsdóms að Landsbankanum sé skylt að veita efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra upplýsingar og ljósrit vegna rannsóknar á áætluðum brotum er kunna að tengjast viðskiptum með stofnfjárbréf í SPH.

Bankanum er gert að láta af hendi ljósrit af tékka að upphæð 50.529.126 kr. sem hann keypti og upplýsingar um hver fyrirskipaði og/eða framkvæmdi millifærslur að fjárhæð 51.586.125 inn á reikning í Landsbanka Íslands í Lúxemborg.

Tilteknar færslur voru á bankareikningum í eigu tveggja manna. Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði séráliti og vildi fella úrskurð héraðsdóms úr gildi. - eþa

FANGABÚÐIRNAR Inngangur í fangabúðirnar við Guantanamoflóa. NORDICPHOTOS/AFP

Talsmaður Hvíta hússins:

Fangabúðum ekki lokað

BANDARÍKIN, AP Fangabúðunum við Guantanamoflóa verður ekki lokað þrátt fyrir tillögur mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna þar um, að sögn talsmanns Hvíta hússins í Bandaríkjunum.

„Þetta eru hættulegir hryðjuverkamenn sem eru þar í haldi,“ sagði Scott McClellan í gær. Hann bætti því við að bandaríski herinn kæmi fram við alla sína fanga af mannúð og að liðsmenn al-Kaída hryðjuverkasamtakanna væru sérþjálfaðir í að blekkja. Nefndin lagði til að fangabúðunum yrði lokað og öllum yfirheyrsluaðferðum sem nálguðust pyntingar yrði hætt. - smk / sjá blaðsíðu 12

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Látinn laus eftir nauðgun

Manni, sem grunaður er um að hafa nauðgað konu og halda henni nauðugri klukkustundum saman, hefur verið sleppt úr haldi lögreglu. Deildarstjóri neyðarmóttöku segir árásina mjög grófa.

LÖGREGLUMÁL Manni sem grunaður er um að nauðga konu á fimmtugsaldri, og beita hana grófu líkamlegu ofbeldi, hefur verið sleppt úr haldi lögreglunnar í Reykjavík.

Árásin átti sér stað aðfaranótt sunnudags á heimili mannsins en konan sem hann er grunaður um að hafa nauðgað er fyrrverandi sambýliskona hans.

Lögreglan í Reykjavík fékk tilkynningu frá konunni um árásina þegar klukkan var 25 mínútur yfir tvö á sunnudag. Lögreglan brást skjótt við kalli konunnar og fór strax á vettvang. Þegar lögreglan hafði séð verksummerki á vettvangi, í blokkaríbúð mannsins í Grafavogi, var rannsóknarlögregla kölluð til. Hálftíma eftir að konan hafði hringt eftir aðstoð tók rannsóknarlögregla við rannsókn málsins á vettvangi. Greinilegt var á verksummerkjum að mikið hafði gengið á í íbúðinni.

Konan hafði verið í íbúð mannsins frá því á laugardagskvöld en talið er að maðurinn hafi nauðgað og mismyrmt konunni snemma á sunnudagsmorgun. Konunnni var svo haldið nauðugri í íbúðinni klukkutímum saman.

Eyrún B. Jónsdóttir, deildarstjóri á neyðarmóttöku Landspítalans, segir ofbeldið sem konan varð fyrir, hafa verið gróft. Konana var með mikla áverka út um allan líkamann. „Konan er enn til meðferðar vegna þeirra meiðsla og áfalls sem hún varð fyrir. Þetta var mjög gróft ofbeldisbrot. Andlega áfallið er ekki síður alvarlegt en þau líkamlegu meiðsli sem fórnarlömb í nauðgunarmálum verða fyrir, og því þurfa fórnarlömbin oft að vera lengi í meðferð eftir að þau hafa náð sér af meiðslunum.“

Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn segir rannsókn málsins ganga vel. Lögreglan taldi ekki ástæðu til þess hafa manninn í gæsluvarðhaldi lengur. „Gæsluvarðhald er fyrst og fremst rannsóknarúrræði sem má beita þegar þess er talin þörf. Málið lá þannig fyrir að ekki var talin ástæða til þess hafa manninn lengur í haldi. Hann hafði ekki játað brot sitt en málsatvik eru þó talin alveg ljós í þessu tilfelli.“

-mh

EYRÚN BJÖRG JÓNSDÓTTIR Segir að ofbeldið sem konan varð fyrir hafi verið gróft.

HÖRÐUR JÓHANNESSON Segir ekki ástæðu til að hafa meintan nauðgara í gæsluvarðhaldi.

HRAÐFRYSTISTÖÐIN RIFIN Húsið var byggt 1941 og var stækkað nokkrum sinnum á árunum þar á eftir. Íbúðarhús mun rísa á lóðinni og segja eigendur að íbúðirnar verði með öðru sniði en þekkist á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Niðurrif Hraðfrystistöðvarinnar við Mýrargötu hafið:

Fullbúið íbúðarhús mun rísa á lóðinni

FRAMKVÆMDIR Niðurrif húss gömlu Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík við Mýrargötu hófst í gær. Húsið hefur staðið autt undanfarin ár en uppi voru áform um lagfæringar og endurbætur og stóð til að það hýsti íbúðir og vinnustofur. Frá þeim áformum hefur nú verið horfið og verður nýtt hús reist á lóðinni.

Í því verða íbúðir og segir Magnús I. Erlingsson, talsmaður Nýju Jórvíkur sem á húsið og lóðina, að þær verði með öðru lagi en nú þekkist á Íslandi. Vildi hann ekki greina frekar frá hugmyndum félagsins, en sagði að þær yrðu opinberaðar á næstu vikum eða mánuðum. Upplýsti hann þó að ytri skel hússins yrði með svipuðu sniði og það gamla. „Það á mjög margt skemmtilegt eftir að koma í ljós sem við hlökkum mikið til að segja frá,“ segir Magnús.

Reiknað er með að niðurrifið taki fjórar til sex vikur og að því loknu hefjist jarðvegsvinna. Vonir standa til að nýtt hús verði risið fullbúið innan eins og hálfs árs. - bþs

Málamiðlun náðist á Evrópuþinginu um hina umdeildu þjónustutilskipun ESB:

Þjónusta veitt yfir landamæri

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Evrópuþingið samþykkti í gær frumvarp að Evróputilskipun um frelsi í þjónustuviðskiptum á innri markaðnum. Frumvarpið var útvötnuð útgáfa af fyrra frumvarpi sem var fellt í þinginu í síðasta mánuði. Markmið þessarar svonefndu þjónustutilskipunar er að draga úr hömlum á frjálsa samkeppni á sviði þjónustuviðskipta yfir landamæri innan innri markaðar Evrópu. Þannig mun tilskipunin einnig koma til með að taka gildi á Íslandi í gegnum EES-samninginn.

Rétt eins og hagsmunaaðilar skiptust þingmenn mjög í tvær fylkingar í afstöðunni til frumvarpsins. Öðru megin voru verndartollasinnar og forkólfar verkalýðsfélaga sem óttast að tilskipunin muni ógna réttindum verkamanna og launþega, hinu megin viðskiptafrelsissinnar, sem lögðu áherslu á að tilskipunin gæti opnað nýja markaði og hjálpað til við að koma hagsveiflunni í álfunni aftur upp úr öldudal síðustu ára.

SAMÞYKKT Þingmenn á Evrópuþinginu í Strassborg greiða atkvæði um tilskipunardrögin í gær. 391 samþykkti en 213 greiddu atkvæði á móti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Málamiðlun náðist eftir að tekið var út úr frumvarpinu ákvæði sem heimilað hefði þjónustufyrirtækjum að stunda rekstur í öðru landi samkvæmt þeim lagareglum sem um slíkan rekstur gilda í heimalandi fyrirtækisins en ekki í landinu sem starfsemin fer fram í. - aa

Ákærður fyrir að eiga fíkniefni:

Henti efnum út úr bílnum

DÓMSMÁL Tæplega fimmtugur maður fleygði fíkniefnum sem hann bar út úr bílnum sínum er lögregla nálgaðist. Var hann handtekinn á Elliðavatnsvegi til móts við Hádegishól í Garðabæ haustið 2004. Hann hefur verið ákærður í Héraðsdómi Reykjaness fyrir brot á lögum um ávana- og fíkniefni.

Maðurinn reyndist vera með tæpt gramm af amfetamíni og tæp 20 grömm af hassi. Degi síðar gerði lögreglan húsleit í íbúð mannsins í Reykjavík. Hún fann rúm 84 grömm af marijúana í skáp og kommóðu í eldhúsi, rúmt gramm af tóbaksblönduðu kannabisefni á hillu í stofu og tvær kannabisplöntur.

Lögreglan gerði efnin upptæk og einnig rúmlega tvö og hálft kíló af sveppum sem hún fann við rannsókn málsins. - gag

KRÓNAN

VIRK SAMKEPPNI

Virk Sam-keppni

30% Afsláttur

Goða súpukjöt frosið
349 kr./kg.

30% Afsláttur

Ali reyktur svínahnakki
1.049 kr./kg.

30% Afsláttur

Fjörfiskur frosin ýsa
399 kr./kg.

Grísakótilettur
799 kr./kg.

Goða lambalæri frosið í poka
878 kr./kg.

100% HREINN SAFI

GÓÐ KAUP

Floridana safar 3 teg. appelsínu, lemon og grape 12 flöskur 450 ml.
1.398 kr./pk.

100% HREINN SAFI

Floridana safar eplabragð 24 flöskur 280 ml.
1.398 kr./pk.

Ocean spray safar 12 flöskur 450 ml.
1.698 kr./pk.

GM morgunkorn
199 kr./pk.

Caline bleyjur
349 kr./pk.

LP ofnfranskar langar
149 kr./pk.

Myllu brallarabrauð
99 kr./stk.

Skyr.is drykkir
86 kr./stk.

Persil þvottaefni 5.4 kg
998 kr./pk.

Meira úrval

ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 16.2.2006

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	63,68	63,98
Sterlingspund	110,95	110,95
Evra	75,76	75,98
Dönsk króna	10,118	10,178
Norsk króna	9,29	9,344
Sænsk króna	8,04	8,088
Japanskt jen	0,5392	0,5424
SDR	91,28	91,82

Gengisvísitala krónunnar
106,2094

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lögreglan fann umtalsvert magn fíkniefna hjá manni á tvítugsaldri í Keflavík:

Fundu stera, e-pillur og hass

FÍKNIEFNAMÁL Lögreglan í Keflavík fann 22 e-töflur, rúmlega þrjú grömm af kannabisefnum og rúmlega hundrað töflur af anabólískum sterum við húsleit hjá manni á tvítugsaldri í Keflavík.

Lögreglan hafði fylgst með manninum um nokkurt skeið og ákvað að láta til skarar skríða um miðnætti í fyrrakvöld.

Yfirmaður fíkniefnadeildar lögreglunnar í Keflavík, sem ekki vildi láta nafns síns getið, segir fíkniefnamálum hafa fjölgað mikið í umdæmi lögreglunnar. Á síðasta ári komu upp óvenju mörg fíkniefnamál hjá lögreglunni í Keflavík.

HASS OG AMFETAMÍN Lögreglan fann lítilræði af hassi og töluvert magn e-tafla hjá manninum, en þær eru gerðar úr amfetamíni.

„Því miður er þessi málaflokkur sífellt að verða umfangsmeiri. Síðasta ár var metár hjá okkur. Það sem af er ári hafa komið upp miklu fleiri mál en á sama tíma í fyrra."

Maðurinn sem lögreglan gerði húsleit hjá hefur játað að hafa átt þau efni sem lögreglan gerði upptæk. Hann hefur hins vegar ekki játað að hafa ætlað sér að selja efnin. Grunur leikur þó á því að maðurinn hafi ætlað sér það þar sem um umtalsvert magn var að ræða.

Maðurinn sem tekinn var með fíkniefnin og sterana hefur margsinnis komið við sögu lögreglu og þá aðallega fyrir fíkniefnabrot.

-mh

Íranar vara við árásum:

Heita auknu hatri á vestrinu

ÍRAN, AP Það mun skaða Bandaríkjamenn mun meira en Íran ef þeir gera hernaðarárás á landið. Þetta segir varnarmálaráðherra Írans og heitir auknu hatri í garð Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra láti þeir verða af árásum til að stöðva kjarnorkuáætlun Írana.

Varnarmálaráðherra Írans sagði Bandaríkjamenn aðeins vera að reyna að hræða íranskan almenning með hótunum sínum um árásir á landið. Hann ítrekaði þó að Íranar vildu ekki eignast kjarnavopn, eini tilgangurinn með kjarnorkuáætluninni væri að framleiða rafmagn. ■

GLÍMT VIÐ ÞJÓÐVEGINN Það getur verið varhugavert að ferðast um landið þegar veður er vont. MYND/BJÖRGUNARSVEITIN KÁ

Óveður á Suðausturlandi

Beið hjálpar í þrjár stundir

OFSAVEÐUR Flutningabíll með tengivagn fauk út af veginum við Lómagnúp í fyrrakvöld. Ökumanninn, sem er ungverskur, sakaði ekki en bíllinn er mikið skemmdur.

Vegfarendur á austurleið sáu bílinn utan vegar og höfðu samband við Neyðarlínuna frá Freysnesi. Lögreglan á Kirkjubæjarklaustri fór á staðinn og fann manninn sem þá hafði hafst við í bílnum í þrjár klukkustundir. Vindur á þessu svæði fór í 49 metra á sekúndtu þegar hvassast var. Fjöldi fólks þurfti að gista í Vík í Mýrdal og Freysnesi vegna veðurhamsins. -shá

Tekinn með amfetamín:

Verður látinn laus í dag

LÖGREGLUMÁL Mikael Már Pálsson, sem grunaður er um stórfellt smygl á amfetamíni, losnar úr gæsluvarðhaldi í dag.

Mikael og kærasta hans, Halldóra Gunnlaugsdóttir, voru stöðvuð á Keflavíkurflugvelli þegar þau voru að koma frá París en í fórum þeirra fundust fjögur kíló af sterku amfetamíni.

Halldóru hefur verið sleppt úr haldi en hún hefur haldið fram sakleysi sínu síðan málið kom upp.

Mikael Már er einnig í haldi vegna heimabankaránsins svokallaða. Þá voru peningar millifærðir. -mh

Engin merki um að Íslendingar óttist fuglaflensuna

Ástæðulaust er að hræðast fuglaflensuna þó hún sé farin að breiðast út í nágrannalöndum okkar. Bændur úti um allt land verða þó að huga betur að alifuglum sínum, segir sérfræðingur í sjúkdómum alifugla.

FUGLAFLENSA Engin ástæða er fyrir Íslendinga að hræðast hraða útbreiðslu fuglaflensunnar eins og mál standa nú.

Þetta segir Jarle Reiersen, sérfræðingur í sjúkdómum alifugla hjá Landbúnaðarstofnun. Hann telur þó að úrbóta sé þörf á aðstæðum alifugla á ýmsum bóndabæjum. „Það eru rúmlega fimm hundruð býli hér á landi sem eru með hænur, endur og jafnvel gæsir í sameiginlegri vist. Stóru alifuglabúin eru almennt í góðu ásigkomulagi og smitvarnir þar eru til fyrirmyndar. Það þarf því ekki að hafa miklar áhyggjur af því að fuglaflensan skjóti sér niður í stóru alifuglabýlunum hér á landi, ef aðstæður þar haldast í sama horfi. Það eru litlu býlin, þar sem farfuglar eiga auðvelt með að blandast hópum annarra alifugla, sem þurfa að bæta smitvarnirnar til að koma í veg fyrir að fuglaflensan blossi upp þar."

HELGI EYSTEINSSON Markaðs- og sölustjóri Úrvals-Útsýnar.

GUÐMUNDUR MARTEINSSON Framkvæmdastjóri Bónuss.

Svo virðist sem Íslendingar séu ekki farnir að hræðast fuglaflensuna mikið. Almenningur hefur ekkert minnkað kaup á alifuglakjöti og þá hafa skipuleggjendur sumarleyfisferða til landa þar sem fuglaflensa hefur komið upp, ekki orðið varir við hræðslu hjá fólki.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir greinilegt á fólki hér á landi að umræða um útbreiðslu fuglaflensunnar í Evrópu sé ekki farin að vekja upp ótta. „Við höfum ekki strangari reglur en yfirdýralæknir setur. Við erum auðvitað meðvitaðir um þá hættu sem er á ferðum. Settur hefur verið á starfshópur á vegum Haga, yfirfyrirtækis Bónuss, til þess að fara vandlega yfir þessi mál. En við finnum ekki fyrir því að neysluvenjur fólks séu að breytast vegna umræðu um fuglaflensuna."

Helgi Marteinsson, markaðsstjóri ferðaskrifstofunnar Úrvals Útsýnar, segir ekkert benda til þess að fuglaflensan sé farin að hafa áhrif á staðarval fólks þegar kemur að sumarleyfum. Úrval-Útsýn býður meðal annars upp á ferðir til Tyrklands en þar í landi greip um sig mikil hræðsla þegar fuglaflensutilfelli komu þar upp. „Við höfum ekki þurft að fella niður ferðir vegna fuglaflensunnar. Þvert á móti hefur sala á ferðum gengið vel. Svo virðist sem hræðsla hafi ekki gripið um sig enda engin ástæða til eins og mál standa nú. Það er vel fylgst með þessum málum hér á landi og við getum gripið fljótt til aðgerða ef yfirvöld í þeim löndum þar sem flensan greinist, og hér á landi, óska þess."

Rannsóknum á dauðu álftunum, sem fundust í fyrradag á eyjum í Eystrasalti sem tilheyra Danmörku, lýkur í dag en fastlega er búist við því að H5N1-veiran, sem veldur fuglaflensu, hafi valdið dauða þeirra. magnush@frettabladid.is

SVANIR Í KAUPMANNAHÖFN Nýjasta fuglaflensutilfellið fannst í Danmörku en niðurstöður úr rannsókn á dauðum álftum sem fundust á eyju í Eystrasaltinu verða gerðar opinberar í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Mikilvæg atriði er tengjast fuglaflensu og Íslandi

★ Líklegast er að fuglaflensa berist hingað til lands með álftum eða gæsum. Mikill meirihluti farfugla sem koma hingað til lands, kemur frá Bretlandseyjum. Fuglaflensan hefur ekki enn borist til Bretlands en líklegt má telja að hún greinist þar í næstu framtíð.

★ Áhættumat yfirvalda hér á landi miðast við farfugla sem koma frá Bretlandi. Um leið og fuglaflensan greinist þar munu stjórnvöld hér á landi bregðast við.

★ Alifuglabýli hér á landi eru vel útbúin og uppfylla öll þau öryggisskilyrði sem nauðsynlegt er fyrir þau að uppfylla. Það eru því litlar líkur á að fuglaflensan komist í alifuglabýli hér á landi, af því að fuglarnir eru hafðir innandyra allan ársins hring og eru undir ströngu eftirliti.

★ Lítill hluti íslenska álfta- og gæsastofnsins hefur vetursetu í Suður- og Vestur-Noregi. Líklegast er að smit berist þaðan, á meðan flensan kemur ekki upp í Bretlandi. Nýjustu fuglaflensutilfellin, í Þýskalandi og Danmörku, benda til þess að flensan breiðist út yfir norðanverða Evrópu með nokkrum hraða.

CHEVROLET
á morgun !

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

SKAPLEGRA VEÐUR
Jæja þá sér loks fyrir endann á þessu óveðri sem geisað hefur norðvestan og vestan til. Vindur verður orðinn skaplegur víðast þar sem hann blés kröftuglega, en þetta gerist einna hægast á Vestfjörðum. Helgin lofar góðu, einkum þó sunnudagurinn sem verður hægur með björtu veðri mjög víða, ef spár ganga eftir.

HÖFUÐBORGIN Í DAG
Norðaustan 5-8 m/s en bætir heldur í með kvöldinu. Yfirleitt bjart-viðri. Hiti 2-5 stig.

um hádegi »



» á morgun



Víðast fremur hægur vindur.

» sunnudagur



Hæg, breytileg átt.

Kaupmannahöfn	2°C	skúrir	París	9°C	skúrir	Alicante	19°C hálfskýjað
Osló	-4°C	alskýjað	Berlín	5°C	alskýjað	Mílano	11°C hálfskýjað
Stokkhólmur	-5°C	alskýjað	Frankfurt	6°C	skúrir	New York	12°C skúrir
Helsinki	-9°C	alskýjað	Madríd	13°C	hálfskýjað	San Francisco	12°C skúrir
London	10°C	léttskýjað	Barcelona	16°C	hálfskýjað	Orlando/Flórída	27°C hálfskýjað

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Dekraðu við konuna

p.s. piltar munið konudaginn á sunnudag!

NAUTALUND

1 kg. nautalund
1 stk. hvítlaukur, heill
200 g smjör
olía

Skerið hvítlaukinn þversum. Hreinsið nautalundina og brúnið í smjöri og smá olíu á pönnu, á háum hita. Gott að skera lundina í tvennt þannig að hún komist fyrir á pönnunni. Setjið hvítlauk á pönnuna og látið sárið snúa niður þannig að hámarks bragð fáist. Brúnið lundina í um 2 mín. á hverri hlið eða þar til hún er fallega brúnuð. Setjið inn í 150°C heitan ofn í 8 mín., þá á nautalundin að vera miðlungssteikt. Látið standa í 5-8 mín. fyrir framreiðslu.

Þú færð blómvöndinn hjá okkur!

Jarðaber í hjartalaga öskju
- munið konudaginn!

Orkuátakið heldur áfram!
- bókin fæst í Hagkaupum

Jói Fel eðal ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni

Gildir til 19. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Landsins mesta úrval kjötvöru

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

KJÖRKASSINN

Gafstu blóm í tilefni Valentínusardagsins?

Já	7,9%
Nei	92,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Óttastu að fuglaflensan berist hingað til lands?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Dæmi um að aldraðir bíði á bráðadeild að lokinni meðferð í meira en ár:

Eins og fangar á sjúkrahúsi

ALDRAÐIR Um níutíu aldraðir einstaklingar, sem lokið hafa meðferð, dvelja á bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss og komast hvergi vegna skorts á úrræðum til vistunar.

„Þetta fólk er eins og fangar inni á spítala," sagði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Samfylkingunni, á Alþingi í gær.

„Ég veit dæmi þess að þó nokkrir aldraðir hafa búið við þessar aðstæður í heilt ár og jafnvel lengur. Það er verið að ræna þetta fólk lífsgæðum á efri árum," sagði Ásta og spurði Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hvort ætlunin væri að bregðast við vandanum.

ÓFREMDARÁSTAND Um 90 aldraðir dvelja á bráðadeild Landspítalans og komast hvergi vegna húsnæðisskorts.

Jón sagði að umræddir sjúklingar byggju við erfiðustu aðstæðurnar þar sem bráðveikir gengju fyrir á þeim deildum auk þess sem annað gengi þar fyrir en að gera aðstæður heimilislegar. Hann sagði að 89 biðu vistar, þar af 62 á öldrunarsviði, 13 á lyflækningasviði, 8 á skurðlækningasviði, 2 á endurhæfingarsviði og 4 á öðrum sviðum. Fimm hafa beðið vistunar í meira en eitt ár sagði Jón.

Spurt var einnig hvort komið yrði til móts við sjúklinga sem þyrftu á súrefnisgjöf að halda með hærri daggjöldum.

Jón sagði að að þegar væri greitt fyrir súrefniskostnað og ekki stæði til að breyta því. - jh

Fullum bílstjórum hegnt:

Gert að spila mahjong

TAÍVAN, AP Taívanskir stútar hafa nú val um refsingu sína fyrir að aka undir áhrifum áfengis. Annað hvort greiða þeir sekt, eða þeir spila mahjong við eldri borgara.

Sífellt færist í aukana þar í landi að gefa minniháttar afbrotamönnum verkefni í þjónustu hins almenna borgara frekar en að senda þá í fangelsi eða láta þá sópa götur. Mahjong spilið hefur þegar kennt fjölmörgum stútum, innbrotsþjófum og þeim sem birt hafa myndir af nöktu fólki á netinu að sýna sér eldra fólki ást og umhyggju, að sögn Hsu Yi-ling sem starfar fyrir saksóknaraembættið í Norður-Taívan. - smk

Forsetakosningar á Haítí:

Préval lýstur sigurvegari

HAÍTÍ, AP Haítíbúar fögnuðu á götum úti í gær er út spurðist að Réne Préval, fyrrverandi forseti, sem nýtur mikilla vinsælda meðal hinna fátækustu í röðum eyjarskeggja, hefði verið lýstur sigurvegari forsetakosninganna sem fram fóru í síðustu viku.

RENE PRÉVAL

Kjörstjórn lýsti Préval sigurvegara, með 50,1 prósenta fylgi, um kl. 1.30 í fyrrinótt að staðartíma og afstýrði þar með frekari uppþotum þar sem stuðningsmenn Prévals voru farnir að láta ófriðlega og saka bráðabirgðastjórn landsins um að beita svikum til að hafa sigurinn af þeirra manni. - aa

HÉRAÐSDÓMUR

Dró sér fé Kona á fertugsaldri var fyrir skemmstu dæmd í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa dregið sér rúmlega fjórar milljónir króna sem þjónustufulltrúi í útibúi Íslandsbanka á Húsavík. Konan hefur endurgreitt upphæðina að fullu.

HÆSTIRÉTTUR

Dæmdur ósakhæfur Hæstiréttur staðfesti í gær dóm héraðsdóms yfir geðveikum manni sem ofsótti réttarlækni eftir að hann hafði gert erfðarannsóknir í faðernismáli sem maðurinn tengdist. Maðurinn var úrskurðaður ósakhæfur sökum geðveiki, en var gert að greiða lækninum 300 þúsund krónur í miskabætur.

LÖGREGLUFRÉTT

Tveir lentu utan vegar Tveir bílar óku út af Ólafsfjarðarvegi snemma í gærmorgun. Veður og skyggni var slæmt og misstu ökumennirnir í báðum tilvikum sjónar á veginum.

Rannsókn morðsins í algjörum forgangi

Lögreglan í El Salvador vinnur hörðum höndum að rannsókn morðsins á Jóni Þór Ólafssyni og Brendu Salinas Jovel. Hann var skotinn tólf skotum og hún sautján. Yfirlögregluþjónn telur atvinnumenn hafa verið að verki.

SAKAMÁL „Mín persónulega skoðun er sú að ekki hafi verið um götugengi að ræða heldur tel ég mun líklegra að þarna hafi atvinnumenn verið á ferð," segir Fuentes Real yfirlögregluþjónn í austurhluta El Salvador um morðið á Jóni Þór Ólafssyni og Brendu Salinas Jovel. „Ég get ekkert sagt um rannsóknina annað en það að hún er í fullum gangi og lögreglan hefur sett hana í algjöran forgang og nýtur aðstoðar sérsveitar lögreglunnar."

Í líkhúsi Instituto De Medicina Legal Doctor Roberto Masferrer þar sem líkin voru rannsökuð fengust þær upplýsingar að Jón hefði verið skotinn tólf skotum og Brenda sautján.

JÓN ÞÓR ÓLAFSSON

Einar Sveinsson, eiginmaður ræðismanns Íslands í El Salvador, hefur verið að aðstoða ættingja Jóns við að fá líkið heim en hann vill ekki geta sér til um hvenær það mál verði í höfn. Hann hefur einnig verið í sambandi við lögregluyfirvöld þar í landi vegna þessa máls, en það var Einar sem bar kennsl á Jón í líkhúsinu á mánudag.

Violeta Polanco, upplýsingafulltrúi lögreglunnar, segir að í síðasta mánuði hafi 317 morð verið framin í landinu og talið er að 60 til 70 prósent af þeim séu framin af götugengjum eða einhverjum tengdum þeim. Ekki hafði Polanco tölur um það hversu mörg mál lögreglan hafði leyst.

Á síðasta ári voru 180 manns handteknir fyrir morð sem er aðeins brot af þeim morðum sem framin eru, en þó ber þess að minnast að oft hefur sami maðurinn mörg morð á samviskunni. Real segir að hverfið Zona Rosa þar sem Jóni Þór og Brendu var rænt sé mjög hættulegt hverfi og hann undrast að þau skyldu hafa verið þar að næturlagi.

Í dagblaðinu La Prensa Gráfica segir frá nýlegri könnun sem gerð var í El Salvador en samkvæmt henni telja um 40 prósent landsmanna að stærsta vandamál landsins sé óöryggi sem fólk finnur fyrir vegna ofbeldis sem þar viðgengst en álíka margir nefna efnahagsástandið.

Ekki náðist samband við utanríkisráðherra Íslands vegna málsins.

jse@frettabladid.is

Biður Íslendinga um hjálp

„Við höfum ekki hugmynd um það hverjir voru þarna að verki," segir Blanca Nuries Jovel de Martinez, móðir Brendu Salinas Jovel, sem fannst látin ásamt Jóni Þór Ólafssyni í El Salvador. „Hér er mikið um ofbeldisverk en þó ekki jafn hryllileg og þetta. Svo hafa fjölmiðlar tekið þessa umfjöllun af dagskrá síðustu daga og ég veit ekki af hverju en það lítur jafnvel þannig út að einhverjir hagsmunir spili þarna inn í. Hann vann jú fyrir fyrirtæki sem er að gera mjög mikilvæga hluti fyrir landið okkar."

Hún segir að Brenda hafi verið ekkja en maður hennar var myrtur árið 2000. „Ég á tvær aðrar dætur og tvo drengi en svo átti Brenda tvö börn tíu og sex ára. Nú þegar maður horfir upp á það að fólk sem á svo glæsta framtíð er tekið af lífi vil ég óska eftir því að Ísland og í raun allar þjóðir heimsins komi okkur í til hjálpar hér í El Salvador því við búum við ástand sem er óviðunandi og enginn virðist ráða við."

Fjölskylda Brendu rekur öryggis- og leyniþjónustufyrirtæki. Brenda starfaði hjá fyrirtækinu. Hyggst fjölskyldan rannsaka málið upp á eigin spýtur. Hún telur líklegt að leigumorðingjar hafi unnið ódæðisverkið en ekki hin illræmdu götugengi. „Þeir báðu ekki um peninga eða neitt og þeir hafa ekki haft í frammi hótanir við okkur. Þau voru einu sinni áður tekin í gíslingu í hverfinu þar sem þeim var rænt nú um helgina. Í það skiptið voru peningarnir teknir af þeim og þeim svo sleppt," segir hún að lokum.

FRÁ VETTVANGI Þessi mynd var tekin á vettvangi. Nú er rannsókn í fullum gangi og er sérsveit lögreglunnar að vinna að henni ásamt lögreglu.

Íraska ríkisstjórnin hrindir af stað rannsókn innan lögreglu landsins:

Tilvist vígasveitar könnuð

ÍRAK, AP Innanríkisráðuneyti Íraks kannar nú hvort íraska lögreglan hafi gert út vígasveitir, að sögn yfirmanns innan ráðuneytisins í gær.

Tilkynnt var um rannsóknina eftir að 12 lík fundust á þremur mismunandi stöðum í sjíahverfi Bagdadborgar en ummerki bentu til þess að vígasveit hefði skotið mennina og losað sig svo við líkin. Hussein Kamal, aðstoðarinnanríkisráðherra Íraks, sagði að ákvörðunin um rannsóknina hefði verið tekin eftir að bandarískir hermenn handtóku 22 menn í lögreglubúningum með súnní araba nokkurn sem þeir ætluðu að svipta lífi í síðasta mánuði. Bandarískir hermenn hafa fundið sannanir á því að mennirnir í vígasveitinni séu meðlimir vegalögreglu innanríkisráðuneytis Íraks, er haft eftir yfirmanni innan bandaríska hersins á fréttasíðu bandaríska blaðsins the Chicago Tribune í gær.

LÖGREGLUMAÐUR Íraskur lögreglumaður fer yfir vopnabirgðir flotans. NORDICPHOTOS/AFP

Lík súnní araba, með bundið fyrir augu þeirra, kefluð og skotin í höfuðið, hafa verið að finnast mánuðum saman í Bagdad. Leiðtogar súnní araba segja síja-múslíma í lögreglu- eða herbúningum bera ábyrgð á þeim, og fagna súnní arabar rannsókninni. - smk

Þúsundföld ánægja

Um þessar mundir gleðjast þúsundir Íslendinga yfir þeim ávinningi sem aðild að Vexti færði þeim á síðastliðnu ári í formi endurgreiðslna og afsláttar.

Ef þú ert ekki í Vexti bendum við þér á að kynna þér þjónustuna og ávinninginn sem í henni felst á voxtur.is, hjá þjónustuveri KB banka í síma 444 7000 eða þjónustuveri VÍS í síma 560 5000.

Hafðu samband og komdu í hóp ánægðra félaga í Vexti!

FJÁRMÁL OG TRYGGINGAR VÍS KB BANKI www.voxtur.is

Þúsundir ánægðra viðskiptavina fá endurgreiðslur og afslátt. Skráðu þig á voxtur.is og slástu í hópinn!

VÖXTUR

– þú færð meira

ENNEMM / SÍA / NM13970

VEISTU SVARIÐ

1 *Hversu margir hafa greinst með alnæmissmit hér á landi?*

2 *Í hvaða sæti lenti Dagný Linda Pétursdóttir í bruni á ólympíuleikunum?*

3 *Hvað heitir varnarmálaráðherra Rússlands?*

SVÖR Á BLS. 50

Sunnlenskir kúabændur vilja gera tilraun með kynbætur á íslenskum kúm:

Kúabændur vilja fósturvísa

LANDBÚNAÐUR „Það er ekkert í hendi þó að farið yrði út í þetta," segir Hákon Sigurgrímsson, skrifstofustjóri í landbúnaðarráðuneytinu, um áskorun sunnlenskra bænda þess efnis að sótt verði um heimild til að flytja inn fósturvísa úr erlendu kúakyni. Hákon kvað málið ekki hafa borist til ráðuneytisins.

„En ef svona umsókn berst vænti ég þess að hún verði send yfirdýralækni og dýralæknaráði til umsagnar. Ég vil minna á umsókn um tilraun af þessu tagi sem gefið var leyfi fyrir fyrir nokkrum árum. Sú tilraun átti að taka sjö ár," segir Hákon, sem minnir á að kúabændur hefðu þá í almennri atkvæðagreiðslu kolfellt það að tilraunin yrði gerð.

FÓSTURVÍSAR Sunnlenskir bændur vilja flytja inn fósturvísa sem nýttir verða í tilraun með kynbætur á íslenskum kúm.

Ofangreind tillaga var samþykkt með meirihluta atkvæða á aðalfundi Félags kúabænda á Suðurlandi, sem haldinn var nýverið. 23 studdu tillöguna en tíu voru á móti. Þar var því beint til Landssambands kúabænda að sækja um heimild til að flytja inn fósturvísa úr erlendu kúakyni til að gera tilraun með kynbætur á íslenskum kúm. Í greinargerð segir að íslenskir kúabændur séu að verða eftirbátar nágrannaþjóða okkar með kúakyn.

Ekki náðist í Guðna Ágústsson landbúnaðarráðherra sem staddur er erlendis. - jss

Múhameðsteikningafárið:

Danir óttast hryðjuverk

DANMÖRK Tveir af hverjum þremur Dönum óttast að hryðjuverk muni muni verða framin í landinu fyrr en síðar. Þetta er niðurstaða nýrrar skoðanakönnunar sem greint var frá á fréttavef Politiken í gær.

Mestur er óttinn meðal kjósenda Danska þjóðarflokksins. En níu af tíu kjósendum flokksins telja að öfgasinnaðir múslimar muni láta til skarar skríða í Danmörku. Lene Espersen, dómsmálaráðherra Danmerkur, segist ekki geta útilokað að hryðjuverk muni eiga sér stað. Einkum ekki eftir hin ofsafengnu mótmæli vegna Múhameðsteikninganna. ■

Hluthafafundur Dagsbrúnar hf.

Stjórn Dagsbrúnar hf. boðar hér með til aðalfundar sem haldinn verður föstudaginn 17. febrúar 2006 kl. 16:00 að Hótel Nordica í Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirtalin mál:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Tillaga stjórnar um að hluthafar falli frá forkaupsrétti á nýjum hlutum.
3. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin bréfum.
4. Kosning stjórnar og endurskoðenda.
5. Önnur mál.

Dagskrá og fundargögn verða hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, Síðumúla 28, Reykjavík, viku fyrir fundinn.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað.

Stjórn Dagsbrúnar hf.

www.db.is

DAGSBRÚN

TRYGGINGASTOFNUN Sérfræðingar segja mismunun ríkja í notendagjöldum sjúkratryggingaþar sem sumir greiði meira en aðrir.

Fólki er ekki mismunað

Heilbrigðisráðherra bregst hart við skýrslu sérfræðinga Tryggingastofnunar. Þar fullyrða þeir að einstaklingum hér á landi sé mismunað með misháum notendagjöldum í sjúkratryggingum.

HEILBRIGÐISMÁL Nýleg skýrsla yfirstjórnar og sérfræðinga sjúkratryggingasviðs Tryggingastofnunar um notendagjöld í sjúkratryggingum hér á landi er „nokkuð stórorð" og í henni „stífar fullyrðingar" sem sumar ber að taka með miklum fyrirvara. Þetta segir Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra.

Skýrsluhöfundar fullyrða að einstaklingum sé mismunað með misháum notendagjöldum í sjúkratryggingum til dæmis eftir aldri, heilsu, sjúkdómum og tekjum. Í skýrslunni segir enn fremur að hér á landi séu notendagjöld almennt ákvörðuð með reglugerðum sem settar séu af stjórnvöldum. Þau séu afar mismunandi eftir málaflokkum sjúkratryggginga. Skýrsluhöfundar segja að þar virðist bæði skorta samræmingu og heildaryfirsýn.

Hvað varðar mismununina telja þeir skýringuna felast að einhverju leyti í því að aðgengi einstaklinga og þrýstihópa að stjórnvöldum sé mismunandi. Einstaklingar í litlum og veikburða hópum, svo sem sjúklingar með sjaldgæfa sjúkdóma, hafi augljóslega minni möguleika til að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda heldur en sjúklingar í sterkum hópum eða áhrifastöðum. Skýrsluhöfundar benda á að augljóst réttlætismál sé að samræmt afsláttarkort gildi fyrir alla málaflokka sjúkratryggginga. Með því yrði meginreglan sú, að því veikari sem einstaklingurinn sé því meiri greiðsluþátttöku fái hann frá sjúkratryggingum. Einnig telja skýrsluhöfundar að ekki eigi að miða afsláttarkortið við almanaksár eins og nú er gert, heldur verði það hlaupandi á 12 mánaða tímabili.

HEILBRIGÐISRÁÐHERRA Lætur vinna sum atriði skýrslunnar nánar.

„Ég hef átt fund með Tryggingastofnun um þessa skýrslu, þar sem ég beindi því í þann farveg að farið yrði nánar yfir hana," segir ráðherra. „Ég vil hafa þann fyrirvara á skýrslunni stærstan að notendagjöld eru mishá. Það er víðs fjarri að mismunun felist í því, þar sem við höfum lægri gjöld fyrir aldraða, öryrkja og börn. Það er vísvitandi vegna þess að við erum að styðja þá sem hafa lægri tekjur eða standa verr að vígi í samfélaginu."

Ráðherra kvaðst hafa beðið um að ákveðin atriði yrðu athuguð, þar á meðal mismunandi gjöld eftir því um hvaða sjúkdóma væri að ræða og hins vegar að gildistími afsláttarkorta væri miðaður við almanaksárið. jss@frettabladid.is

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006. Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com

rifka
cosmetics
Varalitur
2 fyrir 1
DEBENHAMS
SMÁRALIND

PRJÓNUÐ HÁTÍSKA Sýningarstúlka skartar prjónuðu háls- og höfuðskarti eftir fatahönnuðina Antoni & Alison á tískuvikunni í Lundúnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félag tónlistarnema leggur fram stjórnsýslukæru gegn sveitarfélögum:

Notaðir sem vopn gegn ríkinu

SKÓLAMÁL „Deilur sveitarfélaga og ríkis eiga ekki að koma niður á tónlistarnemum," segir Böðvar Reynisson, formaður Félags tónlistarnema. Félagið hefur lagt fram stjórnsýslukæru gegn Reykjavíkurborg og Sambandi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Í tilkynningu frá félaginu segir að nýjar reglur menntaráðs Reykjavíkur og sveitarfélaganna um að hætta að greiða með nemum sem hafa náð 25 ára aldri brjóti gegn lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskólana, jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og meðalhófsreglu stjórnsýslulaganna. Samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla eiga sveitarfélög að greiða launakostnað kennara og sérstaklega er kveðið á um að skólagjöld eigi að standa undir öðrum kostnaði en launakostnaði kennara og skólastjóra.

Sveitarfélögin hafa síðan 2003 átt í viðræðum við ríkið um að það taki á sig fjárhagslegan þátt tónlistarskólanna en lítið komið út úr þeim viðræðum. Á opnum fundi sem Félag tónlistarnema hélt í lok janúar kom skýrt fram í svörum fulltrúa borgarinnar að verið væri að nota tónlistarnema sem vopn gegn ríkinu, að sögn Böðvars. - sdg

BÖÐVAR REYNISSON Formaður Félags tónlistarnema er ósáttur við það hvernig komið er fram við tónlistarnema.

Tónlistarnemum mismunað:

Vill jafnrétti til tónlistarnáms

SKÓLAMÁL Guðný Birna Ármannsdóttir söngnemi segir sveitarfélög á villigötum í nýjum reglum um tónlistarskóla og að ekki sé hægt að bera saman sérhæft tónlistarnám við nám á grunnskóla-, framhaldsskóla-, og háskólastigi.

Fólk hefji nám á öllum aldri en með þessum reglum sé gert ráð fyrir að tónlistarnám eigi að hefjast á grunnskólaaldri.

Guðný tekur dæmi um söngvara sem hefur söngrödd en ekki endilega náð nægum þroska á grunnskólaaldri. Hún segir afar mikilvægt að losna við þessa tengingu. - sdg

Formaður menntaráðs:

Tónlistarnám á könnu ríkis

SKÓLAMÁL Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs Reykjavíkur, segir eðlilegt að ríkið hafi tónlistarnám fólks á framhaldsskóla- og háskólaaldri á sinni könnu.

STEFÁN JÓN HAFSTEIN

Stefán segir þessar umdeildu reglur hugsaðar sem lausn á millibilsástandi sem menntamálaráðuneytið eigi sök á þar sem ekki hafi enn borist frumvarp um rekstur tónlistarskóla sem þó hafi átt að koma vorið 2005. Hann bendir jafnframt á að Reykjavík sé með meiri tilslakanir í nýjum reglum um tónlistarskóla heldur en hin nágrannasveitarfélögin. - sdg

Jafnréttissinnar með tillögur um stjórnarskrá:

Krefjast breytinga

STJÓRNARSKRÁ Sameinaðar kvennahreyfingar lögðu fram tillögur um breytingar á stjórnarskrá í vikunni. Birna Þórarinsdóttir, framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi, sagði þrjár megintillögur hafa staðið upp úr við vinnuna: Að tryggja jafna þátttöku kynja við stjórnun landsins, skýr skylda stjórnvalda að tryggja jafnrétti og afnema mismunun og að einstaklingar njóti mannhelgi og njóti verndar gegn ofbeldi, á opinberum vettvangi sem í einkalífinu.

BIRNA ÞÓRARINSDÓTTIR Vonast eftir góðum stuðningi við tillögurnar.

Hreyfingarnar tóku sig saman þegar ljóst var að endurskoðun stjórnarskrárinnar yrði opið ferli. Boðað var til kvennaþings þar sem hugmyndir voru mótaðar og hafa mjög margir komið að vinnunni. Kvennasáttmáli Sameinuðu þjóðanna liggur til grundvallar öllum tillögunum.

Næst á dagskrá er að fá fund með stjórnarskrárnefnd þar sem fulltrúar hópsins munu kynna skýrsluna. Birna segir að ákveðinnar tregðu hafi gætt hjá nefndinni við að yfirfara mannréttindakaflann. Því er borið við að hann hafi verið uppfærður fyrir tíu árum og breytingar því ótímabærar. Svona tímatakmarkanir eru óeðlilegar við endurskoðun að mati Birnu. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu UNIFEM www.unifem.is - sdg

BJÖRN BJARNASON DÓMSMÁLARÁÐHERRA Að mati ráðherra er ekki lífsnauðsynlegt að taka upp þá reglu sem Svíar hafa tekið upp til að sporna gegn götuvændi og mansali. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ósáttur við tafir nefndar

Dómsmálaráðherra bregst hart við gagnrýni stjórnarandstæðinga á frumvarpsdrög um vændi og kynferðisofbeldi. Hann óskar eftir skýrslu um tafir á störfum starfshóps sem fjallað hefur um málið.

STJÓRNMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að skýrsla starfshóps þingmanna og fleiri, sem fjallað hefur um vændi, verði framlag til umræðna um frumvarpsdrögin um kynferðisbrot og vændi. „Nefndin hefur tekið sér þann tíma, sem hún hefur kosið til að vinna sitt starf og vonandi skilar hún skýrslu sinni, áður en ég tek afstöðu til þess frumvarps, sem Ragnheiður Bragadóttir prófessor vann."

Stjórnarandstæðingar hafa gagnrýnt harðlega að dómsmálaráðherra hafi lagt frumvarpsdrögin fram á undan skýrslu starfshópsins sem skilar tillögum sínum á næstu dögum. Bæði Kolbrún Halldórsdóttir og Ágúst Ólafur Ágústsson lýstu þeirri skoðun í Fréttablaðinu í gær að það hefði lítinn tilgang að vinna með dómsmálaráðherra.

Í starfshópnum hefur verið meirihluti fyrir því að fara sænsku leiðina svonefndu og gera kaup á vændi refsivert. Sjálfstæðismenn hafa ekki viljað fara þá leið.

Björn segir með öllu tilhæfulaust að hann hafi á nokkurn hátt tafið störf starfshópsins. „Vegna þessara ummæla þingmannanna mun ég óska eftir sérstakri skýrslu um það, hvers vegna nefndin var svona lengi að ljúka starfi sínu og hvenær þessir þingmenn lögðu síðasta efni til skýrslunnar. Yfirlýsingar þeirra Kolbrúnar Halldórsdóttur og Ágústs Ólafs Ágústssonar staðfesta þá skoðun, að tvíbent sé að skipa stjórnarandstæðinga í nefndir á vegum ráðuneyta, því að slíkt leiði því miður gjarnan til þess, að hætt sé að ræða efni máls og tekið til við umræður um aukaatriði, sem engu skipta."

Björn segir að þegar rætt sé um úrræði vegna vændis sjái hann ekki að lífsnauðsynlegt sé að taka upp þá reglu sem tekin hafi verið upp í Svíþjóð til þess að sporna gegn götuvændi og mansali. „Er glímt við mansal og götuvændi hér á landi? Ég veit ekki til þess; hvers vegna þurfum við þá innfluttar lagareglur, sem eru sérsniðnar til slíkrar glímu? Mér virðist sem þau Kolbrún og Ágúst Ólafur séu föst í þessari sænsku leið," segir dómsmálaráðherra.

johannh@frettabladid.is

Þingmaður Samfylkingar ósáttur við fyrningarákvæði:

Hefði átt að fara alla leið

STJÓRNMÁL Ágúst Ólafur Ágústsson, Samfylkingunni, segir það valda vonbrigðum að ekki sé farin leiðin til enda í frumvarpsdrögum dómsmálaráðherra og fyrning kynferðisbrota gegn börnum afnumin.

„Í rauninni er aðeins verið að lengja fyrningarfrestinn um fjögur ár. Það býður heim þeirri hættu að menn verði áfram sýknaðir á grundvelli þess að brot sé fyrnt þótt sekt sé sönnuð. Um 16 þúsund nöfn eru nú á undirskriftalista þeirra sem vilja afnema fyrninguna," segir Ágúst.

Ágúst Ólafur hefur sjálfur lagt fram frumvarp um afnám fyrningar kynferðisglæpa gegn börnum. - jh

NISSAN
MICRA
NISSAN
SKIPT_um væntingar

RISASTÓR!
... með fría sjálfskiptingu
100.000 kr. verðlækkun
í febrúar og öryggisins vegna fylgja vetrardekk á felgum með!

Micra
Verð 1.390.000 kr.
Með nagladekkjum, sjálfskiptur, 6 diska geislaspilari, lyklalaus, sjálfvirkar rúðuþurrkur.

Álfelgur á mynd eru aukahlutur

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00

Verðdæmi

sem bragð er að...

Sumarið á Sunny Beach í Búlgaríu bregst ekki!

Bókaðu á heimasíðunni www.apollo.is

TILBOÐ 1

Bókaðu núna!

Flugfargjald til Búlgaríu 29. ágúst í 1 viku með öllum sköttum en án ferða til/frá flugvelli ytra.

29.900 kr.
með öllum sköttum

TILBOÐ 2

Bókaðu núna!

Meðalverð á mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu, þar af 2 börn 2ja-11 ára, í viku 29. ágúst í stúdíóí á Central. Ferðir til/frá flugvelli ytra og allir flugvallarskattar innifaldir.

31.800 kr.
á mann með öllum sköttum

TILBOÐ 3

Bókaðu núna!

Meðalverð á mann m.v. fjögurra manna fjölskyldu, þar af 2 börn 2ja-11 ára, í viku 13. júní í stúdíóí á Central. Ferðir til/frá flugvelli ytra og allir flugvallarskattar innifaldir.

34.900 kr.
á mann með öllum sköttum

Íslenskir sólarfarar hafa tekið boðskap okkar fagnandi og ekki síst vegna ótrúlegra verða sem sannarlega standa undir væntingum.

Verðdæmin segja alla sólarsöguna.

VISA

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

...og svo eru Barnaverðin!

Brottfarir	23.-30. maí 28. ág.-12. sept.	6.-29. júní 8.-22. ágúst	4.júlí-1.ágúst
1 vika	19.900 kr.	22.900 kr.	27.900 kr.
2 vikur	24.900 kr.	27.900 kr.	32.900 kr.
3 vikur	29.900 kr.	32.900 kr.	37.900 kr.

*Barnaverðið gildir á fyrirfram ákveðnum stöðum. Sjá nánar á www.apollo.is Barnaverðið gildir ef börnin eru á sömu bókun og a.m.k. 2 fullorðnir sem greiða skv. verðlista og búa í sömu vistarveru. Ef bókað er á söluskrifstofunni bætist við 2.500 kr. bókunargjald á mann. Kynningarafsláttur nær ekki til Barnaverðanna.

LANGferðir

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

apollo

www.apollo.is • 5 100 300

Ákveðið að auglýsa Kópavogshæli til sölu:

Mikill áhugi á hælinu

BÆJARMÁL „Við höfum orðið varir við mikinn áhuga bæði félagasamtaka og einstaklinga sem lýst hafa áhuga á kaupum á eigninni og það viljum við skoða," segir Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs.

Samþykkt hefur verið í bæjarstjórn að auglýsa Kópavogshæli til sölu þrátt fyrir mótbárur minnihlutans. Er mat þeirra að eignin sé menningarlegur arfur og bundin sögu bæjarins en Gunnar ítrekar að ekki sé verið að selja eignina heldur eingöngu kanna hversu mikill áhugi sé fyrir kaupum og að það verði haft að leiðarljósi hvaða hlutverki eignin eigi að gegna hjá áhugasömum kaupendum.

GUNNAR BIRGISSON

„Það er úr vöndu að ráða vegna þess að gera þarf eignina upp og það kostar töluverða fjármuni og eignin er bænum dýr. En ég ítreka að ekkert verður aðhafst hvað sölu varðar og hún verður ekki seld nema að vel athuguðu máli. Persónulega treysti ég einkaaðilum nógu vel til að fara með og reka slíkt mannvirki eins og bænum."

- aöe

FANGI BANDARÍKJAHERS Fangi í fangelsinu við Guantanamoflóa á Kúbu í fylgd bandarískra varða. Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna segir að loka beri fangelsinu þegar í stað og að færa alla fanga þess fyrir dómstóla, ellegar sleppa þeim úr haldi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ber að loka fangelsinu

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna segir að loka eigi tafarlaust fangabúðunum í Guantanamo á Kúbu. Hart er nú deilt á Bandaríkjaher vegna meintra pyntinga þar og í Abu Ghraib í Írak.

GENF, ÍRAK, AP Bandaríkjunum ber að færa alla fanga í Guantanamo-fangabúðunum fyrir rétt eða sleppa þeim ella, og ætti að banna alla þá meðferð á föngum sem flokkast sem pyntingar, segir í skýrslu Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem birt var í gær. Ennfremur ætti Bandaríkjastjórn að láta loka fangabúðunum tafarlaust.

Fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá stofnunum SÞ í Genf svaraði því til að nefndarmenn hefðu lítið kannað þau gögn sem Bandaríkjastjórn lagði fram, og hefðu þar að auki ekki heimsótt fangelsið. Síðan rannsóknin hófst árið 2002, fóru sérfræðingarnir ítrekað fram á heimsókn og var loks boðið í fyrra, en afþökkuðu þegar ljóst varð að þeim yrði ekki heimilaður aðgangur að föngunum.

Um 490 manns dúsa nú í fangelsinu í herstöð Bandaríkjahers við Guantanamoflóa á Kúbu, þó einungis um tugur þeirra hafi verið formlega ákærður síðan fangelsið var tekið í notkun árið 2001. Mennirnir eru grunaðir um að vera liðsmenn al-Kaída-hryðjuverkasamtakanna eða talibanastjórnarinnar fyrrverandi í Afganistan. Bandaríska varnarmálaráðuneytið hefur viðurkennt misþyrmingar á föngum í fangelsinu í 10 tilvikum.

Skýrslan var gerð opinber degi eftir að SBS-sjónvarpsstöðin í Ástralíu sýndi myndir sem sagðar eru vera úr Abu Ghraib-fangelsinu sem Bandaríkjaher rekur í Írak. Myndirnar eru sagðar vera frá árinu 2003 og eru öllu hrottafengnari en þær sem áður hafa verið birtar úr því fangelsi og sem urðu til þess að níu lágt settir hermenn voru gerðir brottrækir úr hernum eða fangelsaðir í allt að 10 ár fyrir illa meðferð á föngum.

Forsætisráðherra Íraks og pakistanska ríkisstjórnin hafa fordæmt myndirnar, en talsmenn Bandaríkjastjórnar hafa sagt það ábyrgðarlaust af hendi forráðamanna sjónvarpsstöðvarinnar að birta þær þegar meintum gerendum hefur þegar verið hegnt. Jafnframt hafa þeir viðurkennt að myndirnar hafi verið hluti af sönnunargögnum í málsmeðferð gegn nokkrum bandarískum hermönnum.

Stjórnendur sjónvarpsstöðvarinnar ásaka Bandaríkjastjórn hins vegar um að hafa reynt að hylma yfir hversu hrottafengin meðferðin á föngunum var og segja myndirnar nauðsynlegar svo heimurinn átti sig á því sem raunverulega gerðist í fangelsinu. Jafnframt bæri bandarískum yfirvöldum að opna málið á ný.

smk@frettabladid.is

Hátíðahöld í Norður-Kóreu, en fátækt og alþjóðadeilur skyggja á gleðina:

Afmælisveisla leiðtogans Kim Jong Il

SUÐUR-KÓREA, AP Leiðtogi Norður-Kóreu, Kim Jong Il, varð 64 ára í gær og því mikið um hátíðahöld, tónleika og sýningar í kommúnistaríkinu, á sama tíma og spennan vex vegna kjarnorkuáætlunar landsins.

Þetta er einn mesti hátíðisdagur landsins, en alþjóðadeilur um kjarnorkuáætlun þess og refsiaðgerðir Bandaríkjanna setja mark sitt á hann.

Ríkisstjórnin og yfirmenn hersins hafa hvatt almenning til að sýna leiðtoganum stuðning í baráttunni gegn Bandaríkjunum. Í fyrra ákvað Bandaríkjastjórn að beita landið viðskiptaþvingunum og ásakaði norðurkóreskan banka og fyrirtæki um peningaþvætti, peningafölsun og vopnaframleiðslu. Norður-Kórea hefur ítrekað neitað þessum ásökunum. Jafnframt eru Bandaríkin eitt ríkjanna fimm sem eiga í viðræðum við Norður-Kóreustjórn um kjarnorkuáætlun landsins, en ríkisrekin fréttastofa sagði þingmann nýverið hafa lýst því yfir að ekkert yrði frekar úr þeim viðræðum breyti Bandaríkin ekki stefnu sinni.

Kim tók við völdum sem leiðtogi landsins eftir föður sinn, Kim Il Sung, en sjálfur hefur hann enn ekki útnefnt arftaka sinn. **- smk**

FJÖLDAFAGNAÐUR Mynd frá hátíðahöldum í Pyongyang í tilefni af afmæli leiðtogans árið 2003. NORDICPHOTOS/AFP

RINGGO URRAR Súmötru-tígurinn Ringgo, sem er ættaður frá Súmötru, berar tennurnar í dýragarði í Jakarta. Verð á tígrisdýrabeinum, sem er mjög eftirsótt sem lækningameðal í Austur-Asíu, hefur margfaldast vegna fækkunar dýranna og bættrar verndunar þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BÍLASALA Jókst um rúm 40 prósent milli áranna 2004 og 2005..

Bílasala í Vestur-Evrópu:

Mestur vöxtur á Íslandi

VERSLUN Hlutfallslega mestur vöxtur í sölu nýrra bifreiða varð á Íslandi milli áranna 2004 og 2005 samkvæmt tölum frá erlendum samtökum sem utan um slíkar upplýsingar halda.

Sala nýrra bifreiða hérlendis jókst það ár um rúm 40 prósent, heilum 20 prósentum meira en í Danmörku sem kom næst. Sé litið til síðasta árs jókst sala á öllum helstu markaðssvæðum Evrópu þó að heildarsala hafi verið örlítið minni en árið 2004. Bifreiðir af Volkswagen-tegund seldust mest en Renault kom þar skammt á eftir. **- aöe**

GENGIÐ FRÁ SAMNINGNUM Jón Hjaltason og Kristján Þór Júlíusson ganga frá samningi um ritun fimmta bindis af Sögu Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Samningur undirritaður:

Sagan til ársins 1962 skráð

SÖGURITUN Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, og Jón Hjaltason sagnfræðingur skrifuðu í vikunni undir samning um ritun fimmta bindis af Sögu Akureyrar en Jón er einnig höfundur fyrri bóka í ritröðinni.

Efnistök fimmta bindisins miðast við árabilið frá 1940 til 1962 og er stefnt á að bókin komi út árið 2010.

Jón segir að við ritun fyrri binda af Sögu Akureyrar hafi hann einkum notast við skrifaðar heimildir. Fimmta bindið verði hins vegar að megni til um Akureyringa sem enn eru á lífi og því muni hann taka viðtöl við fjölda fólks. **- kk**

BANDARÍKIN

Cheney ábyrgur Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, hefur viðurkennt að hann beri fulla ábyrgð á óhappinu sem varð í veiðiferð hans og félaga hans, milljarðamæringsins Harrys Whittington, um síðustu helgi. Cheney skaut á Whittington, svo höglin lentu í andliti hans, hálsi og bringu.

Ljúffengu dönsku kjúklingabringurnar eru komnar aftur!

Júróvisjón gleði

Frosnu dönsku kjúklingabringurnar

DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g

1459 KR.

900g poki

EKKERT BRUÐL

FROSINN LAMBABÓGUR

599 KR./kg

...fyrir góðan dag!

Allt fyrir stuðið!

Frosinn KS lambabógur

Ferskar svínakótelettur

EKKERT BRUÐL

FERSKAR FRÁ ALI

979 KR./kg

30% AFSL. VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1398 KR.

KÍLÓBRAUÐ

89 KR.

BÓNUS KORN

EKKERT BRUÐL

30% afsláttur við kassann

GOÐASKINKA

699 KR./kg

BÓNUS HANGIÁLEGG

1749 KR./kg

MERKT VERÐ 2499 KR.

EGILS GULL

59 KR.

500 ml

Nú er 20% lægra verð á tilboðsmerktum osti!

EKKERT BRUÐL

SKÓLA OSTUR

OSTA OG SMJÖRSALAN S.F.
20% AFSLÁTTUR

KÍLÓ brauð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

og gaman!

KJARNAFÆÐI

FROSINN HRYGGUR
999 kg KR.
FRÁ KJARNAFÆÐI

LAMBALÆRI VILLIBRÁÐARKRYDDAÐ
1189 kg KR.
MERKT VERÐ 1699 KR.

30% afsláttur
við kassann

LÍFRÆNT RÆKTAÐA
NEWMAN'S OWN SALATIÐ
FÆST NÚ Í BÓNUS
Í 142g BOXUM!

Lífræn ræktun!

LÍFRÆNT SALAT
289 KR.
142g

Nýtt kortatímabil!

MJÓLKUFETI
195 KR.
200g

MJÓLKUFETI 200g

PARMESAN OSTUR
499 KR.
200g

PARMESAN OSTUR 200g

20 GOÐAPYLSUR
OG BARNAMYND
799 KR.

2+1 FRESCHETTUR
599 KR.
1200g

2x 10 PYLSUR
OG DVD MYND
799 KR.
PYLSUTILBOÐIÐ

BÓNUS

Alls 1.2 kíló af pitsum! www.bonus.is

„ORÐRÉTT“

Hvað er eiginlega í kvöldmat hjá þér?

„Bara ein ferð í Bónus, þar sem ég kaupi það sem ég þarf á strákinn og kvöldmat fyrir mig, kostar tíu til fimmtán þúsund.“

GUÐRÚN ÁRNÝ KARLSDÓTTIR SÖNGKONA UM KAUPHEGÐAN SÍNA. FRÉTTABLAÐIÐ.

Sannir frumkvöðlar

„Við felldum marga múra, ég get kvittað undir það að dagskrárgerð í sjónvarpi væri ekki eins og hún er í dag ef við hefðum ekki þurft að fara í gegnum eld og brennistein með okkar þátt.“

SIGURÐUR HLÖÐVERSSON SEM STÝRÐI MEÐ HAUSVERK UM HELGAR ÁSAMT VALGEIRI MAGNÚSSYNI. MORGUNBLAÐIÐ.

nær og fjær

tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? GUÐNÝ HRUND KARLSDÓTTIR SVEITARSTJÓRI Á RAUFARHÖFN:

Metaðsókn á frábært þorrablót

„Hér er nýbúið að halda frábært þorrablót, þar sem var metmæting,“ segir Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri á Raufarhöfn, sem lætur vel af mannlífinu þar. Hún segir þorrablótsnefnd starfa í þegnskylduvinnu hverju sinni. Kosið sé í slíka nefnd á hverju ári og síðan sé það hennar að sjá gestunum fyrir skemmtiatriðum.

„Fólk þarf að semja tveggja tíma skemmtidagskrá, að minnsta kosti, þar sem gert er grín að bæjarbúum á góðlátlegan hátt. Það tókst afar vel núna,“ segir Guðný Hrund. Hvað aðra þætti bæjarlífsins varðar segir hún að starf íþróttafélagsins Austra sé mjög öflugt um þessar mundir. Þá sé íþróttahúsið opið þeim sem vilja á opnunartíma sundlaugarinnar á Raufarhöfn. Börn og unglingar notfæri sér þá aðstöðu mjög mikið og séu nánast daglega að leik í húsinu. Nýlega hafi verið haldið dansnámskeið í grunnskólanum og félagsmiðstöðin á staðnum hafi verið opnuð aftur eftir nokkurt hlé. Guðný Hrund segir að miðstöðin sé opin fyrir alla aldursflokka, en hún hafi fengið andlitslyftingu í kringum jólahátíðina.

Spurð um breytingar á bankamálum staðarins segir Guðný Hrund að Sparisjóður Þórshafnar sé að taka við útibúinu á Raufarhöfn af Landsbankanum.

„Það verður sama starfsfólk og áður og ég hef ekki væntingar um annað en að þjónustan verði að minnska kosti sambærileg við það sem var, og vonandi eitthvað betri,“ segir sveitarstjórinn. „Landsbankinn hafði skorið hana nokkuð niður fyrir nokkrum árum en við vonum að því dæmi verði snúið við.“

Guðný Hrund segir annars alla þjónustu á Raufarhöfn mjög góða. Þar sé allt til alls. Það eigi við um verslunarþjónustu, heilsugæslu og frábær íþróttamannvirki. Ef eitthvað vanti þá sé það einfaldlega pantað og komi á pósthúsið.

„Það er gott mannlíf á Raufarhöfn og hér er gott að vera. Mannfjöldi hér er enda nokkuð stöðugur, miðað við frjálsa fallið undanfarin ár. Vitaskuld munar um hvern og einn. Mesta áfallið var auðvitað 2003 þegar Jökull sagði upp sínu fólki. Síðan fækkar kannski um einn eða tvo á ári. En mér heyrist vera vilji hjá unga fólkinu hérna að koma hingað aftur að lokinni skólagöngu ef það fær eitthvað við sitt hæfi. En það er auðvitað okkar að skapa það.“

TUNGA ÚR SANDI Mikill viðbúnaður er á Copacabana-ströndinni í Ríó de Janeiro í Brasilíu en rokkhljómsveitin Rolling Stones heldur þar hljómleika á morgun. Búist er við að um tvær milljónir manna muni fylgjast með hljómleikunum en aðgangur er ókeypis. Heimamenn hafa gert ýmislegt síðustu daga til að minna á hljómleikana og hljómsveitina og hinn 33 ára gamli Ísak gerði til dæmis þennan sandskúlptúr. Sjá má hið fræga tákn sveitarinnar, varir og tungu forsöngvarans Micks Jaggers. Skammt er stórra högga á milli í Ríó de Janeiro því eftir viku hefst kjötkveðjuhátíðin mikla. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VERÐLAUNAHAFAR 2005 Kristinn Hrafnsson, Bergljót Baldursdóttir, Ragnar Axelsson og Árni Þórarinsson. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

VERÐLAUNAHAFAR 2004 Reynir Traustason, Brynhildur Ólafsdóttir og Sunna og Sindri, börn Agnesar Bragadóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Blaðamannaverðlaunin 2005 afhent á morgun

Verðlaun Blaðamannafélags Íslands verða veitt á Pressuballi á Hótel Borg annað kvöld.

Verðlaunin eru nú afhent í þriðja sinn og sem fyrr eru þau veitt í þremur flokkum: Fyrir bestu umfjöllun ársins 2005, Rannsóknarblaðamennsku ársins 2005 og Blaðamannaverðlaun Íslands 2005.

Verðlaunin verða veitt á Pressuballi, sem er eins konar uppskeruhátíð Blaðamannafélagsins. Pressuböll þóttu á árum áður fínustu böllin í bænum og mættu gestir í sínu fínasta pússi. Útlend fyrirmenni voru oftar en ekki heiðursgestir en ef ekki voru það íslenskir ráðherrar og skáld. Nú er öldin önnur, engin eru fyrirmennin og gestir klæðast í takt við tískuna. Það breytir því ekki að matseðillinn er hinn álitlegasti, fiskisúpa í forrétt, lambaframfille í aðalrétt og tiramisu og ferskir ávextir í eftirrétt. Ræðumaður verður Jón Kaldal, aðstoðarritstjóri Fréttablaðsins.

Á morgun hefst líka árleg ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðarsafni í Kópavogi og verða bestu ljósmyndir ársins 2005 verðlaunaðar. Þá verður sérstök sýning á myndum Gunnars V. Andréssonar, ljósmyndara á Fréttablaðinu, en hann á fjörutíu ár að baki í faginu.

Blaðamennirnir sem nefndir eru til verðlauna í þetta sinnið koma úr ýmsum áttum og vinna við ólíka miðla. Blaðamenn Morgunblaðsins eru tilefndir til þrennra verðlauna, blaðamenn Fréttablaðsins til tvennra og eina tilnefningu fá blaðamenn á NFS, Ríkisútvarpinu og Ríkisjónvarpinu. Þá er tilnefnt vegna bókarskrifa í fyrsta sinn.

Verðlaunahafar fá eitthundrað þúsund króna peningaverðlaun.

bjorn@frettabladid.is

TILNEFNINGAR TIL VERÐLAUNANANNA

BESTA UMFJÖLLUN ÁRSINS 2005

AUÐUNN ARNÓRSSON

JÓHANN HAUKSSON

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR

Auðunn Arnórsson, *Jóhann Hauksson* og *Svanborg Sigmarsdóttir*, Fréttablaðinu, fyrir upplýsandi og vandaða umfjöllun um ýmsar hliðar stjórnarskrármálsins undir heitinu „Stjórnarskrá Íslands endurskoðuð“.

SIGMAR GUÐMUNDSSON

Sigmar Guðmundsson, Kastljósinu, RÚV, fyrir að fylgja eftir á vandaðan hátt uppljóstrunum um kynferðislegt ofbeldi sem fram komu í bók um Thelmu Ásdísardóttur.

Sunna Ósk Logadóttir, Morgunblaðinu, fyrir ítarlega og greinargóða umfjöllun um rekstur og starfsemi Landspítala – háskólasjúkrahúss í kjölfar sameiningar.

SUNNA ÓSK LOGADÓTTIR

RANNSÓKNARBLAÐAMENNSKA ÁRSINS 2005

ANNA G. ÓLAFSDÓTTIR

Anna G. Ólafsdóttir, Morgunblaðinu, fyrir upplýsandi greinaflokk um fátækt og bresti í íslensku velferðarsamfélagi.

Jóhannes Kr. Kristjánsson, NFS, fyrir afhjúpandi umfjöllun í fréttaþættinum Kompási um sívaxandi hlut „læknadóps“ á fíkniefnamarkaði.

JÓHANNES KR. KRISTJÁNSSON

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

Sigríður Dögg Auðunsdóttir, Fréttablaðinu, fyrir úttekt á einkavæðingu ríkisbankanna og umtöluð fréttaskrif um aðkomu áhrifamanna í aðdraganda málaferla gegn forsvarsmönnum Baugs.

BLAÐAMANNAVERÐLAUN ÍSLANDS 2005

DAVÍÐ LOGI SIGURÐSSON

Davíð Logi Sigurðsson, Morgunblaðinu, fyrir vönduð skrif um Afganistan, alþjóðasamstarf og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna.

GERÐUR KRISTNÝ

Gerður Kristný Guðjónsdóttir fyrir óhefðbundna blaðamennsku og ítarlegar rannsóknir við skrif á sögu Thelmu Ásdísardóttur „Myndin af pabba“.

JÓN BJÖRGVINSSON

Jón Björgvinsson, fréttaritari Útvarpsins, fyrir lifandi fréttaflutning af vettvangi heimsviðburða á hamfarasvæðum vítt og breitt um heiminn.

SVEITARSTJÓRNARRÁÐSTEFNA VINSTRI-GRÆNNA

Í EINUM GRÆNUM

RÁÐSTEFNA UM SVEITARSTJÓRNARMÁL

VESTURGÖTU 7, REYKJAVÍK, LAUGARDAGINN 18. FEBRÚAR

Dagskrá:

10.00 : **Erindi um sveitarstjórnarmál**

Guðrún Kristinsdóttir, prófessor við KHÍ: Börn og réttindi barna.

Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur: Kjósendur á vergangi; um flokkaflakk og kosningahegðun íslenskra kjósenda.

Ellý Katrín Guðmundsdóttir, forstöðumaður Umhverfissviðs Reykjavíkur: Umhverfisvernd í borg.

Bjarni Jónsson fiskifræðingur: Atvinnulíf á tímamótum - hvert viljum við stefna?

12.00–13.00 : **Hádegishlé**

13.00 : **Hópastarf**

- Velferðarmál
- Málefni barna og ungmenna
- Umhverfismál
- Lýðræðismál
- Atvinnumál
- Kvenfrelsismál

15.30 : **Samantekt og niðurstöður**

16.00 : **Fundarslit**

Fundarstjóri: Árni Þór Sigurðsson



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðir bílar á tilboðsverði.
100% lán. Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð.
Aðeins í dag. Komdu strax.*

Útsala

Þig vantar bíl. Núna
Aðeins 50 bílar. Í dag
Komdu strax

Opið frá kl. 9-18

Tökum notaðan uppí notaðan

Útsalan stendur aðeins í dag. Of seint á morgun. Komdu núna.
Þig vantar bíl. Kíktu á netið. Meira úrval þar.

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.brimborg.is

Við kaupum af þér gamla bílinn: Staðgreitt.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt* veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann – eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu notaðan bíl í dag. Komdu í Brimborg – ræddu við sölu-ráðgjafa notaðra bíla um hvernig best er að skipta gamla bílnum uppí notaðan bíl hjá Brimborg.

Taktubíl

brimborg
Öruggur staður til að vera á

* Brimborg greiðir þér gamla bílinn 45 dögum eftir að uppítaka á gamla bílnum er frágengin. Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er fasteignaeigandi og er ekki á vanskilaskrá.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

Svona erum við

> Úrslit sveitarstjórnarkosninga á Akureyri 2002



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FORINGINN: JAKOB BJÖRNSSON

Fer sáttur frá borði

Jakob Björnsson hefur átt sæti í bæjarstjórn Akureyrar undanfarin sextán ár en hefur nú ákveðið að draga sig í hlé frá bæjarmálunum. Hann hefur verið oddviti framsóknarmanna í þrennum undangengnum sveitarstjórnarkosningum og er formaður bæjarráðs á yfirstandandi kjörtímabili. Frá 1994 til 1998 var hann bæjarstjóri á Akureyri en þá átti Framsóknarflokkurinn í meirihlutasamstarfi við Alþýðuflokk. Framsóknarflokkurinn hlaut fimm bæjarfulltrúa kjörna í kosningunum 1994 en Alþýðuflokkurinn einn. Framsóknarflokkurinn er nú með þrjá bæjarfulltrúa en Jakob bindur vonir við að þeim fjölgi í kosningunum í vor. „Flokkurinn er í vörn á landsvísu en framsóknarmenn á Akureyri hafa unnið gott starf. Ég trúi ekki öðru en að við verðum metin að verðleikum og náum góðri kosningu."

Jakob telur að kosningabarátta þeirra sem þátt taka í prófkjörinu hafi verið drengileg og komi ekki til með að skilja eftir nein sár. „Það er mikið af góðu fólki í framboði og ég vona að flokkurinn beri gæfu til að stilla upp sigurstranglegum lista," segir Jakob.

Framsóknarmenn og sjálfstæðismenn mynda nú meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar og er Jakob mjög ánægður með samstarfið. „Við gerðum ítarlegan málefnasamning í upphafi kjörtímabilsins og hann hefur haldið mjög vel. Samstarfið hefur byggst á gagnkvæmu trausti og ég hef ekkert undan því að kvarta," segir Jakob.

Atvinnumálin munu brenna heitast á bæjarstjórn Akureyrar á næsta kjörtímabili, að mati Jakobs. „Bæjarstjórnin og fyrirtækin verða að koma sameiginlega að eflingu atvinnulífsins en mikilvægt er að auka fjölbreytni á vinnumarkaðnum. Atvinnulífið og bæjarstjórn verða í samvinnu að stuðla að bættri afkomu bæjarbúa með öllum tiltækum ráðum."

Framsóknarflokkurinn á Akureyri hefur ekki haldið opið prófkjör svo lengi sem elstu framsóknarmenn að norðan ber minni til. „Ég hef rætt þetta að undanförnu við þá sem vel til þekkja og það man enginn eftir opnu prófkjöri hjá flokknum. Okkur hefur hins vegar komið saman um að vísir að prófkjöri hafi verið haldinn fyrir 20 árum en í undanförnum kosningum hefur verið stillt upp á listann með öðrum hætti," segir Jakob.

REGLUR PRÓFKJÖRSINS

Allir flokksbundnir framsóknarmenn á Akureyri og í Hrísey, með kosningarétt í sveitarstjórnarkosningunum þann 27. maí næstkomandi, hafa rétt til að kjósa í prófkjörinu. Þeim sem ekki eru skráðir í Framsóknarflokkinn nægir að skrifa undir stuðningsyfirlýsingu við framboð flokksins til að öðlast kosningarétt í prófkjörinu, að því gefnu að þeir hafi verið skráðir til heimilis á Akureyri 1. desember síðastliðinn og munu hafa náð 18 ára aldri á kjördag í komandi sveitarstjórnarkosningum. Kosning á Akureyri fer fram á Hólabraut 13 á milli klukkan 10.00 og 20.00 en kosning í Hrísey fer fram í Brekku á milli klukkan 14.00 og 16.30. Kjósendur skulu merkja við sex frambjóðendur og skipa þeim í sæti með tölustöfunum 1 til 6.

Frambjóðendur í prófkjöri Framsóknarflokksins á Akureyri

1. sæti:	Elvar Árni Lund
1.-2. sæti:	Gerður Jónsdóttir
	Jóhannes Gunnar Bjarnason
1.-3. sæti:	Erla Þrándardóttir
	Sigfús Ólafur Helgason
2.-3. sæti:	Stefán Jónsson
2.-4. sæti:	Guðlaug Kristinsdóttir
3.-5. sæti:	Geir Hólmarsson
	Þorsteinn Pétursson
3.-6. sæti:	Örlygur Þór Helgason
4.-6. sæti:	Erlingur Kristjánsson
	Jón Vigfús Guðjónsson
	María Ingadóttir
	Páll Gauti Pálsson
5.-6. sæti:	Eiður Stefánsson
	Ingimar Eydal
	Sóley Magnúsdóttir
6. sæti:	Alex Björn Stefánsson
	Petrea Ósk Sigurðardóttir

Að megni til nýtt fólk

Nítján frambjóðendur, þrettán karlar og sex konur, gefa kost á sér í opnu prófkjöri Framsóknarflokksins á Akureyri. Prófkjörið fer fram á morgun og verður kosið um sex efstu sæti framboðslistans. Leiðtogi framsóknarmanna á Akureyri til tólf ára, Jakob Björnsson, tekur ekki þátt í prófkjörinu og sækjast fimm einstaklingar eftir að taka við forystuhlutverkinu. Þar á meðal eru tveir sitjandi bæjarfulltrúar flokksins.

Ljóst er að mikil endurnýjun verður á framboðslista Framsóknarflokksins á Akureyri en sextán af þeim nítján sem þátt taka í prófkjörinu voru ekki á framboðslista flokksins í síðustu sveitarstjórnarkosningum. Gerður Jónsdóttir skipaði annað sæti listans í kosningunum 2002 og Jóhannes Gunnar Bjarnason þriðja sæti. Gerður og Jóhannes vilja bæði taka við oddvitastöðunni af Jakobi Björnssyni og hafa þau sett stefnuna á fyrsta eða annað sæti í prófkjörinu. Ingimar Eydal aðstoðarslökkviliðsstjóri var í sjöunda sæti en hann býður sig nú fram í fimmta til sjötta sæti. Aðrir þátttakendur í prófkjörinu áttu ekki sæti á framboðslistanum í síðustu kosningum.

Elvar Árni Lund, sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps, býður sig eingöngu fram í fyrsta sæti. Erla Þrándardóttir, kennari og verkefnastjóri við Háskólann á Akureyri, og Sigfús Ólafur Helgason sölufulltrúi bjóða sig bæði fram í fyrsta til þriðja sæti.

Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur eru í meirihluta í bæjarstjórn Akureyrar. Í sveitarstjórnarkosningunum 2002 hlaut Framsóknarflokkurinn 24,1 prósent greiddra atkvæða og þrjá menn kjörna í bæjarstjórn en Sjálfstæðisflokkurinn fékk 35,6 prósent og fjóra bæjarfulltrúa.

kk@frettabladid.is

Elvar Árni Lund vill 1. sæti:

Mikilvægast að efla atvinnulífið

ELVAR ÁRNI LUND

Elvar Árni Lund, sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps, er eini frambjóðandinn í prófkjörinu sem ekki er búsettur á Akureyri. Hann hefur þó þar sitt lögheimili. Hann telur þó ekki að það þurfi að setja stein í götu hans í prófkjörinu og segist tilbúinn að kafa ofan í bæjarmálin á Akureyri á skömmum tíma, nái hann fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins.

Elvar segist búa að góðri reynslu og þekkingu sem sveitarstjóri sem nýst geti honum vel sem oddviti framsóknarmanna á Akureyri.

Hann telur að mikilvægasta verkefni næstu bæjarstjórnar á Akureyri verði að efla atvinnulífið í bænum. „Það þarf að fjölga störfum í bænum en til að það nái fram að ganga er nauðsynlegt að bæta samgöngur og treysta tengsl á milli ríkisins og sveitarfélagsins," segir Elvar. Meðal nauðsynlegra samgöngubóta segir Elvar að ráðast þurfi í gerð Vaðlaheiðarganga til að bæta samgöngur til austurs. Þá þurfi að lengja flugbrautina til að auka möguleika á millilandaflugi. Einnig nefnir hann gerð hálendisvegar. „Bærinn þarf einnig að koma í auknum mæli að málefnum Háskólans á Akureyri Þá er framboð byggingarlóða á Akureyri ekki nægjanlegt og þar er þarft verk að vinna," segir Elvar Árni.

Gerður Jónsdóttir sækist eftir 1.-2. sæti:

Fjölskyldan í brennidepli

GERÐUR JÓNSDÓTTIR

Gerður Jónsdóttir er einn þriggja bæjarfulltrúa Framsóknarflokksins. „Bæjarfulltrúastarfið er mjög mikilvægt í mínum huga og ég kaus að líta á það sem fullt starf. Ég hef aflað mér mikilvægrar reynslu á kjörtímabilinu sem ég tel að geti nýst mér vel til að leiða flokkinn til farsælla verka," segir Gerður.

Efst á blaði hjá Gerði eru atvinnu- og fjölskyldumálin. „Við þurfum að fá stóriðju á Norðurland en eigum einnig að byggja undir atvinnulífið almennt. Ég vil efla Háskólann á Akureyri og auka straum ferðamanna til bæjarins en ferðaþjónustan getur orðið stóriða á Akureyri." Gerður hefur setið í mörgum nefndum á vegum bæjarins, einkum er lúta að málefnum fjölskyldnanna. „Ég hef unnið mikið fyrir börn sem ekki falla að hefðbundnu skólakerfi. Ég vil að bærinn bjóði upp á gjaldfrían leikskóla í náinni framtíð og vil koma á fjölmenningarhátíð og virkja þann auð sem býr í fólki af erlendum uppruna," segir Gerður.

Jóhannes Bjarnason sækist eftir 1.-2. sæti:

Æskan er okkar framtíð

JÓHANNES GUNNAR BJARNASON

Jóhannes Gunnar Bjarnason var kjörinn bæjarfulltrúi í síðustu kosningum og hefur síðan komið að öllum málaflokkum er snerta stjórn bæjarins. Hann telur að sú reynsla verði honum dýrmætt veganesti komi hann til með að leiða lista framsóknarmanna næstu fjögur árin.

„Við höfum á undanförnum árum unnið að bættum hag þeirra sem eldri eru. Ég vil ljúka því verki á næsta kjörtímabili og um leið bæta búsetuskilyrði fatlaðra," segir Jóhannes.

Hann segir spennandi tíma framundan á Akureyri og mörg stór verkefni sem bíði úrlausna. „Ég vil efla þjónustu bæjarins enn frekar þannig að hún verði öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni." Jóhannes hefur áratuga reynslu sem knattspyrnu- og handknattleiksþjálfari hjá KA og sem bæjarfulltrúi hefur hann beitt sér í forvörnum af ýmsum toga. „Æskan er okkar framtíð og ef við hlúum ekki að henni þá er framtíð okkar foreldranna ekki björt," segir Jóhannes.

Erla Þrándardóttir sækist eftir 1.-3. sæti:

Samvinna atvinnu og skóla

ERLA ÞRÁNDARDÓTTIR

Helstu baráttumál Erlu eru tengd þekkingariðnaði, skipulagsmálum og einfaldari stjórnsýslu.

„Forsenda þess að þekkingariðnaðurinn nái að dafna er öflug samvinna atvinnulífs og menntastofnana. Blómstri þekkingariðnaðurinn mun áhugaverðum störfum fjölga sem aftur mun laða fólk til bæjarins," segir Erla.

Hún segir samgöngu- og skipulagsmál eiga ríkan þátt í lífsgæðum almennings. „Ég er fylgjandi auknu samráði við bæjarbúa þegar kemur að ákvörðunartökum er lúta að skipulagi byggðar og nýtingu lands. Bæta þarf göngu- og hjólreiðastíga, bæði innan bæjarins og í nágrenni hans, og auka lóðaframboð undir einbýlishús."

Erla segir þróun stjórnsýslunnar þurfa að fela í sér innbyggðan sveigjanleika sem nýti bestu tæknilausnir hverju sinni og mæti þar með betur kröfum samfélagsins.

Sigfús Helgason sækist eftir 1.-3. sæti:

Tekið verði á atvinnuleysi

SIGFÚS ÓLAFUR HELGASON

Sigfús Ólafur Helgason segir stöðu atvinnumála á Akureyri óviðunandi og brýnt að leysa þann vanda til frambúðar. „Það eru allt of margir Akureyringar án atvinnu. Við eigum að taka höndum saman við ríkisvaldið til að sporna gegn atvinnuleysinu og bæjaryfirvöld eiga að byggja undir ferðaþjónustuna í bænum. Ríki og bær eiga í sameiningu að stuðla að eflingu Háskólans á Akureyri."

Sigfús segir mikilvægt að halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið í málefnum aldraðra og vill að sorpmálin í Eyjafirði verði leyst í eitt skipti fyrir öll. „Núverandi ástand er ekki sæmandi jafn fallegu héraði og Eyjafjörður er og ég mun beita mér fyrir úrbótum." Íþróttir og forvarnir eru ofarlega í huga Sigfúsar og hann vill að bæjaryfirvöld stuðli að aukinni hreyfingu og útivist. „ Íþróttir og forvarnir eru óaðskiljanleg í mínum huga," segir Sigfús.


HARÐUR NAGLI Á HRAÐFERÐ?
ÓLAFUR F. NÚMASON / MYNDAK.
UMFERÐARSTOFA
HÆGÐU Á ÞÉR



landslag
fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: TÖLVUN

Viðskiptin eru háð vertíðinni

Ekki eru allir Eyjapeyjar að vinna í slori. En jafnvel þó menn komi ekki nálægt síld, kolmunna, loðnu eða þeim gula þá er afkoman yfirleitt háð því hvernig veiði og vinnsla gengur.

Á Strandvegi í Heimaey er tölvutækjaverslunin Tölvun en þó fer mun meira þar fram en ætla mætti í fyrstu en verslunin lætur ekki mikið yfir sér.

„Við vorum hér áður með reiknistofu fyrir frystihúsin hér í bænum en þegar þau sameinuðust árið 1993 þá stofnuðum við okkar eigið fyrirtæki," segir Davíð Guðmundsson eigandi. „Við tókum þá alveg yfir tölvurekstur frystihúsanna og buðum jafnframt upp á internetþjónustu. Svo leiddi eitt af öðru og við fórum að selja tölvur og fleira þeim tengt. Svo erum við mikið í gagnaflutningum og settum upp örbylgjunet fyrir bæinn árið 1996 sem er eitt af fyrstu örbylgjunetunum á landinu. Við tengdum allar stofnanir bæjarins við örbylgju og svo á síðasta ári höfum við verið að færa okkur yfir í ljósleiðara," segir eigandinn.

DAVÍÐ GUÐMUNDSSON OG GUÐMUNDUR INGI JÓHANNESSON

Guðmundur Ingi Jóhannesson stendur vaktina í versluninni en eina aðra slíka er að finna í þessum fjögur þúsund manna bæ. „Við finnum mjög vel fyrir því hvernig vertíðin er," segir hann. „Ef útlit er fyrir að hún verði ekki nógu góð halda menn að sér höndum en svo kemur holskeflan þegar velheppnuð vertíð er nýafstaðin og menn hafa meiri peninga og tíma."

Þó segja þeir kollegar að markaðurinn í Eyjum nægi ekki einn og sér og því hafa þeir fært út kvíarnar. Þeir hafa meðal annars komið bændum, bæjarbúum og sumarbústaðaeigendum á Suðurlandi í þráðlausa nettengingu. Því fylgir mikið umstang og því eru þeir með starfsmann uppi á landi, stóru eyjunni sem er við Vestmannaeyjar.

STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



Vestmannaeyjar

Íbúafjöldi í desmeber 2005: 4.175
Íbúafjöldi í desember 1991: 4.923
Íbúafjöldi í desember 1973: 5.303
Helstu atvinnufyrirtæki: Vinnslustöðin, Ísfélag Vestmannaeyja, Útgerðin Bergur-Huginn, Útibú Hitaveitu Suðurnesja, Hótel Þórshamar.
Skólar: Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum, Grunnskólarnir Hamarsskóli og Barnaskólinn, Listaskóli Vestmannaeyja, Visku-, fræðslu- og símenntunarstöð. Fjórir leikskólar eru í bænum.
Vegalend frá Reykjavík: 51 kílómetri til Þorlákshafnar og sigling þaðan með Herjólfi tekur tvær klukkustundir og þrjú korter.

Verstöðin Vestmannaeyjar

Það er glaðasólskin í Vestmannaeyjum og skyggni svo gott að engu er líkara en Eyjafjallajökull standi í túnfæti Eyjamanna. Það er hægur vindur en þó hefur flugferðin hrist upp í Jóni Sigurði Eyjólfssyni og Haraldi Jónassyni þegar þeir stíga fæti á eyjuna fögru sem á eftir að hrista enn meira upp í tvímenningunum.

Það er mikið um að vera í Vestmannaeyjum enda loðnuvertíðin í algleymingi. Drekkhlaðin loðnuskip liggja við festar og bíða löndunar og fiskvinnslufólk hefur ekki undan að koma aflanum í frystingu. Það er glatt yfir fólki enda þyngir vertíðin pyngju flestra Eyjamanna, jafnvel þeirra sem koma ekki nálægt slorinu.

En þó tíðin sé góð um þessar mundir minnast Eyjamenn betri tíðar með miklum söknuði þegar verbúðirnar fylltust af fólki sem kom allstaðar að af landinu. Þeir sem ekki upplifðu þessa sælu hafa þó eflaust fengið nasasjón af henni í myndinni Nýtt líf þar sem fylgst var með Þór og Danna sem skelltu sér á vertíð í Eyjum, Víglundi verkstjóra til mikillar mæðu. Við tvímenningarnir komumst þó að því að verbúðarlífið er ekki með öllu horfið, hjá sumum að minnsta kosti.

Á vertíð blómstraði menningin

„Það er ekki hægt að líkja þessu saman hvernig þetta var fyrir svona tuttugu árum og hvernig þetta er núna," segir Tryggvi Sigurðsson, vélstjóri á Frá, en hann sótti margan gleðskapinn í verbúðirnar hér áður. „Þá komu svona um 1.500 manns í bæinn og þegar böll voru haldin var allt fullt enda mörg hundruð manns að skemmta sér.

Svo voru partíin flott á verbúðunum. Reyndar lenti maður nokkuð oft í Frímanni húsverði í verbúðinni á Vinnslustöðinni þegar hann var að reyna að skakka leikinn. En maður reyndi að leika á hann, sérstaklega ef það voru einhverjar stelpur sem maður vildi komast til þá var ýmsum brögðum beytt. Svo lék hann Frímann sjálfan sig í myndinni Nýtt líf," segir Tryggvi og lifnar allur við endurminninguna. „Annars er þetta allt saman ein verbúð hérna og við þessir innfæddu erum komnir af verbúðarjöxlum sem hefur dagað hér uppi," segir hann og hlær.

Verbúðarjaxl í 30 ár

Gömlu verbúð Vinnslustöðvarinnar hefur verið lokað en þó eru verbúðarjaxlarnir ekki með öllu horfnir því enn er Vinnslustöðin með verbúð í svokölluðu Sælahúsi. Þar býr meðal annara Sigurður B. Ágústsson en hann hefur búið í verbúð síðan 1976.

Verbúðarlífið í Sælahúsi er þó öllu rólegra en hann átti að venjast í gömlu verbúðinni. „Já, það var mikið fjör þarna," segir Sigurður sem þekkist vart undir öðru nafni en Siggi easy meðal Eyjapeyja. „Bubbi var þarna meðal annara. Eitthvað var hann nú að gutla á gítarinn en hann var náttúrlega ekkert orðinn frægur á þessum tíma. En þetta var orðið ansi rólegt undir lokin og síðustu árin var ég þarna ásamt nokkrum gömlum körlum," segir Siggi.

Þór Vilhjálmsson, starfsmannastjóri, segir að þegar mest var í verbúðinni hjá Vinnslustöðinni hafi um 150 til 170 manns búið þar. Fljótlega eftir að kvótakerfið var sett á fór að halla undan fæti og um 1990 var orðið afar fámennt. Loks var stóru verbúðinni lokað árið 1996 og Siggi easy fór þá í Sælahúsið.

SJAFNAR GUNNARSSON SPRANGARI Ekki er sprangað mikið að vetrarlagi í Heimaey en þó stóðst Sjafnar ekki mátið og sprangaði um klettinn. Að sumarlagi láta ungir sem aldnir ekki sitt eftir liggja við þessa glæfralegu iðju, að því er aðkomumönnum þykir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI.

Hefðunum verður ekki haggað

Eyjamenn eru fastheldnir á hefðirnar og getur það komið aðkomumönnum í opna skjöldu. Til dæmis mega konur ekki koma með á lundaveiðar og því missa þær af heilmiklu húllumhæi sem slegið er upp að kvöldi veiðidags í úteyjunum. Eins heldur netaverkstæðið Net árlega sviðaveislur í desember og hefur gert frá árinu 1963. Engin kona er til frásagnar um það sem þar fer fram enda er þetta karlaveisla. Nokkrar konur, þar á meðal landsþekktur rithöfundur, hafa látið reyna á þessa hefð en var umsvifalaust snúið á þröskuldinum.

Einnig er rík hefð fyrir gælunöfnum í bænum. Jafnvel svo að Eyjapeyjar kannast ekki við manninn sé hann nefndur sínu eiginlega nafni eins og Jón Sigurður og Haraldur komust að þegar þeir leituðu eftir Sigurði B. Ágústssyni sem fæstir kannast við nema undir nafninu Siggi easy. Ekki þarf mikið til að menn fái slík gælunöfn. Til dæmis vildi svo til fyrir mörgum árum að einn Eyjapeyi sem venjulega fór aldrei neitt þurfti í tvö skipti með stuttu millibili að sækja erindi til Reykjavíkur. Síðan þá hefur hann gengið undir nafninu Jón flækingur. Sömu meðhöndlun fékk maður nokkur sem brá sér út á lífið og endaði sú skemmtan í Kaupmannahöfn. Nú hefur orðinu „danski" verið skeytt við nafn hans. Önnur slík viðskeyti sem menn hafa fengið við nöfn sín eru beikon, skinka og rauði en of flókið mál er að útskýra tilurð þeirra.

Jón Sigurður og Haraldur ákváðu því að halda heim á leið áður en þeir yrðu fyrir þessari áráttu Eyjamanna og yrði um aldur og ævi minnst með hlægilegum viðurnefnum sem minntu á hremmingar þeirra, útlit eða einkenni. ■

SIGURÐUR B. ÁGÚSTSSON Á HAUSARANUM Siggi easy, eins og hann er kallaður í Eyjum, hefur búið í verbúðum frá 1976.

TRYGGVI SIGURÐSSON VÉLSTJÓRI Tryggvi horfir um öxl með söknuði á verbúðarlífið meðan það var og hét Eyjum.

GAMLA VERBÚÐIN Í VINNSLUSTÖÐINNI Þarna var kvikmyndin Nýtt líf tekin upp að miklu leyti en verbúðinni var lokað 1996.

ÍTALSKT SALAMI
ER LOSTÆTI

TÖSKU Rýmingar sala

Aðeins í Skeifunni

KLIKKAÐ VERÐ!

Aðeins 1.995.-
Þriggja tösku sett.

Aðeins 4 verð!

495.-
995.-
1.995.-
2.995.-

Office 1 Superstore

Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is

Verð geta lækkað án fyrirvara

hagstæðustu he

-tilboð

konu-dagurinn er á sunnudaginn

dýrindis nautakjöt á frábæru verði!

þú sparar 1.900 kr.kg.

40% afsláttur við kassa

Gourmet nautalundir

þú sparar 899 kr.kg.

30% afsláttur við kassa

Gourmet meyrnuð piparsteik

Ítalskir pastadagar -birgjum okkur upp

49 kr.pk. Spaghetti

59 kr.pk. Pastaskrúfur

Campagna er framleitt á Ítalíu

199 kr.ds. Sólþurrkaðir tómatar

Ekki ónýtt með Idolinu!

129 kr.stk. Caprí súkkulaðibitar

Campagna er framleitt á Ítalíu

99 kr.ds. Pestó rautt/grænt

Sjáðu verðið!

9 kr.ds. Tómatar

Svalandi!

79 kr.stk. Náttúra epla- og appelsínusafi

Hönnun: HER & NÚ / SIA
Umbrot: Auglýsingastofa Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 16. -20. febrúar eða meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

eildarinnkaupin

ðin pín

þú sparar **1.046** kr.kg.

30% afsláttur við kassa

Gourmet lambafile

þú sparar **735** kr.kg.

40% afsláttur við kassa

Villikryddað lambalæri

þú sparar **600** kr.kg.

BAUTABÚRIÐ

40% afsláttur við kassa

Bautabúrs bayonneskinka

sjáðu verðið!

199 kr.kg.

Ódýrt saltkjöt

gott á brauð!

25% afsláttur við kassa

Holtakjúklingaálegg

þú sparar **348** kr.kg.

30% afsláttur við kassa

Fjörfiskur lax

nettó

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 6.876 **-0,71%** **Fjöldi viðskipta:** 1.431 **Velta:** 9.780 milljónir

MESTA HÆKKUN		MESTA LÆKKUN	
TM	8,57%	**FL Group**	4,00%
Dagsbrún	3,50%	**Íslandsbanki**	2,66%
HB Grandi	2,70%	**Avion**	2,12%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 57,70 +1,80% ... Alfesca 4,28 +0,50% ... Atorka 6,15 -0,80% ... Bakkavör 53,10 +0,80% ... Dagsbrún 6,21 +3,50% ... FL Group 26,40 -4,00% ... Flaga 3,91 +1,00% ... Íslandsbanki 22,00 -2,70% ... KB banki 985,00 -1,40% ... Kögun 65,00 -0,20% ... Landsbankinn 31,40 +1,00% ... Marel 62,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 18,20 +1,10% ... Straumur-Burðarás 21,00 -1,40% ... Össur 105,00 -0,50%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Kynt undir gengi hjá vélstjórum.
Gengi stofnfjárbréfa í SPV hefur hækkað um 20 prósent á einni viku, úr 50 krónum á hlut í 60. Um helgina varð mikil hækkun á sjóðnum þegar sjálfstæður fjárfestir hóf að hringja í stofnfjáreigendur og bjóða í bréf þeirra.
Frá áramótum hefur stofnféð hækkað um 100 prósent og kostar nú einn stofnfjárhlutur 2.352.900 kr. Markaðsvirði SPV er því um 7,5 milljarðar króna. Stjórn SPV mun funda næstkomandi miðvikudag þar sem væntanlega verða tekin til samþykktar breytingar í stofnfjáreigandahópnum. Menn eru því að drífa sig í að kaupa fyrir fund og verður í framhaldinu spennandi að sjá hvaða blokkir verða sterkastar í sjóðnum á komandi aðalfundi.

Norðlensk viðvörunarbjalla
Markaðurinn tók að lækka eftir hádegið í gær. Skýringin er líklegast taka hagnaðar hjá fjárfestum eftir miklar hækkanir að undanförnu. Þá kann einnig að hafa haft áhrif að úr viðskiptadeild Háskólans á Akureyri mátti heyra rödd um það að hækkanir sem þær sem hafa verið að undanförnu ættu sér ekki neinar líkar í viðri veröld. Íslendingar eru jú einstakir, þannig að það teljast nú varla fréttir. Hins vegar mátti greina pirring í mörgum á markaði yfir þessum orðum og fannst skotið yfir markið. Hækkanir að undanförnu væru ekki sjálfkrafa merki um að markaður myndi lækka eða um bólu væri að ræða, Flestir sérfræðingar eru á því að markaðurinn beri ekki merki bólu, þótt telja megi að kátínan sé stundum dáldið hressileg á honum blessuðum. Alltént geta þeir sem kaupa nú á fullu ekki sagt að viðvörunarbjöllur hafi ekki hljómað, en þær byrja oft að hljóma dáldið löngu áður en eldarnir kvikna.

MARKAÐSPUNKTAR...

Tap að jafnvirði 2,9 milljónum evra varð á rekstri Finnair PLC á síðasta ársfjórðungi. Straumur Burðarás á rúmlega 10 prósenta hlut í félaginu.

Í gær gaf þýski bankinn kfW út krónubréf fyrir 10 milljarða króna. Bankinn hefur nú alls gefið út 43 milljarða króna og er stærsti útgefandi krónubréfa um þessar mundir.

Kortavelta Íslendinga erlendis nam tæplega 2,9 milljörðum króna í janúar og hafði þá vaxið um 50 prósent frá því í fyrra á föstu gengi krónunnar.

RÝMI FYRIR FLEIRI BLÖÐ Tveir aðilar sem unnið hafa við danska fríblaðamarkaðinn telja að pláss sé fyrir fleiri fríblöð.

Jákvæðir á gengi nýs fríblaðs

Fyrrverandi framkvæmdastjóri Metro-dagblaðanna telur að nýtt fríblað á vegum Dagsbrúnar eigi eftir að njóta velgegni í Danmörku. Segir hann í viðtali við vefsíðu Berlingske tidende í gær að honum finnist hugmyndin mjög spennandi og hann telji að pláss sé fyrir fleiri fríblöð á danska markaðnum.

Framkvæmdastjóri útgáfufélags Berlingske tidende er einnig jákvæður og segir að blaðið muni hafa góð áhrif á dagblaðamarkaðinn. Hann segist ekki óttast samkeppnina.

Samkvæmt frétt viðskiptablaðs Berlingske tidende í gær mun fríblaðið í fyrsta lagi koma út í haust, en nú standi yfir samningaviðræður við prentsmiðjur og dreifingaraðila. Einnig er sagt frá því að Fréttablaðið hafi náð góðum árangri á Íslandi og fljótlega velt Morgunblaðinu úr sessi sem mest lesna dagblaði landsins.

Haft er eftir Mikael Torfasyni, fyrrverandi ritstjóra DV, að dönsku dagblöðin muni nú sjá fram á harða samkeppni og án efa missa hluta af auglýsingatekjum sínum. **- ks**

Tap hjá Flögu

Flaga tapaði 1,4 milljónum bandaríkjadala á árinu sem var að líða eða 90 milljónum króna. Tapið kemur að mestu leyti fram á fjórða ársfjórðungi þegar kostnaður við skipulagsbreytingar var gjaldfærður að upphæð 160 milljónir króna.

Að öðru leyti var nokkur vöxtur á milli ára, tekjur jukust þannig um 31 prósent. Á fjórða ársfjórðungi var sett sölumet þegar selt var fyrir 570 milljónir króna sem var fjögurra prósenta aukning frá sama tímabili í fyrra.

Flaga er fjársterkt félag með eiginfjárhlutfall um 66 prósent. **- eþa**

Hægir á nýskráningu bíla

Vísbendingar eru um að hægt hafi á nýskráningu bíla hér á landi. í fyrra var metár í sölu nýrra bíla og segir framkvæmdastjóri FÍB ákveðinn sigur felast í að halda í horfinu.

Nýskráning bíla í janúarmánuði jókst um átta prósent í samanburði við janúarmánuð í fyrra, samkvæmt nýjum tölum ACEA, samtaka evrópskra bílaframleiðenda. Aukningin er heldur yfir meðaltali Evrópusambands- og EFTA-ríkja á sama tíma sem er 2,6 prósent.

Athygli vekur að mjög dregur úr nýskráningum milli ára, því þegar borinn er saman desember 2004 og 2005, nam aukning 41,3 prósentum. Einungis Lettar gerðu betur með 46,2 prósenta aukningu. Þar virðist uppsveiflan hins vegar í fullum gangi enn og aukning í nýskráningum í samanburði janúarmánaða 2005 og 2006 nemur 58,5 prósentum.

RUNÓLFUR ÓLAFSSON

„Átta prósent er gríðarleg aukning, því árið í fyrra var metár," segir Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Hann segir aukninguna ekki síst mikla því í janúar í fyrra hafi einn stærsti bílsalinn, Toyota, verið með sérstakt tilboð í gangi á ákveðnum árgerðum, en núna í janúar hafi verið ákveðin þurrð þar vegna þess að beðið hafi verið eftir nýrri útgáfu RAV-smájeppans. „Það geta verið svona staðbundnar ástæður sem skekkja heildarmyndina, en mér heyrist á bílgreinunum að árið fari betur af stað en menn áttu von á. Bílaviðskipti ganga í ákveðnum bylgjum og fylgja gjarnan hagsveiflum. Auðvitað getur ákveðin mettun átt sér stað, en neyslan er líka stór þáttur í þessu. Bílabylgja byrjar yfirleitt á undan hagsveiflunni upp á við og byrjar að hníga aðeins áður en hagsveiflan fer að ganga niður," segir Runólfur og telur því óvitlaust að hafa auga með þróun á bílamarkaði, þótt ekki sé hann að spá neinni niðursveiflu nú.

Í tölum ACEA kemur fram að sem fyrr séu bílar frá VW Group vinsælastir, en meðal tegunda samstæðunnar eru Volkswagen, Audi, Seat, Skoda, Bentley og Lamborghini.

Í VERKSMIÐJU VW Í ÞÝSKALANDI Starfskona kemur Volkswagenmerkinu fyrir á nýjan bíl í Wolfsburg. VW Group selur bílaframleiðenda mest í Evrópu. NORDICPHOTOS/AFP

ólikr@frettabladid.is

IBA
The International Business Academy

Alþjóða Markaðs- og Viðskiptanám.
Kynningarfundur Mánudaginn 20. febrúar 2006
kl. 17 – 19 á Nordica Hotel, Reykjavík.

IBA býður upp á 2 ára markaðs-og viðskiptanám með áherslu á markaðsfræði, viðskipti og hagfræði.

Boðið er upp á fimm brautir:
Alþjóðabraut
–áhersla er lögð á markaðsfræði, samskipti og alþjóðaviðskipti.
Hægt er að velja um verklega þjálfun í 3 - 6 mánuði hjá erlendu eða dönsku fyrirtæki.
Stjórnunarbraut
–áhersla er lögð á stjórnun, (HRM), og stjórnunarfræði.
Samskiptabraut
–áhersla er lögð á markaðssamskipti og alþjóða markaðssetningu.
Auglýsingabraut
–áhersla er lögð á hönnun/auglýsingar.
Nýsköpunarbraut
Áhersla lögð á nýbreytni og sköpun.
Verkleg þjálfun
Á öllum brautum getur námið tengst verklegri þjálfun hjá þekktum fyrirtækjum í Danmörku
og erlendis eins og t.d.: Microsoft, Maersk, IBM,
Alfa Laval, Danfoss, LEGO, B-Young o.fl..
Framhaldsnám
Bachelor, MBA, HA, HD - í Danmörku eða erlendis.

Upplýsingar gefur Íris í síma 860 8888.

Hringdu eða sendu okkur tölvupóst og finndu út hvernig þú getur orðið hluti af þessu spennandi námsumhverfi sem IBA býður uppá. Einnig getið þið fengið ýtarlegar upplýsingar hjá skólanum.

Skamlingvejen 32 . DK-6000 Kolding . Tlf. +45 72 24 18 00 . Fax +45 72 24 18 08
iba@ibc.dk . www.iba.dk

GREIÐA GÓÐAN ARÐ Hluthafar í TM eiga von á 200 prósenta arði.

Myndarlegar arðgreiðslur í TM

Stjórn TM leggur til að greiddur verði 200 prósenta arður, eða tvær krónur á hlut, til hluthafa vegna ársins 2005. Samtals nemur arðgreiðslan 1.809 milljónum króna sem er fjórðungur af hagnaði síðasta árs.

Stærstan skerf fær Eyjafjölskyldan, Guðbjörg Matthíasdóttir og fjölskylda, sem á um 43 prósent hlutafjár í TM en gangi tillaga stjórnar eftir fær hún 806 milljónir króna fyrir sinn snúð.

TM hefur greitt háan arð á undanförnum árum. Þannig var greiddur út 100 prósenta arður af nafnverði hlutafjár í fyrra, eða 907 milljónir króna, og einn milljarður króna árið 2004. **- eþa**

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum

Hágæða örþunn sjónvarpstæki

TILBOÐ 139.990kr
Verð áður 159.990,-

United 42" plasma breiðtjaldssjónvarp

- 42" Plasma skjár
- Upplausn 852x480 (VGA, SVGA, XGA) með skerpu 3000:1, birta: 1000 cd/m2
- HDTV ready
- Progressive scan
- 2x10w nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum
- Sjónsvið: 160°
- 2 scart tengi, DVI og PC tölvutengi
- Mynd í mynd (2 tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Stærð (bxhxd): 124,5x64,5x8,5 (með hát.)
- Stærð (bxhxd): 104,5x64,5x8,5 (án hát.)

TILBOÐ 109.990kr
Verð áður 149.990,-

Philips 26" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 26" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1280x768 punktar • Digital crystal clear III og progressive scan • HD ready • Skerpa: 500:1 og svartími: 16ms • Sjónsvið (H/V): 176/176° og birtustig: 400 cd/m2 • 20w nicam stereó hljóðkerfi með virtual dolby surround • 2 scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-i tengi (styður VGA, SVGA og XGA) • Borðstandur fylgir • Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 79,2x43,1x10,9 og þyngd: 15kg

TILBOÐ 89.990kr
Verð áður 139.990,-

United 27" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 27" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn 1280x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:600:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 16ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x7w nicam stereo hljóðkerfi með SRS surround • 2 scart, component, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi • Textavarp • Fjarstýring • Borðstandur fylgir • Passar fyrir VESA100 veggfestingar (fylgja ekki) • Mál í cm (bxhxd): 80,8x44,5x10

TILBOÐ 149.990kr
Verð áður 169.990,-

JVC 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x10w nicam stereo hljóðkerfi • 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi (styður VGA, SVGA og XGA) • Textavarp • Fjarstýring • Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

TILBOÐ 129.990kr
Verð áður 149.990,-

United 32" HD LCD breiðtjaldssjónvarp

• 32" HD 16:9 LCD sjónvarp • Upplausn: 1366x768 punktar • Progressive scan • HDTV ready • Skerpa:800:1 og birta: 550 cd/m2 • Svartími: 12ms og sjónsvið (H/V): 170°/170° • Mynd í mynd (2 móttakarar) • 2x10w nicam stereo hljóðkerfi • 2 scart, component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi • DVI-D og VGA tengi (styður VGA, SVGA og XGA) • Textavarp • Fjarstýring • Veggfesting: Vogles VFW140 (fylgir ekki) • Mál í cm (bxhxd): 93,6x56,2x11

Gildir til 20. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Viðbrögð vegna hættu á heimsfaraldri.

Fuglaflensan færist nær

Allt virðist benda til þess að það sé ekki spurning um hvort fuglar komi hingað til lands með fuglaflensu, heldur hvenær slíkt gerist. Stöðugt berast fréttir um að fundist hafi fuglshræ norðar og norðar í Evrópu, nú síðast í Norður-Þýskalandi og Danmörku. Þar er að vísu ekki búið að staðfesta að um fuglaflensu sé að ræða í öllum tilfellum í þeim dauðu fuglum sem þar hafa fundist, því þeir geta allt eins hafa drepist í vetrarhörkunum sem verið hafa á þessum slóðum að undanförnu.

Það er mjög mikilvægt að stöðugt og gott upplýsingaflæði sé til almennings í tilfellum sem þessum. Þar er annars vegar um það að ræða að séð verði til þess að einhver stofnun hafi yfirsýn yfir hvað sé að gerast í þessum efnum.

Stjórnvöld hér hafa brugðist við yfirvofandi hættu vegna fuglaflensunnar og eru heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti þar í fararbroddi. Þetta mál snýst ekki aðeins um að tryggja fjármagn til sýnatöku og rannsókna á alifuglum heldur er málið miklu víðtækara. Í samráðsnefnd ríkisstjórnarinnar eru nú fulltrúar 22 stofnana og samtaka, og má búast við að frekar fjölgi en fækki í nefndinni, því skæður fuglaflensufaraldur getur snert alla þætti þjóðlífsins ef svo má segja.

Það er mjög mikilvægt að stöðugt og gott upplýsingaflæði sé til almennings í tilfellum sem þessum. Þar er annars vegar um að ræða að séð verði til þess að einhver stofnun hafi yfirsýn yfir hvað sé að gerast í þessum efnum, og geti miðlað þeim upplýsingum til fjölmiðla jafnt og þétt. Þá er mikilvægt að fjölmiðlar hafi beinan aðgang að lykilmönnum í þessum efnum svo sem smitsjúkdómalækni og yfirdýralækni, sem að undanförnu hafa verið í sviðsljósinu varðandi fuglaflensuna.

Við aðstæður sem nú hafa skapast vegna hinnar hröðu útbreiðslu fuglaflensunnar er alltaf hætta á að óþarfa ótti skapist meðal fólks, og því er upplýsingagjöfin mjög mikilvæg. Enn sem komið er liggur ekki fyrir með afgerandi hætti hvernig flensan berst til manna, en þó er vitað með vissu að þeir sem handfjatla sýktan fiðurfénað eru í mestri hættu að smitast.

Þegar farfuglarnir fara að koma til landsins kemur upp nýr flötur á málinu hvað okkur varðar, sérstaklega ef staðfest verður að fuglaflensan hafi komið upp í Bretlandi. Á yfirlitskorti í Fréttablaðinu í gær eru sýndar helstu leiðir nokkurra tegunda farfugla hingað til lands. Stærstur hluti þeirra kemur frá Bretlandseyjum, þar á meðal meirihluti þeirra álfta og gæsa sem hingað koma. Fuglaflensan getur því sett strik í reikninginn hvað varðar gæsaveiðar hér í haust.

Í ellefu Evrópulöndum hafa nú verið staðfest fuglaflensutilvik og búast má við því að þeim fjölgi á næstunni. Miklir spádómar ganga nú víða um lönd um dauðsföll og fjárhagstjón af hugsanlegum faraldri í mönnum, en vonandi rætast þær spár ekki, því slíkt gæti haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Það er því mikilvægt að ekkert verði sparað, hvorki fjármunir né mannafl, til að verjast þessari pest, sem nú hefur geisað í marga mánuði í fjarlægum löndum. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þingmenn rannsakaðir
Árni Magnússon félagsmálaráðherra fylgdi úr hlaði skýrslu um sveitarstjórnarmál á Alþingi í gær. Þetta var í fyrsta sinn sem félagsmálaráðherra lagði fram slíkt plagg á þingi og lofuðu þingmenn framtakið.
Eitt hnutu nokkrir þingmenn þó um þegar leið á ræðuna og Árni fjallaði enn á ný um stækkun og sameiningu sveitarfélaga, sem hann kvað hafa verið stefnu stjórnvalda lengi vel.
Árni sagði sem svo, að hugsanlega væru aðrar leiðir færar og menn yrðu að vera reiðubúnir til að velta þeim upp. „Þessi skýrsla sem við ræðum hér í dag er eitt innlegg í þá umræðu. Auk hennar hef ég ákveðið að kanna viðhorf sveitarstjórnarmanna og alþingismanna til sveitarstjórnarmála með sérstakri rannsókn sem unnin verður á næstunni í samstarfi við Viðskiptaháskólann á Bifröst," sagði Árni félagsmálaráðherra.

Samskipti við frostmark
Ónefndur stjórnarþingmaður gekk úr þingsalnum og sagði við blaðamann að nú væri kuldinn í samskiptum ráðherra og þingmanna orðinn slíkur að ráðherrum væri nauðugur einn kostur að ráða sérfræðinga við háskóla upp í sveit til þess að komast að því hver viðhorf og vilji þingmanna væri.
Fleiri þingmenn blönduðu sér í þessar umræður og þótti þróunin á ýmsan hátt afleit og veltu fyrir sér hve þrúgandi þögnin yrði þegar Árni gengi hjá að lokinni umræðunni.
Einn stakk upp á að ekki væri nægjanlegt að fela prófessorum á Bifröst að kanna vilja þingmanna. Ekki væri víst að þeir næðu trúnaði þingmanna og kæmu á skoðanaskiptum milli þeirra og ráðherranna.
Þarna væri því komið verkefni fyrir nýja greiningardeild hjá ríkislögreglustjóra sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur lagt til að stofnuð verði. Hún ein hefði heimild til að beita aðferðum leyniþjónustu við öflun upplýsinga þannig að lítið bæri á. Þannig gætu ráðherrar fengið mikilvægar upplýsingar um viðhorf og vilja þingmanna án þess endilega að þeir hefðu hugboð um að búið væri að afla þeirra og koma þeim á framfæri. Þetta drægi einnig úr þörfinni fyrir venjuleg samskipti ráðherra og þingmanna í þinghúsinu og sparaði tíma og peninga.

johannh@frettabladid.is

Skattahækkunarbrella Stefáns Ólafssonar

Í DAG
SKATTAR

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Hér á Íslandi hafa tekjur margra vegna almennra framfara hækkað umfram persónuafsláttinn, svo að þeir greiða tekjuskatt, en greiddu hann ekki áður. Skattstofninn hefur með öðrum orðum breikkað. Skattheimtan hefur ekki aukist, en skatttekjur ríkisins hafa aukist.

Talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa hælt sér af því að hafa lækkað skatta. Stefán Ólafsson heldur því hins vegar fram, að þetta sé aðeins brella. Skattar á láglaunafólk hafi hækkað. Almenningur klórar sér í kollinum. Fjölmiðlafólk, sem hefur raunar fæst haft fyrir því að kynna sér málið út í hörgul, hefur hins vegar flýtt sér að fella úrskurð Stefáni í vil: Skattalækkanir ríkisstjórnarinnar voru brella. Hér ætla ég að andmæla þessu. Brella Stefáns er sama eðlis og ýmis fyrri upphlaup hans.

Stefán Ólafsson vakti fyrst á sér athygli í sjónvarpsþætti með Milton Friedman föstudagskvöldið 31. ágúst 1984. Stefán spurði, hvort Friedman þætti ekki einkennilegt, að selt væri inn á fyrirlestur hans í Háskóla Íslands. Fyrirlestrar erlendra fræðiskörunga hefðu jafnan áður verið ókeypis, svo að allir gætu sótt þá óháð efnahag. Friedman svaraði að bragði, að hugtakið „ókeypis" væri hér fráleitt. Fyrirlestrar væru ekki ókeypis. Far og uppihald fyrirlesarans kostaði sitt, samkomusalinn þyrfti að leigja, auglýsa fundinn og svo framvegis. Velja mætti um tvo kosti. Annar væri að láta þá, sem sæktu fyrirlesturinn, greiða fyrir hann. Hinn væri að láta þá, sem ekki sæktu fyrirlesturinn, greiða fyrir hann. Sér fyndist fyrri kosturinn eðlilegri.

Stefán vakti líka mikla athygli fyrir þingkosningarnar 2003. Þá var eitt aðalkosningamál Samfylkingarinnar, að fátækt á Íslandi hefði aukist í miðri velmeguninni. Á sama tíma hélt Stefán fyrirlestra um, að fátækt hefði hér aukist. Þegar að var gáð, var fátæktarhugtakið Stefáns óvenjulegt. Hann miðaði við ójafna tekjuskiptingu. Flest skiljum við fátækt sem skort. Það er, þegar móður vantar fyrir mat handa barni sínu. En Stefán skilur fátækt sem hlutfall, samanburð. Það er, þegar einn maður fær að vísu áfram 100 þúsund krónur í mánaðartekjur, en annar maður, sem hafði áður fengið 500 þúsund krónur, hlýtur nú 750 þúsund krónur. Þá hefur fátækt aukist í skilningi Stefáns.

En við sjáum að bragði, að þessi hugtakanotkun hefur fráleitar afleiðingar. Samkvæmt þessu yrði tekjuskipting jafnari, hefði Björgólfur Guðmundsson flust úr landi. Þá hefði fátækt minnkað eftir skilningi Stefáns! En við vitum öll, að ekkert er eins líklegt til að auka fátækt og að hrekja ríkustu menn landsins burt. Þessi hugtakanotkun Stefáns var villandi, sérstaklega í því andrúmslofti, sem jafnan er skömmu fyrir kosningar.

Skattahækkunarbrella Stefáns er svipaðs eðlis. Hann horfir fram hjá mikilvægustu staðreyndunum. Stefán viðurkennir, að ríkið hefur lækkað tekjuskatt á einstaklinga. Það hefur raunar líka lækkað tekjuskatt á fyrirtæki og erfðaskatt og fellt niður aðstöðugjald og eignaskatt. En Stefán segir, að skattbyrðin á lægstu laun hafi aukist, vegna þess að persónuafsláttur inn, sem allir njóta, hefur ekki aukist jafnhratt og laun. Gallinn við málflutning Stefáns er sá, að hann gerir ekki skýran greinarmun á skattheimtu og skatttekjum. Skattheimta breytist til dæmis, þegar skattur er lækkaður úr 50% í 30%. Skatttekjur breytast hins vegar eftir öðrum lögmálum: Það getur til dæmis verið, að 30% af stórri upphæð sé miklu meira en 50% af lítilli, svo að skatttekjur aukist við lækkun skattheimtu. (Það gerðist raunar, þegar ríkið lækkaði skatttekjur á fyrirtæki úr 50% í 30% í byrjun tíunda áratugs.)

Hér á Íslandi hafa tekjur margra vegna almennra framfara hækkað umfram persónuafsláttinn, svo að þeir greiða tekjuskatt, en greiddu hann ekki áður. Skattstofninn hefur með öðrum orðum breikkað. Skattheimtan hefur ekki aukist, en skatttekjur ríkisins hafa aukist. En þetta er ánægjulegt. Þetta merkir ekkert annað en það, að fleiri eru aflögufærir en áður og geta greitt tekjuskatt. Það er líka eðlilegt að hækka persónuafsláttinn hægt:

Hann á ekki að miðast við, hversu hratt almennar tekjur hækka, heldur við hvað þarf til að komast af. Stefán ætti að fagna því, að fleiri eru aflögufærir en áður. Það er æskilegt, að sem flestir séu sjálfstæðir borgarar. Hitt er annað mál, að það á að halda áfram að lækka skatta. ■

MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

SÓFAVEISLA
Í Húsgagnahöllinni eru tilboð á öllum gerðum af sófum. TILBOÐ 6

HÁLSFESTAR
Stjörnurnar í Hollywood eru með stórar og áberandi hálsfestar.
TÍSKA 8

allt

ALLT HITT

TILBOÐ, MATUR OG TÍSKA

Svanni tískuvöruverslun rýmir fyrir nýjum vörum og býður allar útsöluvörur á tveir fyrir einn-tilboði. Einnig er boðið upp á 40 prósenta afslátt af undirfötum, náttfötum, heimasettum og fylgihlutum, eins og slæðum, treflum, töskum og skarti.

Brennivínið fellur vel að landanum yfir þorrann. Á heimasíðu ÁTVR kemur fram að sala á íslensku brennivíni árið 2005 var 5.300 lítrar. Á þorranum seldist um 21 prósent af árssölu brennivíns og má því segja að að jafnaði sé sala brennivíns á þorranum um tvöfalt meiri en aðra mánuði.

ÓB bensín er þekkt fyrir ódýrara verð á annars dýrri vöru. Hægt er að sækja um bensínkort á heimasíðu ÓB, www.ob.is, sem er fyrirframgreitt kort. Kortið veitir þriggja króna afslátt af hverjum dældum lítra og dregst afslátturinn frá lágu bensínverði sem jafnan er í boði hjá ÓB.

GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 17. febrúar, 48. dagur ársins 2006.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	*9.17*	*13.42*	*18.08*
Akureyri	*9.09*	*13.26*	*17.45*

Heimild: Almanak Háskólans

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is

Ásgeir nostrar við skreytinguna. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Ljúffeng kaka á konudegi

Hinn séríslenski konudagur er á sunnudaginn og nú eru góð ráð dýr fyrir eiginmenn og aðra herramenn.

Ásgeir Sandholt bakarameistari er uppspretta vísdóms um kökugerðarlistina. Þegar eftir því er leitað er hann fús til að miðla af honum til þeirra sem vilja koma elskunni sinni verulega á óvart með heimagerðri hnallþóru. Sjálfur er hann þekktur fyrir að framleiða ljúffengar kökur fyrir konudaginn og alltaf með nýju og nýju sniði á hverju ári. Hann er einmitt að setja konudagsköku ársins 2006 saman þegar Fréttablaðið ber að garði. „Við látum hugann hvarfla til karabísku eyjanna í ár og því er keimurinn af köku ársins mild blanda af pinacolada, ananas, kókos, lime, hindberjum og ástaraldinum," segir hann og munnvatnskirtlar kvenkyns blaðamannsins taka viðbragð bara við að heyra upptalninguna.

Ásgeir býr kökuna til úr hvítum botnum sem hann segir hvern sem er geta bakað eða keypt tilbúna. Sjálfur býr hann svo til ástaraldinsmarens og ástaraldinshlaup á svo dularfullan hátt að það ekki er á hvers manns færi. Hvorttveggja setur hann ofan á kökuna en segir þá sem geri hana í heimahúsum geta skreytt hana með rjóma og ávöxtum að vild. En þótt hann haldi vissum leyndardómum fyrir sig þá gefur hann okkur uppskrift að hinni ljúffengu fyllingu kökunnar sem er auðveld við að eiga og birtist hún á næstu opnu ásamt aðferð við að setja kökuna saman.

gun@frettabladid.is

Nýr skyr.is drykkur

MS HÓF NÝLEGA FRAMLEIÐSLU Á NÝJUM SKYR.IS DRYKK SEM ER MEÐ BLÁBERJABRAGÐI ÁN VIÐBÆTTS SYKURS.

Skyr.is vörurnar hafa heldur betur slegið í gegn hjá íslensku þjóðinni. Sérstaklega hafa skyr.is drykkirnir verið vinsælir og nú hefur enn einn drykkurinn bæst í fjölskylduna. Að þessu sinni er það skyr.is drykkur með bláberjabragði sem MS ákvað að setja á markað. „Neytendur hafa verið að biðja um fjölbreyttari tegundir auk þess sem við höfum verið að auka hlutfall skyr.is drykkja sem eru án viðbætts sykurs. Við erum að koma til móts við óskir neytenda um minni sykur," segir Einar Matthíasson, framkvæmdastjóri markaðs- og þróunarsviðs MS. Einar segir að fastlega megi búast við fleiri bragðtegundum í framtíðinni þó að hann vilji ekki lofa nýrri bragðtegund á þessu ári. Á meðan geta neytendur hins vegar smakkað á nýja bláberjadrykknum sem er án viðbætts sykurs.

Klár í snjóinn! **MAZDA TRIBUTE**

Eigum til afhendingar strax nokkra vel útbúna bíla 31" dekkjum.

Umboðsaðilar:
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430

X4 ehf.
Opið virka daga 10-18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is - **www.x4.is**

Sætar kartöflur eru alltaf að verða vinsælli hjá Íslendingum. Kartöflurnar má matreiða á ýmsan hátt og það er um að gera að skoða uppskriftir eða prófa sig bara áfram.

CASTILLO MONTROY:
Súkkulaðivín frá Valencia!

Nei, hér er ekki vín frá framleiðanda Valencia-súkkulaðsins á ferðinni, heldur flauelsmjúkt vín frá Castillo Montroy í Valencia-héraði á Spáni. Vínið passar reyndar mjög vel með súkkulaði, er frekar létt með mildu ávaxtabragði og gott eitt og sér eða með einhverju smánasli á borð við súkkulaði og osta. Vínið er blanda úr hinum dæmigerðu spænsku þrúgum tempranillo og monastrell. Castillo Montroy Valencia Reserva er geymt í þrjá mánuði á eikartunnum. Vínið er með fallegum rúbínrauðum lit, eðalbragði sem er kröftugt en þó mjúkt og aðlaðandi. Gott með rauðu kjöti, bragðmiklum réttum og svo auðvitað ostum og súkkulaði eins og áður hefur komið fram.

Verð í Vínbúðum er 890 kr.

Daníel Ingi Jóhannsson er kokkur á Skólabrú. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grænmeti, fiskur og ferskt krydd í uppáhaldi

Fimmtudaginn 30. mars fer fram keppni um titilinn Matreiðslumaður ársins 2006 á sýningunni Matur 2006. Fimm kokkar keppa um titilinn og á næstu vikum munu þeir gefa lesendum Fréttablaðsins girnilegar uppskriftir að ýmsum réttum. Fyrsti kokkurinn er Daníel Ingi Jóhannsson á Skólabrú.

Daníel hefur ekki keppt áður um titilinn Matreiðslumaður ársins. „Það var alveg kominn tími á það að taka þátt í keppninni en ég hef tekið þátt sem aðstoðarmaður og keppt um titilinn Matreiðslunemi ársins," segir Daníel.

Daníel kláraði kokkanámið fyrir tæpum þremur árum síðan og hefur unnið á Skólabrú síðustu tvö ár. „Það er mjög gott að vera á Skólabrú," segir hann.

Uppáhaldshráefnið hans Daníels er grænmeti. „Ég hef mjög gaman af því að útbúa meðlæti úr grænmeti," segir hann. Daníel segist líka gera meira af fiskréttum en kjötréttum. „Ég hef til dæmis mjög gaman af hörpuskel og flatfiski. Svo hef ég gaman af kryddjurtum og nota basil og rósmarín og þess háttar mikið. Ég nota líka chilli mikið, en ferskt krydd er í uppáhaldi hjá mér."

Daníel segist reyna að vera duglegur að elda heima hjá sér. „Það gefst ekki alltaf tími til þess því við búum bara tvö saman og vinnum bæði mikið." Daníel segir að þegar hann eldi heima sé eldamennskan mun einfaldari en þegar hann er í vinnunni og meðfylgjandi er uppskrift að hörpuskelsþynnum með Miðjarðarhafsgrænmeti og blómkálsmauki sem allir ættu að geta eldað.

Hörpuskelsþynnur með Miðjarðarhafsgrænmeti og blómkálsmauki. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hörpuskels þynnur með miðjarðarhafsgrænmeti og blómkálsmauki
(uppskrift er fyrir ca: 5 manns)

Hörpuskelsþynnur

10 stk. stór hörpuskel

Snöggsteikið hörpuskelina á mjög heitri pönnu í olíu. Skerið hverja hörpuskel í þrjár þunnar sneiðar.

Blómkálsmauk

2 blómkálshausar
75 g smjör
150 ml vatn
1 sítrónubörkur

Blómkálið skorið smátt og svitað í smjöri í 3 mín. með loki. Bætið vatni og sítrónuberki í og sjóðið í 12-15 mín. Maukið í blandara og kryddið til.

Miðjarðarhafsgrænmeti

1 kúrbítur (zucchini)
1 gul paprika
1 rauð paprika
1 græn paprika
1 rauður chilli
1/2 fennel
1 rif hvítlaukur
1 knúpur engifer
olífuolía

Skrælið papriku og kjarnhreinsið. Skerið allt grænmeti mjög smátt. Eldið fenniku og hvítlauk í olífuolíunni, bætið engifer út í og síðast papriku og kúrbít.

Sítrus sósa

1 egg
1 eggjarauða
100 ml ljós ólífuolía
100 ml Lesieur sítrus ólífuolía
1 msk. sykur eða hunang
safi úr 1/2 sítrónu
Börkur af 1/2 sítrónu
Salt og pipar

Hrærið allt nema olíur saman í skál. Þegar allt er vel blandað, hellið þá olíum ofurvarlega út í og pískið hratt þannig að úr verði þykk sósa. Kryddið. Gott er að nota töfrasprota í staðinn fyrir písk þegar verið er að hella olíunum út í. Gott er að hafa með þessum rétti smátt rifið jurtasalat úr ferskum kryddjurtum og góðu salati.

VÍSIR

NFS ER Á VISIR.IS

Bein útsending á VefTV og upptökur þegar þér hentar

NFS

Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

Ólífu- og rósmarínbrauð

Rósmarín, ólífur og salt setja sterkan svip á þetta brauð. Rósmarín hefur verið notað sem krydd frá örófi alda. Kryddjurtin er ættuð frá Miðjarðarhafslöndum og talin búa yfir ýmsum kröftum. Rómverjar og Grikkir trúðu meðal annars á mátt jurtarinnar til að skerpa minni fólks og því var jurtin notuð sem tákn um tryggð milli elskenda og brúðarkransar gerðir úr ilmandi brúskum jurtarinnar. Njótið því brauðsins með rómantískri máltíð; fiskisúpu, eða einhverri hlýlegri kássu, eða brjótið það eitt og sér til að bægja frá ykkur óminnishegranum.

BRAUÐIÐ:
250 g hveiti
1 pk. þurrger
1/2 tsk. maldon salt
2,5 dl volgt vatn

ÁLEGG:
Hnefafylli af svörtum ólífum
1 dl góð ólífuolía
1-2 brúskar af fersku rósmarín
maldon salt

Leysið gerið upp í ylvolgu vatni (40 gráður) í stórri skál og blandið því næst um það bil 1/3 af hveitinu saman við vökvann. Hyljið skálina og setjið til hliðar og látið degið hefast í 30 til 45 mínútur. Bætið þá afganginum af hveitinu og saltinu í skálina. Hnoðið deigið í skálinni þar til það loðir vel saman og klístrast ekki lengur. Setjið deigið því næst á olíusmurða og hveitistráða plötu og fletjið það út þar til það þekur um það bil 25x30 cm svæði. Penslið brauðið með ólífuolíu og setjið ólífur og rósmarín á víð og dreif um brauðið og látið brauðið svo hefast á plötunni í 30 mínútur til viðbótar. Bakið brauðið ofarlega í 200 gráðu heitum ofni í um það bil 10 til 15 mínútur eða þar til brauðið er orðið fallega gullið á lit. Takið brauðið úr ofninum og penslið það strax ríkulega með ólífuolíu og stráið að lokum grófu maldonsaltinu yfir allt. Mér finnst gott að hafa brauðið vel salt en það er þó smekksatriði.

Óttast er að íslenska geitastofninum sé hætt við að útrýmast. Til að bjarga stofninum er nú farið að vinna afurðir úr geitamjólk á Íslandi.

Geitaafurðir til bjargar

Hafnar eru tilraunir við að vinna afurðir úr geitamjólk á Íslandi. Vonast er til að afurðir geitarinnar bjargi henni frá útrýmingu.

Geitur bárust hingað til lands með landnámsmönnum eins og ýmis annar búfénaður. Íslenski geitastofninn hefur ekki blandast öðrum stofnum í þúsund ár og telja margir því nauðsynlegt að varðveita stofninn, sem telur aðeins 400 geitur og er talinn í útrýmingarhættu.

Besta leiðin til að styrkja geitastofninn er að nýta afurðir geitanna. Nú er að hefjast tilraunaframleiðsla á geitaostum í mjólkurbúinu í Búðardal. Framleiðslan var reynd fyrir tíu árum en henni var hætt þar sem hráefnisöflun var ekki jafn trygg og hún er nú.

Geitur eru á um fjörutíu bæjum víða um land. Stærsta hjörðin mun vera um áttatíu geitur á Háafelli á Hvítársíðu en þaðan er nú þegar farið að senda geitamjólk til mjólkurbúsins í Búðardal.

Þá er vonandi að geitaafurðir fái jákvæð viðbrögð neytenda en nefna má sem dæmi að í Asíu og Afríku er geitakjöt yfirleitt í meiri metum en lambakjöt þar sem geitakjötið er fitusnauðara.

PROMESSA OG A MANO:
Traust og góð á hagstæðu verði

Vín frá Puglia-héraði á syðsta odda Ítalíu hafa náð miklum vinsældum á Norðurlöndum allra síðustu ár. Fjöldamörg vín hafa komið fram á sjónarsviðið en það vín sem lengstum hefur dregið vagninn og mestra vinsælda notið heitir A Mano. Hér á landi hefur það verið mjög vinsælt enda traust og gott vín á hagstæðu verði. Nú er kominn nýr árgangur í Vínbúðirnar og þykir hann sá allra besti hingað til.

„Árið 2003 var mjög árangursríkt hjá okkur," segir maðurinn á bak við A Mano, bandaríski víngerðarmaðurinn Mark S. Shannon. Hann fluttist til Puglia fyrir nokkrum árum og ákvað í samstarfi við konu sína Elvezia að hefja vínrækt. Á undraskömmum tíma hafa vín þeirra vakið heimsathygli. Ekki síður vekur athygli að Bandaríkjamaður skuli gera innrás í ítalska vínmenningu þar sem hefðin er sterk og menn ekki mikið fyrir að láta einhverja útlendinga segja sér fyrir verkum. En heimamenn tóku Shannon í sátt um leið og þeir smökkuðu á hinum frábæru vínum þeirra hjóna sem hafa unnið til fjölda verðlauna síðustu ár. Auk A Mano fást önnur vín frá þeim hér á landi, Promessa Rosso Salento og Promessa Negroamaro.

Verð í Vínbúðum: Promessa Rosso Salento kostar 990 kr. í flösku en 3.590 kr. í þriggja lítra kassa.

Promessa Negroamaro og A Mano kosta 1.090 kr.

uppskrift }

Konudagskakan úr smiðju Ásgeirs Sandholt.

Konudagskakan góða

UPPSKRIFT FRÁ ÁSGEIRI SANDHOLT BAKARAMEISTARA.

2 hvítir botnar, heimabakaðir eða keyptir
250 ml ananassafi
1 pk. frosin hindber
250 g rjómi
ástaraldin
aðrir ávextir að vild

Létt karabískt krem
120 ml ananassafi
100 g kókosmjólk
safi úr 1 limeávexti
15-20 g Malibu romm (má sleppa)
3 eggjarauður
1 egg
10 g maisenamjöl
2 blöð matarlím (samt. 4 g)
200 ml rjómi

Aðferð við kremið: Allt sett í pott nema matarlímið og rjóminn og hrært saman yfir hita þar til það fer að þykkna. Þá er það tekið af hellunni og matarlímið sett út í og hrært saman við þegar það hefur leyst upp. Þá er kremið kælt þar til það verður fingurvolgt. Þá er rjóminn þeyttur og settur út í.
Þegar kakan er sett saman eru botnarnir bleyttir með 250 ml af ananassafa. Síðan er kremið sett á neðri botninn og hindber ofan á (þau fást frosin í flestum búðum). Efri botninn er settur þar ofan á og síðan er tertan skreytt með þeyttum rjóma, ástaraldinum og/eða öðrum ávöxtum.

Mjólk selst vel

MJÓLKURVÖRUR FRÁ MS SELJAST BETUR Í ÁR EN Á SAMA TÍMA Í FYRRA.

3% meira magn af mjólkurvörum seldist í janúar en á sama tímabili í fyrra. Verðmæti sölunnar var 536 milljónir en var 507 milljónir í fyrra, það er 5,6% aukning. Lítrarnir voru hins vegar tæplega 3.900 þúsund. Þróun í helstu vöruflokkum var þannig að sala á drykkjarmjólk jókst um 0,8% milli ára. Sala á bragðbættum mjólkurvörum um 0,7% milli ára. Sala á tilbúnum réttum jókst um 0,5% milli ára.
Í frétt á vefnum bondi.is kemur fram að í janúar í ár var einum söludegi meira en í janúar í fyrra sem skýrir söluaukninguna að mestu leyti.

Hunangs Sinnepssósa...
... þegar vindur hvín!

Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.

Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!

Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna.
Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

allt bílar
Alla laugardaga

Ítölsku Campagna bufftómatarnir í Nettó eiga algerlega metið þessa viku hvað afslátt áhrærir. 400 gramma dós af þeim lækkar úr 59 krónum í 9 eða um heil 85%.

85%

FJARÐARKAUP – ekki bara verð!

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Fersk jarðaber 250 g	159	298	636	45
Hvítkál	69	98	69	30
FK kryddaður lambahryggur	1.198	1.498	1.198	20
FK reykt folaldakjöt m/beini	485	698	485	30
SS Mexico helgarsteik	1.334	1.668	1.334	20
Steiktur kjúklingur frá Matfugli	589	789	589	25
Kjúklingabringur frá Matfugli	1.996	2.498	1.996	20
Fersk laxaflök	798	1.098	798	25
Coke light dós 0.33 l	49	83	148	40
Coke dós 0.33 l	49	83	148	40
FK brauð 770 g	99	129	128	
Always Ultra dömubindi	198	219	198	10

Tilboðin gilda til 18. febrúar

nettó

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Konudags gourmet meyrnuð piparsteik	2.099	2.998	2.099	30
Konudags gourmet nautalundir	2.849	4.749	2.849	40
Konudags gourmet lambafillet	2.439	3.487	2.439	30
Bautabúrs bayonneskinka	949	1.588	949	40
BK villikryddað lambalæri	1.099	1.838	1.099	40
BK ódýrt saltkjöt	199	344	199	40
Ekta ítalskar Campagna pastaskrúfur	59	85	59	30
Ekta ítalskt Campagna spaghetti	49	79	49	38
Ekta ítalskir Campagna bufftómatar 400 g dós	9	59	9	85
Ekta ítalskt Campagna pestó rautt & grænt	99	199	99	50

Tilboðin gilda til 19. febrúar

BÓNUS

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Frosinn lambahryggur	999	1.398	999	30
Frosið lambalæri	898	998	898	10
Freschetta pizzur 1,2 kg	599	Nýtt	499	
Nestle ís fitusnauður 900 ml	129	Nýtt	143	
Bónus kornbrauð 1 kg	98	129	98	25
Euroshopper hundamatur 10 kg	799	Nýtt	80	
Euroshopper kattamatur 1,5 kg poki	198	Nýtt	132	
Euroshopper kruður 100 g	59	Nýtt	590	
Euroshopper hunang 450 g	199	Nýtt	442	
Euroshopper majones 500 g	98	Nýtt	196	

Tilboðin gilda til 19. febrúar

KRÓNAN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambalæri frosið í poka	878	1.098	878	20
Krónu grísaofnsteik	974	1.499	974	35
Reyktur svínahnakki sneiðar Ali	1.049	1.498	1.049	30
Goða súpukjöt lítill poki	349	499	349	30
OS trönuberjasafi kassi 12 x 425 ml	1.698	nýtt	333	
Tropicana appelsínus. kassi 12 x 425 ml	1.398	nýtt	274	
Nóa kropp fata 500 g	399	nýtt	399	
Persil þvottaefni 5,4 kg	998	1.198	998	15
Cillit Bang Power Cleaner 750 ml	349	369	349	5
Caline bleiur midi/maxi/junior	349	399	349	15

Tilboðin gilda til 19. febrúar

NÓATÚN

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grísabógur hringskorinn	299	599	299	50
Grísahnakki úrb. sneiðar	799	1.498	799	45
Grísarifjur (spare ribs)	499	899	499	45
Bautabúrs hrossabjúgu 4 stk.	349	499	349	30
Bautabúrs Dalapylsa 400 g	111	158	278	30
Lambalæri Gourmet rauðvíns	1.398	1.874	1.398	25
Rúsínu- og valhnetubrauð	199	309	199	35
Vínber rauð	299	449	299	35
Epli rauð	99	159	99	40
Sérbökuð vínarbrauð	79	115	79	30

Tilboðin gilda til 19. febrúar

Þín verslun

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Saltkjöt blandað vacumpakkað	666	833	666	20
Saltkjöt ódýrt vac.	275	344	275	20
Londonlamb úr framparti	1.193	1.491	1.193	20
Steiktir kalkúnaborgarar	1.119	1.398	1.119	20
Ora gæðaskinka 465 g	839	998	1.804	15
Oetker desserts toffee 230 g	189	244	822	23
Oetker desserts Choko 230 g	189	244	822	23
Oetker dessert Nougat 230 g	189	244	822	23
Oetker dessert Tiramisu 230 g	189	244	822	23

Tilboðin gilda til 22. febrúar

HAGKAUP – Skemmtilegast að versla

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Einninga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambalæri úr kjötborði	898	1.298	898	30
Kindafille úr kjötborði	1.899	2.190	1.899	15
Nautalundir	2.387	3.979	2.387	40
Fyrirtakspizza margarita 400 g	399	549	1.000	30
Fyrirtakspizza m/skinku og sveppum 400 g	399	549	1.000	30
Fyrirtakspizza m/pepperoni 400 g	399	549	1.000	30
Fyrirtakspizza m/kjúkling 350 g	399	549	1.140	30

Tilboðin gilda til 19. febrúar

ROPE YOGA
Bæjarhrauni 22

NÝ 16 og 24 TÍMA BYRJENDANÁMSKEIÐ
HEFJAST 28. FEBRÚAR OG 6. MARS.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á www.ropeyoga.net
og í símum 555-3536 og 695-0089
Kennarar: Ósk og Domí

Bjóðum uppá frjálsa mætingu 17 opna tíma í viku fyrir þá sem hafa lokið rope yoga í yndislegu andrúmslofti og rólegu umhverfi.
Ertu ábyrgur fyrir þínu lífi, með skýran ásetning og markmið sem stuðla ánægju og velgengni!

tilboð }

Gleraugu

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll hefur ávallt boðið gott verð á góðum gleraugum. Þessa dagana býður verslunin upp á tvenn gleraugu á verði einna. Einnig eru umgjarðir á tilboði alla virka daga, frá morgni til hádegis, og er þá hægt að fá umgjarðirnar á eitt þúsund krónur.

30% afsláttur af öllum vörum

Bónus á Seltjarnarnesi selur allar vörur með 30 prósenta afslætti í dag.

Nóg verður að gera á kassanum í Bónus á Seltjarnarnesi í dag þar sem veittur er þrjátíu prósenta afsláttur af öllum vörum því rýma þarf búðina vegna framkvæmda.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Bónusverslunin á Seltjarnarnesi býr sig undir stórframkvæmdir þar sem fyrirhugað er að breyta skipulagi búðarinnar. Góðu fréttirnar fyrir neytendur eru þær að til að tæma búðina var ákveðið að selja allar vörur með þrjátíu prósenta afslætti. Í dag er síðasti dagur til að grípa þetta góða tækifæri og fylla búrið og baðskápa af vörum heima fyrir.

Eftir glæsilega afsláttarveislu í dag verður verslunin lokuð í viku meðan hún er stækkuð og innviðir hennar teknir í gegn.

Hægt er að eiga rómantíska kvöldstund og nótt á Grand Hótel fyrir lítinn pening.

Rómantík á tilboði

GRAND HÓTEL REYKJAVÍK GERIR GOTT VIÐ RÓMANTÍSKA UM HELGINA OG BÝÐUR PÖRUM FIMM RÉTTA MÁLTÍÐ, MORGUNMAT OG GISTINÓTT Á ÓTRÚLEGU VERÐI.

Grand Hótel Reykjavík leggur sitt af mörkum við að gera helgina sem rómantískasta. Grand Hótel býður sérstakt konudagstilboð á föstudags- og laugardagskvöldum til fjórða mars.

Innifalið í tilboðinu er gisting fyrir tvo með „king size“ rúmi eina nótt ásamt morgunverði. Kvöldmatseðilinn er fimm rétta, kjúklingaseyði, byggsaltfiskur, jarðarberjasorbet, nautalund og Tíramízukaka. Einnig fylgir með í tilboðinu rauðvínsflaska, kaffi og að sjálfsögðu koníak.

Tilboðið kostar aðeins 17.900 fyrir parið.

Upphengd salerni í miklu úrvali
frá Villeroy & Boch
ásamt handlaugum með
Ceramicplus glerung.

BAÐHEIMAR
Fosshálsi 1
s: 525 0800

NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

Febrúartilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum

Að sofa er eitt, að hvílast er annað.
Í febrúar bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kodda á frábæru tilboði.
Yfir 30 þúsund læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™
EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16

Diza ehf er lífsstílsverslun sem selur bútasaumsefni, prjónagarn og fatnað fyrir konur sem vilja skapa sér og sínum huggulegt umhverfi og fallegan fatnað til að njóta þess í.

Afsláttur á Lopa og værðarvoðum

Nýjar bútassaumsbækur
Ný Bútasaumsefni



Diza

Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga

Gerum nú ennþá betur

Heilsuhitapoki fylgir hverju sófasetti

Gildir til 25. febrúar eða á meðan birgðir endast.

Verið velkomin að Dalvegi 18.
Gallerí Húsgögn
Sími 554 5333

Opnunartími:
Virka daga frá kl. 11-18
Laugardaga frá kl. 11-16
Sunnudaga frá kl. 13-16

Antik
SÖLUSÝNING
PERLUNNI

föstudag kl. 10-18
laugardag kl. 10-18
sunnudag kl 12-18

Antik munir
Stofnár 1974

KLAPPARSTÍG 40 • SÍMI 552 7977
• uppbod@uppbod.is

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

Claudia Ólafsson, verslunarstjóri H&M Rowells á Íslandi, segir að verðmunur á póstlistaverði og almennu verði geti verið nokkuð mikill.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ódýrari flíkur með pósti

Póstverslanir eru ein leið til að kaupa föt á lægra verði. Verslunarstjóri H&M Rowells á Íslandi segir viðskiptahópinn sem nýtir sér þennan möguleika sífellt vera að stækka.

Á landi þar sem fataverð er nokkuð hátt eru margir farnir að leita nýrra leiða við að kaupa fötin á aðeins lægra verði. Margir nýta sér netið í auknum mæli og panta skó og aðrar flíkur gegnum sérstakar heimasíður. Aðrir nýta sér vörulistana og panta sinn fatnað gegnum póstverslanir.
Fólk ehf. er umboðsaðili H&M Rowells á Íslandi, en hjá þeim er einnig er rekin póstlistaverslun þar sem fólk hefur möguleika á að panta flíkur úr vörulista. Claudia Ólafsson, verslunarstjóri H&M Rowells á Íslandi, segir þann hóp viðskiptavina sem nýtir sér póstverslunina sífellt vera að stækka. „Við veitum ákveðna þjónustu við okkar kúnnahóp," segir Claudia. „Allir sem versla hjá okkur eru í gagnaskránni okkar. Við sendum viðskiptavinunum okkar boðskort á forútsölu í hvert skipti sem koma nýjar vörur. Þar getur fólk einnig fengið ókeypis póstlista til að versla upp úr og við sendum tvisvar á ári frían lista fyrir þá sem búa úti á landi."

Verðmunurinn á því að kaupa vörur í fatabúðum hérlendis eða í gegnum póstlista getur verið töluverður og tekur Claudia sem dæmi að hægt sé að fá gallabuxur, flottan bol og jakka á innan við tíu þúsund krónur. Listaverðið er endanlegt verð en þegar sent er út á land er rukkað sendingargjald. Auk þess eru þær flíkur sem seldar eru í versluninni ekki með neinni álagningu umfram listaverðið.

Claudia segir vera nóg að gera hjá þeim í H&M Rowells. „Við erum búin að halda úti starfsemi í fimmtán ár," segir Claudia. „Viðskiptahópurinn er alltaf að stækka og við erum með þónokkuð stóran hóp sem nýtir sér póstverslunina."

Sófaveisla í Húsgagnahöll

Góð tilboð eru nú á öllum gerðum af sófum í Húsgagnahöllinni á Bíldshöfða.

Tuttugu til fimmtíu prósenta afsláttur er nú á sófum í Húsgagnahöllinni á Bíldshöfða og úrvalið er mikið. Um er að ræða hornsófa, tveggja sæta og þriggja sæta sófa ásamt tungusófum með margskonar áklæðum í ýmsum litum. Allir eru þeir þó einlitir. Sem dæmi um verð má nefna sófa af gerð sem heitir Salvador en slíkur þriggja sæta er nú á 49.980 en var áður á 99.980 og tveggja sæta kostar nú 39.980 en var á 89.980. Séu þeir keyptir saman er 10 þúsund króna viðbótarafsláttur. Hjartalaga, rauð- ur og rómantískur svefnsófi kostar nú 39.980 en var á 52.800.

Opnunartilboð í Augastað

Ný gleraugnaverslun verður opnuð í verslunum Lyfja og heilsu sem ber heitið Augastaður. Í tilefni þess verða stórgóð tilboð á gleraugum.

Gleruaugnaverslunin Augastaður er með opnunartilboð um helgina. Gleraugnaverslunin verður í verslunum Lyfja og heilsu í Hamraborg og JL húsinu. Á opnunartilboðinu má fá gleraugu á góðu verði auk þess sem sjónfræðingur verður á staðunum til leiðbeiningar um val á réttum gleraugum.

Á tilboði má fá barnagleraugu fyrir tæpar átta þúsund krónur og gleraugu fyrir fjærsýna og nærsýna, einn styrkleika, frá 11.900 krónum. Auk þess má fá margskipt gleraugu með glampavörn frá 20.900 krónum og gleraugu með glampavörn og gleri sem dökknar í sól frá 22.900 krónum.

Ekki er úr vegi að fá sér ný og betri gleraugu á jafn góðu verði og fá nýja sýn á heiminn og tilveruna.

Gleraugnaverslunin Augastaður býður tilboð á gleraugum í tilefni af opnun verslunarinnar.

Húsasmiðjan er með helgarsprengju á gólfefnum.

Gólfefni á tilboði

UM HELGINA VERÐA GÓLFEFNI Á GÓÐU TILBOÐI HJÁ HÚSASMIÐJUNNI.

Húsasmiðjan verður í helgarskapi fram á sunnudag. Sannkölluð helgarsprengja verður á gólfefnum. Veittur verður 20 til 40 prósenta afsláttur af öllum flísum. 30 prósenta afsláttur er af undirlagi og parketlistum og hægt verður að fá plastparket frá 790 krónur fermetrann. Gott tilboð sem ætti að nýtast vel fyrir þá sem vilja fegra heimilið.

Stórútsala

TÓNLIST OG KVIKMYNDIR ERU Á GÓÐUM AFSLÆTTI Í MÚSÍK OG MYNDUM OG HAGKAUPUM.



Geisladiskar og DVD-myndir eru á hálfvirði í versluninni Músík og myndum, Hamraborg. Sem dæmi má nefna að nýjasti diskur Emilíönu Torrini kostar eingöngu 999 kr. og diskur Ragnheiðar Gröndal sömuleiðis. Trabantdiskurinn sem út kom fyrir jól er á sama verði.
Í Hagkaupum er stórútsölumarkaður um helgina. Þar má fá geisladiska frá 99 krónum, VHS myndir á 499 kr., úrval DVD-mynda á 899 kr. og DVD-tónlistardiska á 999 kr.

Bílaútsala Brimborgar lýkur í dag

TVEGGJA DAGA BÍLAÚTSALA BRIMBORGAR HÓFST Í GÆR.

Útsala stendur nú yfir hjá Brimborg á 50 notuðum bílum. Útsalan stendur aðeins í tvo daga og eru síðustu forvöð að fá bíl á afslætti í dag. Á staðnum verður hægt að fá 100 prósenta lán og án ábyrgðarmanna ef viðkomandi er fasteignaeigandi og ekki á vanskilaskrá.
Brimborg tekur auk þess notaðan bíl upp í. Þá er bæði hægt að velja að fá notaða bílinn staðgreiddan beint í vasan eða greiða með honum upp í annan bíl.

Lancomé kaupauki

Snyrtivörukynningar á vegum Lancomé verða í dag og á morgun. Átta þúsund króna kaupauki fylgir keyptum vörum.

Í dag og á morgun verður Lancomé-kynning haldin á þremur stöðum í Reykjavík: Snyrtivöruversluninni Glæsibæ, Snyrtivöruversluninni Bylgjunni og Andorra snyrtivöruverslun.
Ýmsar nýjungar verða kynntar eins og Teint Idole Ultra farðinn Platinium andlitskrem og Caresse handáburður. Einnig verða kynntar ýmsar húðslípunarvörur sem slétta og fegra áferð húðarinnar. Snyrtifræðingar Lancomé aðstoða konur við að endurnýja húðina eða læra fallega dagförðun.
Auk þess fylgir með kaupauki þegar keyptar eru tvær Lancomé-vörur. Verðmæti kaupaukans er átta þúsund krónur. Kostaboð fyrir þær konur sem þurfa að endurnýja snyrtibudduna.

Á kynningardögum Lancomé er hægt að fá átta þúsund króna kaupauka ef keyptar eru tvær eða fleiri vörur frá Lancomé.

tilboð }

Útivist

Ferða- og útivistarverslunin Everest er nú með þrjátíu til sjötíu prósenta afslátt af ýmsum vörum í verslun sinni. Þar má nefna útivistar- og skíðavörur, brettafatnað og brettavörur, skófatnað og gönguskó og ýmsan útivistarfatnað.

Jeppadekk á afslætti

Jeppadekk verða á afslætti hjá Max 1 út febrúar auk þess sem kaupauki fylgir fjórum seldum dekkjum.

Jeppadekkin verða á 25-30 próesnta afslætti hjá Max 1 á Bíldshöfða. Séu keypt fjögur ný jeppadekk fylgir veglegur kaupauki. Kaupaukinn er öflugur 12V rafmagnsfelgulykill að verðmæti 6 þúsund krónur.

Auk tilboðs á jeppadekkjum býður Max 1 einnig upp á tilboð á microskurð og neglingu fyrir dekk.

Skósprengja um helgina

Síðustu dagar Skósprengjunnar hjá Toppskónum eru nú um helgina.

Toppskórinn er meðal annars með skó frá Ecco.

Nú stendur yfir Skósprengja hjá Toppskónum á Suðurlandsbraut en henni lýkur um helgina. Í Toppskónum er hægt að fá dömuskó, herraskó og barnaskó með miklum afslætti og yfir helgina er afslátturinn lágmark fimmtíu prósent.

Eftir helgi verður afsláttur af skóm þrjátíu prósent en Toppskórinn er meðal annars með skó frá Ecco, Lloyd og Zinda.

tilboð }

Héðan og þaðan

Ceres á Nýbýlavegi er enn með útsölu í fullum gangi.



Síðustu dagar til að kaupa vörur í Lífstykkjabúðinni á útsölu.

Tokyo gæludýraverslun í Hafnarfirði er með 30 til 50 prósenta afslátt af öllum gæludýravörum. Kattafóður á helmingsafslætti.

Útsölulok í Tískuvali á morgun.

Sipa á Laugavegi er með allt að 70 prósenta afslátt á síðustu dögum útsölunnar.

Bison í Kringlunni er með 70 prósenta afslátt af öllum vetrarvörum á outletdögum.

Lagersala hjá Agli Árnasyni að Tunguhálsi. Helmings til 70 prósenta afsláttur.

1 árs afmæli
JKE DESIGN

Í tilefni af afmælinu verðum við með opið lengur um helgina og bjóðum upp á léttar veitingar.

Opið: laugardag 11-17 sunnudag 13-17

Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

KORTER

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar

Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 515 0700 www.jke-design.is

Hlýjar yfirhafnir verða nauðsynlegar enn um sinn þar sem eitthvað er í að vorið komi. Fallegar kápur og flottir jakkar geta því komið sér vel þegar á að gera eitthvað sérstakt.

NÝ SENDING
AF SUNDFATNAÐI FRÁ ANITA
FJÖLBREYTT ÚRVAL
Stærðir 36-50
Anita UniqueBodyWear
SIGURBOGINN
Sigurboginn • Laugavegi 80
s.561 1330

Sarah Michelle Gellar með tvær síðar hálsfestar.

Sienna Miller blandar saman gylltum festum og perlufestum.

Nýjar vörur
komnar í verslun
Verið hjartanlega velkomin
tvö líf
Holtasmári 1 • Sími 517 8500 www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

Brittany Murphy með svarta festi.

Síðar, grófar & allt í bland

Stjörnurnar halda áfram að klæðast síðum og grófum hálsfestum.

Vinsældir hálsfesta fara sannarlega ekki dvínandi eins og stjörnurnar sanna. Mikið hefur borið á síðum festum sem ná allt niður á mjaðmir og þær eru oftar en ekki stórar og grófar. Flott þykir að blanda ólíkum festum saman svo sem gulli og steinum eða perlum og silfri og hafa þær misfíngerðar og -síðar.

Janice Dickinson með heldur margar festar, spurning hvort þetta sé aðeins of mikið af því góða?

Teri Hatcher velur sér silfraðar hálsfestar með krossum og perlum.

Gwyneth Paltrow klæðist hér fallegri gullfesti.

Salma Hayek með nokkrar ólíkar festar.

Hilary Duff með verulega langa hálskeðju.

FERMING
Í FLASH
Kjólar
Pils
Toppar
Jakkar
Ótrúlegt úrval
FLASH
Laugavegi 54,
sími 552 5201

allt matur
Alla föstudaga

TEYGJUSPOTTINN BESTUR

en líka hættulegastur BLS. 17

[SÉRBLAÐ UM JEPPAFERÐIR – FÖSTUDAGUR 17. FEBRÚAR 2006]

á fjöllum



Ljósmynd: Thorsten Henn

EFNISYFIRLIT

Skilur hversdags-leikann eftir
Finnst best að komast úr GSM-sambandi BLS. 2

Tvö ný jeppadekk á markaðnum
Annað hannað og þróað af Íslendingum fyrir Íslendinga

BLS. 11

Erfiðast að vaka
Sló heimsmet á Suðurpólnum BLS. 6

Fjarskiptatæki í jeppum
Betra að hafa fleiri en færri
BLS. 12

Laugin ómissandi
Náttúruperlan Hveravellir er vinsæll áningarstaður BLS. 14

Augljós kostur
við bílakaup

Við erum sérfræðingar í bílafjármögnun.

Hafðu samband í síma 440 4400 eða kynntu þér málið á glitnir.is.

Breytum hugmyndum í veruleika Glitnir

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2374

Jeppaklúbbar

Á LANDINU MÁ FINNA MÖRG FÉLÖG SEM TENGJAST JEPPAMENNSKU. HÉR MÁ SJÁ DÆMI UM NOKKUR FÉLAGASAMTÖK OG KLÚBBA SEM HALDA UPPI HEIMASÍÐUM.

4x4

Ferðaklúbburinn 4x4 er mjög vinsæll og heldur uppi frábærri heimasíðu. Mjög athyglisverðar ferðir eru skipulagðar af félaginu, sem dæmi er Heimskautaferð til Kanada. Árgjaldið í félagið er 4.200 krónur.
Vefsíða: www.f4x4.is

Íslandsrover

Félagsskapur fyrir alla Land Rover-eigendur. Skipuleggja ferðir með eigendum Land Rover-bíla og halda úti heimasíðu með gagnlegum upplýsingum fyrir þá.
Vefsíða: http://www2.ecweb.is/islandrover

Stormsveitin

Starfsmenn Flugmálastjórnar halda úti Jeppaklúbbi sem kallast Stormsveitin.
Vefsíða: http://that.is/jeppaklubbur

Heimsgir hf

Innan félagsins starfa ýmsar deildir samkvæmt heimasíðu þeirra. Landsþing félagsins er haldið ár hvert á Þingvöllum. Félagið hefur farið skipulagðar ferðir til útbreiðslu boðskaparins til ýmissa landa úti í hinum stóra heimi.
Vefsíða: heimsgir.org

4x3 á flugi

Almennur jeppa- og vélsleðaklúbbur í Vík í Mýrdal. Markmið klúbbsins er að stunda heilbrigða og skemmtilega ferðamennsku uppi um fjöll og firnindi, halda úti heimasíðu um herlegheitin og umfram allt, hafa gaman af lífinu. Félagsgjöld eru eru 500 kr. á ári en um fimmtíu manns eru í félaginu.
Vefsíða: www.4x3aflugi.com

Gemlingarnir

Ungliðar 4x4 klúbbsins hafa heimasíðu þar sem þeir fá að vera áfram ungir og óábyrgir. Á síðunni má finna myndir, spjall o. fl.
Vefsíða: www.gemlingarnir.com

Góður félagsskapur er eitt það skemmtilegasta við jeppasportið.

Til hvers er...

GPS-tæki?

Veður og færð á hálendi Íslands eru óútreiknanleg. Auk þess leynist margt undir snjóhulu og því er vissara að vita hvert er verið að fara. GPS-tæki eru tæki sem reikna út staðsetningu sína út frá boðum frá gervitunglum. Skekkjumörkin eru yfirleitt sem nemur hálfri eða heilli víllengd. Með GPS-væðingunni opnaðist nýr möguleiki fyrir ferðafólk. Hægt er að tengja tækin við fartölvu með kortagrunni og sum tækin eru meira að segja með innbyggðu korti.
Þannig er hægt að sjá jafnóðum hvar maður maður er staddur og í hvaða átt maður er að ferðast. Enn fremur er hægt að nota fyrir fram skilgreinda punkta og ferla til að þræða ákveðnar leiðir af töluverðri nákvæmni.

GPS-tæki vara ekki við misfellum, klettabrúnum eða öðru slíku. Því getur verið hættulegt að styðjast við það í blindni, til dæmis ef skyggni er ekkert. Enn fremur ættu gott kort og áttaviti alltaf að vera með í för. Sá búnaður verður aldrei rafmagnslaus og bilar aldrei.

Tveir góðir á Snæfellsjökli. Eins og jeppamanna er siður segist Birkir alveg hafa getað farið hærra, hann hafi bara ekki nennt því þennan dag.
MYND/BJÖRN ÞÓR JÓNSSON

Skilur hversdagsleikann eftir

Birkir Jónsson fer ekkert í grafgötur með það að jeppinn hans er leiktæki. Hann notar hann til að komast út fyrir dreifikerfi GSM.

Birkir ekur um á Jeep Wrangler, árgerð 1991. Víllinn er á 38" dekkjum en Birkir segir hann pínkulítinn í samanburði við alla hina. Hann er þó með 4ra lítra bensínvél enda er víllinn umfram allt leiktæki. „Ég er búinn að eiga hann og annan svona í 6 ár. Sá gamli valt og ég bjó til þennan úr brakinu. Tryggingarnar neituðu að borga fyrir breytinguna svo það var vænlegasti kosturinn," segir Birkir.

Það besta við jeppamennskuna finnst Birki vera að komast út fyrir dreifikerfi GSM síma. „Þá er maður laus við hversdagsleikann, skilur hann eftir. Styttri ferðirnar að minnska kosti eru líka svo afslappaðar, ekkert stress. Maður endurnærist á þessu."

Birkir fékk áhuga á jeppamennsku í gegnum Lada Sport sem fjölskylda hans átti. „Við fórum á henni út um allt land og reyndum fyrir okkur í snjónum. Þannig datt ég inn í þetta. Ég ætlaði reyndar aldrei að fá mér jeppa en bróðir minn benti mér á gamla bílinn minn. Það var toppeintak svo ég keypti hann, byrjaði í þessu á fullu og hef ekki hætt síðan," segir Birkir.

Uppáhaldsferðamáti Birkis er vetrarferðir í litlum hópi. „Það er gott að ferðast í þéttum hópi. Þá hjálpast allir að og það er ekkert vesen. Allir þekkja alla og ef eitthvað kemur upp á halda allir ró sinni. Það er erfiðast að finna ferðafélaga sem maður þekkir og veit að eru góðir, líka þegar allt er farið til fjandans," segir Birkir og leggur áherslu á orð sín.

„Það gerist margt í svona ferðum, flest skemmtilegt. Stundum kemur eitthvað upp á en það reddast alltaf. Við höfum meira að segja lent í bílveltu og slysum á fólki. Góður hópur reddar málunum án þess að það sé neitt vesen. Það er ómetanlegt."

Fram undan er grillferð í Landmannalaugar. „Það er gott að fara í svona afslappaðar ferðir á milli erfiðari ferðanna. Annars er Drangajökull eini jökullinn sem ég á eftir að koma á, hann er líka á stefnuskránni en ég kemst sennilega ekki á hann í vetur."

Aðspurður um skemmtilega ferðasögu stendur ekki á Birki. „Við vorum að koma úr Landmannalaugum og erum að keyra við Kirkjufellsvatn. Kærastan var með mér í bílnum og skyndilega kallar hún upp að ég eigi að passa mig. Ég rykkti samstundis í stýrið en passaði mig í vitausa átt og við lentum úti í á. Þð tók fimm tíma að brölta fjörutíu metra í gegnum ísinn í ánni því ég komst ekki upp á bakkann aftur," segir Birkir að lokum.

Birkir Jónsson hefur keyrt tvo Wrangler-bíla sína í sjö ár. Núverandi víll er smíðaður upp úr þeim eldri, sem skemmdist eftir veltu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GÖMLU TRYGGINGAFÉLÖGIN ERU MEÐ HEILSÁRS BINDITÍMA. ELÍSABETU FINNST ÞAÐ VERA ROSALEGA 2005.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

JÓNSSON & LE MACKS • SÍA • 40067

Skálar á hálendinu

ENGIN BYGGÐ ER Á HÁLENDINU OG ÞAÐ ER ÞVÍ KJÖRIÐ TIL AÐ LENDA Í ALLS KONAR ÆVINTÝRUM.

Ferðafélög landsins eiga skála sem eru flestir stórir og vel búnir. Yfir sumartímann eru umsjónarmenn í þeim að vetrinum geta ferðamenn haft afnot af þeim gegn vægu gjaldi.

Í skálunum eru eldhúsáhöld og þá er olíukynding í þeim flestum. Margir skálar eru í einkaeign og leyfa eigendur þeirra oft afnot af þeim. Það er þó mjög mikilvægt að þeir sem fá þá lánaða gangi vel um.

Skálaferðir geta verið notaleg ferðalög. Það þurfa samt allir að ganga vel um.

ALGENGAR REGLUR:

- Ganga frá skálanum eins og þið mynduð vilja koma að honum sjálf.
- Reykingar eru bannaðar innan dyra.
- Ganga vel frá gluggum (ath. að allir gluggar séu vel lokaðir.)
- Reisa allar dýnur upp svo vel lofti undir þær og ganga frá dýnum á svefnloftum.
- Skrúfa vel fyrir gas á eldavél í eldhúsi, olíu á rafstöð og olíu á olíuofna.
- Hreinsa snjó úr útidyrafalsi og ganga vel frá hlerum fyrir dyrum.
- Allt rusl og drykkjarumbúðir skal taka til byggða.
- Þrífa og læsa salernishúsi.
- Slökkva á ljósavél og læsa gámi.
- Dýrahald er bannað nema með samþykki annarra skálagesta.
- Svefnkyrrð skal vera í skálanum frá kl, 24.00 til kl. 7.00.

DEKKIN SKIPTA MÁLI

SUPER SWAMPER
IROK
FÁANLEGT Í 33 - 49"
15 -18" FELGUR

SUPER SWAMPER
SSR
FÁANLEGT Í 35 - 38"
15 -18" FELGUR

GROUND HAWG II
FÁANLEGT Í 36 - 44"
15 -16,5" FELGUR

COOPER
DISCOVERER ATR
JEPPA OG JEPPLINGADEKK

COOPER
DISCOVERER M+S
JEPPA OG JEPPLINGADEKK

2258/Taktik 16.02.06

Hjá **Gúmmívinnustofunni**, **Hjólbarðahölinni** og **Hjólbarðaverkstæði Vesturbæjar** starfa margir af reyndustu dekkjasérfræðingum landsins sem veita þér fullkomna ráðgjöf í vali dekkja undir jeppann þinn.

Rétt dekk undir jeppann - þú finnur muninn

Gúmmívinnustofan
www.gvs.is
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
587 5588

Hjólbarðahöllin
www.hollin.is
Fellsmúla 24 • 108 Reykjavík
530 5700

Hjólbarðaverkstæði
Vesturbæjar
Ægisíða 102 • 107 Reykjavík
552 3470

Panther · Eagle alloys · GROUND HAWG · KUMHO TYRES · MICHELIN · SUPER SWAMPER · u.s. wheel EST. 1986 · COOPERTIRES · Bílanaust

til hvers er...

Aukatankur?

Aukaeldsneytistankur gegnir hlutverki bensínstöðvar í löngum ferðum. Flestir jeppar eyða meira eldsneyti en fólksbílar við venjulegar aðstæður. Við erfiða ferðamennsku eykst eyðslan til muna, reyndar svo mikið að talað er um eyðslu á klukkustund, ekki á hverja hundrað kílómetra.

Það er sjaldgæft, en ekki óþekkt, að eyðslan fari upp í einn lítra á hvern kílómetra við allra erfiðustu aðstæður. Það er nauðsynlegt að vera með varabirgðir af eldsneyti með sér því aðeins er ein bensínstöð á öllu hálendi Íslands.

Aukatankarnir eru yfirleitt tengdir aðaltönkum bíla með röri eða slöngu og lítil dæla sér um að dæla á milli tanka þegar lækka fer í aðaltankinum.

Helsti gallinn við að bera með sér aukaeldsneyti er aukin þyngd en flestir reyna að hafa bíla sína sem léttasta í vetrarferðum. Hvert aukakíló getur komið niður á drifgetu.

ÞYKIR ÞÉR VÆNT UM JEPPANN ÞINN?

BRIDGESTONE
UMBOÐSAÐILI BRIDGESTONE Á ÍSLANDI
BETRA GRIP
DEKKJAÞJÓNUSTA
LÁGMÚLA 9
SÍMI: 5-333-999

Ferðalangar í Kisugljúfri.

Hrunamannaafréttur og Klakksleið

{ leiðin mín }

JÓN G. SNÆLAND
Ritari Ferðaklúbbsins 4x4
Bíll: Mikið breyttur Toyota 4Runner á 44" dekkjum

Ein af þeim leiðum sem mér finnst hvað skemmtilegast að aka sumar sem vetur er leið sem kallast Klakksleið. Sögulega séð er hún kannski ekkert merkileg. Leiðin er engu að síður ein af fjórum leiðum sem félagar í Ferðaklúbbnum 4x4 nota til þess að komast í fjallaskálann sinn Setrið, sem stendur undir Hofsjökli.

Þegar leiðin er ekin er fyrst farið um Hrunamannaafrétt, upp hjá kirkjustaðnum Tungufelli. Á Hrunamannaafrétti er margt að skoða og mætti fyrst benda á fallegan foss í Búðará neðan við slóðina. Búðará er lítil dragá en á það til að vaxa og gerðist það við Búðará að þar staldraði Umhverfisnefnd Ferðaklúbbsins 4x4 við lengur en til stóð. Það var í asahláku og stórrigningu í mars 2004. Lokaðist stór hópur breyttra jeppa af fyrir innan ána í foráttuvexti og var þessi annars saklausa á sem stórfljót á að horfa. Nokkrir jeppanna komust yfir við illan leik en aðrir urðu að bíða í sólahring eftir að aðeins minnkaði í ánni svo fært væri yfir.

Næsti áfangi er Svínárnes en fyrst er komið að Svíná og handan hennar er Svínárnesskáli. Þar er skemmtilegt að stoppa og fá sér nestisbita og skoða gamlan uppgerðan gangnamannaskála sem þar stendur.

Frá Svínárnesi er haldið áfram yfir nokkrar litlar ár og fer þá slóðin hratt hækkandi og fer hæst í

Á leið yfir Búðará.

rúmlega 800 metra yfir sjávarmáli.

Þegar komið er þar sem leiðin liggur hvað hæst sést slóð til vinstri og liggur hún inn með Draugakvísl að fjallinu Klakki. Undir því stendur samnefndur skáli og er leiðin þangað greið.

Áfram er haldið og ekið um sand og mela inn að Kisubotnum. Þar er komið að miklum brekkum ofan við Kisubotna. Ofan brekkunnar er fagurt útsýni inn yfir Þjórsárver og Hofsjökul. Þegar komið er niður á eyrarnar fyrir neðan brekkurnar er hægt að taka á sig smá krók og aka skemmtilega leið inn Kisugljúfur. Það er um 800 metra leið.

Frá Kisugljúfri er ekið um eyrar og að vaði á jökulánni Kisu. Mörgum þykir nafn árinnar sérkennilegt en Kisa hefur einnig gengið undir nafninu Kísá og Kjálkaversá. Þarna á eyrunum er ekið yfir ána í þrígang á nokkuð góðum vöðum.

Að öllu jöfnu er áin vel fær breyttum jeppum að sumarlagi. Hún á þó til að bólgna aðeins upp

og getur þá verið óárennileg þeim sem ekki þekkja til hennar. Sérstaklega á það við um austasta vaðið á henni en þar grefur hún sig meira niður og geta bakkarnir verið nokkuð brattir. Því má segja að leiðin sé ekki fær minnstu jeppunum, en vel fær meðalstórum jeppum og er þá betra að vera ekki einn á ferð. Að vetrarlagi getur leiðin verið mjög krefjandi og ekki ráðlegt að leggja inn á leiðina ef spáin er slæm.

Fyrir nokkrum misserum komst Klakksleið í sviðsljósið meðal jeppamanna. Það var þegar félagar í Ferðaklúbbnum 4x4 fóru Klakksleið á leið á Þorrablót í Setrið árið 2003. Þeir lögðu af stað frá Reykjavík seinnipart föstudags. Hrepptu þeir aftakaveður og erfið snjóalög og voru því ekki komnir á áfangastað fyrr en klukkan fjögur aðfaranótt sunnudagsins. Þeir voru því rúma 38 tíma á leiðinni.

Frá Kisu er stutt inn að gatnamótum neðan Setursins. Þar er hægt að velja um tvær leiðir til byggða. Til vinstri er Illahraunsleið sem liggur norðan Kerlingafjalla og á Kjalveg. Leiðin til hægri liggur um Fjórðungssand og Gljúfurleit og þaðan á Sprengisandsleið við Sultartanga.

Ferðalangar við Svínárnesskála.

MITSUBISHI MOTORS

Hörkuverð
3.250.000 kr.

Sjálfskiptur með 3 lítra 177 hestafla V6 bensínvél eða beinskiptur með 2,5 lítra dísilvél.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA-5477

Aukabúnaður á mynd: 18" álfelgur

33.589 kr. á mánuði*

Staðalbúnaður í Pajero Sport:

- Hátt og lágt drif
- Álfelgur
- Vindskeið
- Stigbretti
- Skyggðar rúður
- ABS hemlalæsivörn

Pajero Sport er fullvaxinn alvörujeppi

á verði sem á sér ekki hliðstæðu meðal sambærilegra bíla. Hann er búinn öllum þeim eiginleikum sem hafa skipað Mitsubishi í fremstu röð jeppaframleiðenda.

Pajero Sport er einnig fáanlegur í lúxusútgáfu (President) með glæsilegri leðurinnréttingu, sóllúgu, hita í framrúðu o.fl.

*Miðað við 30% útborgun og gengistryggðan bílasamning SP til 84 mánaða.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

HEKLA®

Erfiðast að halda sér vakandi í 69 klukkutíma

Gunnar Egilsson þarf vart að kynna. Hann gat sér gott orð í torfæruíþróttinni fyrir nokkrum árum, hefur verið viðloðandi jeppamennsku enn lengur og hefur breytt og smíðað bíla undir merkjum Icecool, þar á meðal sex hjóla bíla sem snúa hausum hvert sem þeir fara. Nýjasta afrek Gunnars, og líklega það sem hann er hvað frægastur fyrir, er ferð hans á Suðurpólinn.

Ferðin var farin í þeim tilgangi að slá hraðametið á leiðinni frá Patriot Hills til Suðurpólsins. Fyrra metið var tuttugu og fjórir sólarhringar en Gunnar og breskir félagar hans slógu metið svo um munaði og fóru leiðina á 69 klukkutímum og 30 mínútum.

„Hugmyndin varð til hjá Bretunum. Þeir voru á pólnum einhvern tíma og þegar þeir voru að leggja af stað heim sáu þeir Land Rover keyra um borð í flugvél. Þeir ákváðu þá að þeir einu sem gætu slegið metið og keyrt þessa tólfhundruð kílómetra á stuttum tíma væru Íslendingar," segir Gunnar. Þeir höfðu svo samband við Gunnar og hann smíðaði bílinn sem notaður var. Til fyrirmyndar notaði hann bíl sem hann smíðaði fyrir sjö árum, sex hjóla Econoline sem gengur undir nafninu Icecool og er í eigu hans sjálfs.

„Ég klónaði gamla bílinn algjörlega enda hefur hann reynst vel. Bíllinn stóð sig líka mjög vel í ferðinni. Það bilaði einn reimastrekkjari en allt annað var í stakasta lagi allan tímann. Lykillinn var að vinna heimavinnuna hér á Íslandi, það skipti höfuðmáli og allar ákvarðanir og breytingar voru skoðaðar frá A til Ö áður en þær voru framkvæmdar. Enda prufaði ég ekki bílinn nema í klukkustund áður en hann var sendur út. Rétt skaust upp á Mýrdalsjökul, niður í fjöru og svo beina leið í skip," segir Gunnar.

Gunnar á Suðurpólnum. Aðeins liðu átta mánuðir frá því að haft var samband við hann þar til hann stóð á pólnum. Í bakgrunni er bíllinn sem hann smíðaði sérstaklega fyrir ferðina.

Erfiðasta áskorunin reyndist líka ekki vera að koma bílnum á leiðarenda, heldur að halda sér vakandi allan tímann. „Það var rosalega erfitt," segir Gunnar. „Þetta er svo hrikalega óslétt svæði á köflum. Og ólíkt því sem við þekkjum hér. Þarna er alltaf frost þannig að snjórinn hlýnar aldrei og stirðnar aldrei. Hann skefur í skafskafla sem eru grjótharðir. Það er aldrei snjóbráð þarna svo þetta var allt grjóthart. Að vita að kannski næstu þrjúhundruð kílómetrar sem voru framundan væru í svona færi var oft erfið tilhugsun. Í samanburði við þetta er barnaleikur að keyra yfir hálendi Íslands," segir Gunnar.

Gunnar Egilsson jeppasmiður setti í vetur heimsmet þegar hann ók frá Patriot Hills að Suðurpólnum á 69 klukkutímum og 30 mínútum. Bílinn smíðaði hann sjálfur fyrir Breta sem voru með honum í ferðinni. Sem fyrirmynd hafði hann bíl sem hann smíðaði fyrir sjö árum og gengur undir nafninu Icecool. LJÓSMYNDIR: GUNNAR EGILSSON

Töluvert þarf af útbúnaði til að ferðast 1.200 kílómetra.

Það er þó ljóst að samspil manns og vélar hefur gengið vel því í tæplega þrjá sólarhringa stóðu bæði Gunnar og bíllinn í ströngu og slógu hvorugur feilpúst. Því til sönnunar er heimsmet sem verður vart sleg-ið í bráð, enda bætingin rúmlega áttföld frá síðasta meti.

Hápunktur ferðarinnar var svo auðvitað koman á Suðurpólinn. „Það var stórkostlegt að ná loksins þessu langþráða markmiði. Ég var orðinn mjög þreyttur en gat trappað mig niður. Ég gat ekki sofið fyrst nema í klukkutíma og klukkutíma en að lokum náði ég að hvílast," segir Gunnar.

Dvölin á pólnum stóð í fjóra daga og það kom Gunnari mikið á óvart hversu mannmargt var þar. „Það er mikil byggð þarna. Á pólnum sjálfum eru 250 manns við vinnu og ég var hissa að sjá hvað voru mikil umsvif þarna og mikið um að vera. Ég vissi að það væri eitthvað þarna en ekkert í líkingu við þetta. Okkur var mjög vel tekið, ekki síst af því að við komum keyrandi en það gerist ekki á hverjum degi. Við fengum að fara um allt og skoða allt og var hvergi bannað að vera. Það voru allir mjög vinalegir og engin vandamál. Við þurftum náttúrlega að vera sjálfbjarga með mat og þess háttar, enda von á þessum stað, en móttökurnar voru mjög góðar," segir Gunnar.

Það krefst umtalsverðrar kunnáttu, færni og reynslu að takast á við verkefni eins og það að smíða bíl og slá á honum heimsmet við svo erfiðar aðstæður. Þar að auki var tíminn til verksins knappur því haft var samband við Gunnar í apríl á síðasta ári, aðeins átta mánuðum áður en pólnum var náð.

Gunnar hefur helgað hluta lífs síns jeppamennsku. 1980 eignaðist hann sinn fyrsta jeppa, Ford Bronco árgerð 1973. „Maður var aðeins með puttann í þessu áður. Ég átti svo Willy's og síðar LandCruiser sem ég smíðaði báða. 1999 smíðaði ég svo Icecool og hef verið á honum síðan. Frá 1991 var ég í torfærunni, fyrst á Willy's og svo á torfærugrind sem ég smíðaði," segir Gunnar og bætir við að uppáhaldsferðirnar hans séu vetrarferðir með félögum hans úr Jöklarannsóknarfélaginu. „Þeir eru uppáhaldsferðafélagar mínir. Þetta er um sex bíla hópur sem hefur ferðast svolítið saman og við þekkjum hvern annan."

Í Chile var bíllinn settur í flugvél sem flaug með hann til Patriot Hills.

Brak af DC6-flugvél sem brotlenti á Suðurskautinu 1991. Áhöfnin komst öll lífs af, en misslösuð. Hreyfill vélarinnar klippti fætur og höfuðleður af einum í áhöfninni.

Þegar Gunnar kom heim til Íslands aftur biðu félagar úr Ferðaklúbbnum 4x4 eftir honum við Rauðavatn þar sem þeir mynduðu heiðursvörð. LJÓSMYND: ÓSKAR ANDRI

Að loknu ævintýrinu á Suðurpólnum er bíllinn á leiðinni til Íslands í yfirferð og viðhald. Því næst fer hann aftur til Bretlands þar sem hann verður til sýnis í háskólum og söfnum í tengslum við Suðurpólinn. Að því loknu verður hann settur á safn. Spurður hvort honum finnist ekki sárt að sjá svo fullkominn og góðan ferðabíl fara strax á safn segist Gunnar þvert á móti vera ákaflega stoltur af honum. „Íslenska leiðin væri sú að útjaska honum á fjöllum og láta hann svo standa undir húsvegg í tuttugu eða þrjátíu ár, gera hann þá upp og setja loks á safn. Mér líst mjög vel á að hann fari strax á safn í sínu besta formi," segir Gunnar.

Áform um næstu áskorun eru ekki alveg ljós. „Mig langar rosalega að fara þvert yfir Suðurskautið á alveg eins bíl, með viðkomu á pólnum. Ég veit svosem ekki hvort það verður úr. Tíminn verður að leiða það í ljós," segir íslenski jeppasmiðurinn sem lét sig ekki muna um að slá heimsmet hinum megin á hnettinum.

Enn betra verð

2.985.000 kr.

fyrir fullbúinn alvörujeppa

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 4053

KIA Sorento er frábær jeppi byggður á grind með aflmikilli 140 hestafla turbo dísilvél, háu og lágu drifi og 5 þrepa sjálfskiptingu. Auk þess ríkulega búinn með ABS hemlakerfi, tvískiptum afturhlera, álfelgum, þakboga og mörgu fleiru. Þetta er jeppi sem þú verður að prófa.

HM pakki

Öllum Sorento fylgir aukahlutapakki að upphæð 200.000 kr.
Vetrardekk á 16" álfelgum og sumardekkin á álfelgum klár í skottinu. Gildir meðan birgðir endast.

KIA umboðið er eini viðurkenndi sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.
3 ára ábyrgð.

Taktu þátt í HM leik KIA
og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.

© 2004 FIFA TM

KIA MOTORS

KIA ***umboðið*** á Íslandi er í eigu Heklu hf.

Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5700

LandCruiser 120 á 38" dekkjum. Þó að dekkin séu það fyrsta sem gefur til kynna að bíllinn sé breyttur býr margt fleira að baki.

Óneitanlega vígalegur. Kastaragrindin gefur bílnum sterkan svip.

Ekki bara stór dekk

Fyrir leikmanninn kann svo að virðast að jeppabreyting felist í því einu að setja stærri dekk undir bílinn. Það er þó ekki alveg svo einfalt.

Þegar kemur að jeppabreytingum eru Íslendingar í algjörum sérflokki. Vinsældir hálendisferða gera það að verkum að reynsla og þekking á því hvað virkar er mjög mikil. Segja má að íslenskar jeppabreytingar séu sérsniðnar að íslenskum aðstæðum. Í Bandaríkjunum til dæmis eru breytingar töluvert frábrugðnar enda sjaldgæft að breyttir bílar þar séu notaðir til snjóaksturs.

Breyting er samt ekki það sama og breyting. Tegund breytingar fer til dæmis eftir því hvort nota eigi bílinn fyrst og fremst á malbiki eða á fjöllum. Við fengum Reyni Jónsson hjá Fjallasporti til að sýna okkur breyttan bíl og fara yfir það sem búið er að gera til að bíllinn geti talist „fullbreyttur“.

Fyrir valinu varð Toyota LandCruiser 120 á 38“ dekkjum. „Það leikur enginn vafi á því að LandCruiser 120 er vinsælasti jeppinn á Íslandi í dag,“ segir Reynir. „LandCruiser hefur líka í áranna rás verið gríðarlega vinsæll til breytinga og hálendisferða og því oftar en ekki verið settur á 38“ dekk til slíkrar notkunar.

Frá 1996, þegar LandCruiser 90 kom fyrst á markað, og þar til seint á síðasta ári hefur bíllinn, sem í dag heitir Landcruiser 120, verið hækkaður á yfirbyggingu til að hægt sé að koma 38“ dekkjum undir bílinn. Þetta hefur þýtt það að grind bílsins hækkar ekkert og því hefur snjór átt auðveldara með að safnast undir bílinn og valdið vandræðum í þungu færi.“

Vegna þessa hafa þau hjá Fjallasporti hannað nýja 38“ breytingu á bílinn sem felst í því að hækka undirvagn jeppans um 10 cm í stað þess að lyfta honum á yfirbyggingu. Að framan eru allir klafar og stýrismaskina síkkuð. Spindilarmar eru síkkaðir og styrktir. Að aftan er hásing færð aftar um 10 cm en um leið færð neðar um 10 cm.

„Þessi útfærsla leiðir til þess að LandCruiserinn heldur sínum frábæru akstureiginleikum. Um leið hækkar neðsti punktur grindar um 10 cm, sem gerir jeppann mun skemmtilegri og drifbetri í snjó og við erfiðar aðstæður, til dæmis fram af árbökkum og í djúpum skörum,“ segir Reynir. „Að öðru leyti eru breytingar á þessum LandCruiser nokkuð hefðbundnar: Drif eru lækkuð niður í 4,88:1, klippt er úr brettum og á þau settir brettakantar. Í framdrifið er sett ný driflæsing frá ARB en hún hefur ekki verið til í þennan bíl áður.“

Brettakantarnir falla að útliti bílsins. Afturhásingin er færð aftur og niður um 10 cm, varadekkshlífinni hefur verið breytt í geymsluhólf og drifbúnaðurinn hefur undirgengist miklar breytingar. Þetta er aðeins brot af vinnunni við að breyta bíl fyrir fjallaferðir.

Í bílnum er loftdæla frá Quick Air 3. Hún dælir 103 lítrum á mínútu og er um 2 mínútur að fylla 38“ dekk. 70 lítra aukaeldsneytistankur var settur í bílinn ásamt nýju tvöföldu pústkerfi sem setur skemmtilegan svip á afturenda hans. Spilbitar ásamt tjakkfestingum eru að framan og að aftan, Að aftan hefur verið útbúið geymsluhólf úr varadekkshlífinni. Að framan er komin grillgrind ásamt köstum. Húdd- og ljósahlífar verja bílinn fyrir grjótkasti. Í bílnum sem hér er sýndur voru einnig sett ljós í stuðarann, en þau eru ekki staðalbúnaður í LX-útfærslunni.

„Nýju 38“ ATZ-dekkin frá Mickey Thompson á 15x12,5 Prime álfelgum tryggja svo að jeppinn komist áfram í snjónum. Þessi dekk eru ótrúlega hringlótt og hljóðlítil,“ segir Reynir að lokum.

Nú þegar hefur Fjallasport breytt þremur LandCruiserum 120 með þessari nýju aðferð, sem þykir hafa komið einstaklega vel út.

LOFTDÆLA
er nauðsynlegur búnaður

fyrir dekkin á bílnum, gúmmíbátinn, vindsængina í útilegunni, dekkin á reiðhjólinu eða mótorhjólinu

VIAIR 420C kr. 24.053

VIAIR 450H kr. 27.767

VIAIR 500C kr. 36.904

Þessar dælur koma í VIAIR töskum með öllum nauðsynlegum búnaði

VIAIR taska fylgir

VIAIR 90P kr. 10.500

VIAIR 100P kr. 11.537

VIAIR 300P kr 19.900

VIAIR 400P kr. 27.767

VIAIR 440P kr. 27.767

KAUPAUKI

Öllum loftdælum fylgir
DEKKJAVIÐGERÐARSETT
meðan birgðir endast!

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is

06-011 KC

HÉR & NÚ / SÍA / LJÓSMYND KRISTJÁN LOGA

4x4xleikfangabíll

Fullbúinn **CR-V** með
rými fyrir öll leikföngin
verð frá aðeins:

2.690.000 kr.

28.181 kr.
á mánuði*

honda.is

Fjórhjóladrifinn Honda CR-V er bíllinn með rýmið og drifgetuna fyrir þig, þína og allt dótið á leikvöllinn. Áreiðanlegur, aflmikill og tæknibúinn kemur hann þér leikandi létt í gegnum leiðangra þína – innanbæjar sem utan. ABS hemlar ásamt vali um spólvörn, skrikvörn og loftpúðagardínur eru meðal þess sem tryggir öryggi og aksturseiginleika eins og best verður á kosið. **Tryggðu þér Honda CR-V því þegar lífið er leikur þarftu bíl sem leikur með.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
www.bernhard.is

*Bílasamningur Lýsingar – 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum, 50% í myntkörfu 50% í íkr. * * Bíll á mynd er CR-V Executive

Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bílavík, sími 421 7800 - Akranes, Bílver, sími 431 1985 - Akureyri, Höldur, sími 461 6020 - Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

Til hvers eru...

Allir þessir kastarar?

Sé verið að ferðast að vetri til getur skipt miklu máli að hafa yfir miklu ljósmagni að ráða. Augljósast er hversu miklu það getur munað í myrkri að sjá nokkra tugi eða hundruð metra aukalega fram fyrir bílinn, því leiðarval fer oft mikið eftir allra næsta umhverfi.

Að auki geta mismunandi aukaljós gefið betri sýn við mismunandi aðstæður. Í lágrenningi finnst mörgum gott að keyra við gul ljós.

Dreyfiljós henta vel í þoku eða skafrenningi til að sjá vegkanta til hliðar við bílinn. Jafnvel í dagsbirtu getur verið gott að nota öfluga kastara til að lýsa upp snjó fyrir framan bílinn. Þannig er hægt að mynda skugga og sjá þannig betur hvernig snjórinn liggur, sem annars rynni saman í eina hvíta heild.

Daði Jóhannesson við jeppann sinn fullbúinn.

Ýmislegt sem huga þarf að fyrir fjallaferðirnar

Daði Jóhannesson er mikill jeppakall og finnst honum fátt skemmtilegra en að skella sér í góðar jeppaferðir. Daði ekur um á PowerPatrol, árgerð 1992, og fengum við hann til að setja saman lista yfir það sem honum finnst nauðsynlegt að taka með þegar hann fer á fjöll.

„Það er ýmislegt sem þarf að huga að áður en maður skellir sér á fjöllin, þegar ég fer á fjöll tek ég með mér skóflu, járnkall, drullutjakk, teygjuspotta, verkfæri, vöðlur, stroffur, loftmæli og nóg af olíu," sagði Daði. Hann mælir einnig með því að fólk taki eitthvað af varahlutum en það fer náttúrlega eftir því hvernig ferðir er verið að fara.

„Síðan tek ég auðvitað bara þetta venjulega með mér, þ.e. hlý föt, myndavél, nesti og gjarnan svefnpoka.

Það er nefnilega aldrei að vita nema það þurfi að gista í skrjóðnum og þá verður maður að vera undir það búinn," sagði Daði en bíll hans er búinn fjarskiptakerfi og leiðsögutækjum.

„Já, hann er með NMT- og GSM-síma ásamt VHF- og CB-talstöðvum. Svo er einnig GPS og fartölva með kortagrunni. Annar útbúnaður bílsins er svo kapítuli út af fyrir sig," sagði Daði en ekki er annað hægt segja en að hann sé vel búinn undir fjallaferðir.

Ekki gleyma...

Varahlutum

Það er erfitt að búa sig undir öll óhöpp. Þó er hægt að ferðast með ákveðið lágmark af varahlutum sem búast má við að þurfa að nota.

Fyrst ber að nefna viftu-, stýris- og aðrar reimar. Rafmagnsöryggi ættu líka að vera í öllum bílum, sem og auka felgurær, slöngubútar, hosuklemmur, rafmagnsvír og -tengi. Margir kjósa að ferðast með auka dekkjalegur og öxla og jafnvel drif.

Kunnir þú lítið í bílaviðgerðum er ekki ástæða til að skilja alla varahluti eftir heima. Það er oft auðveldara að finna fólk sem getur leiðbeint manni við verkið heldur en fólk sem hefur einmitt þá varahluti sem mann vantar.



Íshellarnir í Langjökli eru svo sannarlega þess virði að heimsækja þá. Ferðin hentar vel sem dagsferð af suðvesturhorni landsins.

Ljósmynd: Thorsten Henn

Íshellarnir í Langjökli

Þessi ferð er fyrst og fremst vetrarferð. Á sumrin er allt of mikið af kviksyndi á svæðinu, þar sem hellarnir eru við jökulröndina.

Farið er á jökulinn Húsafellsmegin við skálann Jaka. Þaðan fer maður í norður eftir jökulröndinni. Á milli Eiríksjökuls og Langjökuls, rétt hjá Flosaskarði, eru svakalega fallegir íshellar sem jeppamenn fundu árið 2004. Þeir eru frekar stórir, um 400 metra langir.

{ leiðin mín }

THORSTEN HENN
Ljósmyndari
Bíll: Toyota LC 120 á 38" dekkjum

Það er vel hægt að heimsækja hellana á einum degi, sé farið frá Reykjavík. Vetrarferðir á jeppum eru náttúrlega alltaf hálfgerðar óvissuferðir og maður veit aldrei hverju maður á eftir að lenda í. Það er best að búa sig undir krapa, sérstaklega rétt hjá íshellunum og á leiðinni niður jökulinn Flosaskarðsmegin.

Ef veður og snjóalög eru með betra móti er upplagt að skreppa upp á Geitlandsjökul í leiðinni. Síðan er möguleiki að fara í gegnum Þingvelli á bakaleiðinni eftir Kaldadalnum. Það er heldur ekki slæmt að fara niður meðfram Langafelli.

Íshellarnir eru þó hiklaust hápunktur ferðarinnar og ég mæli með því að taka með sér mannbrodda til að hægt sé að ganga inn hellana. Nauðsynlegt er að fara varlega í hellunum.

Náttúran spilar öllum helstu trompum sínum út svo úr verður stórbrotið sjónarspil.

Ljósmynd: Thorsten Henn

Ný jeppadekk á markaði

Mickey Thompson 38“ dekk og AT405 Radial.

MICKEY THOMPSON 38“ Mickey Thompson er nú kominn með nýja línu í 38“ radial jeppadekkjum. Þau eru 38“ á hæð og að minnsta kosti einni tommu breiðari en gömlu 38“ dekkin, þó þau eigi að heita það sama eða 38x15,5R15.

Mickey Thompson 38“ dekk.

Boðið er upp á þrjár mynsturgerðir. ATZ sem eru frekar fínmynstruð, MTZ sem eru milligróf og henta við flestar aðstæður, og loks Baja Claw sem eru mjög grófmynstruð fyrir þá sem vilja taka vel á.

Öll þessi mynstur eru einnig fáanleg fyrir 16“ og 18“ felgur og eru dekkin þá einnig með 6 strigalaga hliðum, sem tryggir það að þau eru mjúk í akstri og leggjast vel við úrhleypingu. Einnig er á dekkjunum hliðarmynstur, svo kallað „side bides“ sem gefur aukið grip við úrhleypingu og ver einnig hliðarnar ef ekið er á grjót. Dekkin fást hjá Fjallasporti og hjá umboðsmönnum um allt land.

AT405 RADIAL

Arctic Trucks hefur hafið sölu á AT405 dekkjum sem eru sérstaklega hönnuð fyrir snjó og bleytu, sem eru séríslenskar aðstæður. Hönnun hófst á dekkinu árið 2000 og byggir á reynslu íslenskra jeppamanna, en dekkið er hannað frá grunni af Íslendingum.

AT405 Radial dekk frá Arctic Trucks.

Dekkið er sérhannað sem vetrardekk og kemur flipaskorið. Það stendur 38,1 og er með jafnbreitt mynstur og á gamla Cepek-dekkinu. Hannað fyrir 12“-14“ breiðar felgur og er 6 strigalaga, 1.365 kr. pr. dekk. Gúmmíið í dekkinu heldur vel eiginleikum sínum þrátt fyrir hitasveiflur.

Til hvers er...

Lóló?

Lóló (low-low) er gælunafn á auka lágu drifi. Það er sett í bíla til að auka niðurgírun. Því lægri sem gírunin er, því hægar snúast hjólin í hlutfalli við snúningshraða vélarinnar. Með því minnka líkur á að billinn spóli og því er lóló aðallega notað við mjög þungt færi þar sem ómögulegt er að komast áfram með öðru móti. Niðurgírunin getur verið slík að það taki dekkin nokkrar mínútur að fara einn hring.

Sumir hafa líkt lóló við það að vanda sig við að þræða nál. Það gengur betur rólega en ef nálin kemur fljúgandi á 50 km hraða.

Skófludekk og aukabúnaður

Jeppar eru stöðutákn í augum margra. Í sumum jeppum felast óneitanlega yfirlýsingar um lífsstíl þeirra sem aka þeim.

Í augum margra er jeppi ekki það sama og jeppi. Sumir láta sér ekki nægja hefðbundinn götujeppa eða jafnvel hóflega breyttan jeppa. Sumir kjósa að breyta jeppunum sínum meira en brýnasta nauðsyn krefur. Eins og sjá má á þessum myndum hafa sumir jeppar farið í gegnum hressilega yfirhalningu.

Eitt sinn var þessi bíll vafalaust með hefðbundnu sniði. Núna prýða hann risastór skófludekk og æpandi litir. Þar sem bíllinn er frekar áberandi hefur eigandanum ekki fundist úr vegi að tileinka frelsaranum sjálfum bílinn eins og sjá má. „Jesús er vegurinn“, stendur á framrúðu hans. Þessi bíll þarf þó tæpast vegi til að keyra á.

Wrangler-jeppar eru glæsilegir. Þetta eintak hefur verið hækkað upp með 44 tommu dekkjum.

Þessi glæsilegi Willys-jeppi fæst ekki ókeypis. Bíllinn er með miklum aukabúnaði og kemur fullbúinn til fjallaferða.

Þessi sportlegi blæjujeppi frá Jeep er þeim eiginleikum búinn að hann beygir á öllum hjólum sem gerir hann mjög lipran í erfiðum aðstæðum.

Ekki gleyma...

Dekkjahreinsi

Dekkjahreinsir er nauðsynlegur fyrir þá sem keyra á ís og snjó, hvort sem er á fjöllum eða í byggð. Tjara og óhreinindi mynda húð á dekkjum, sérstaklega á bílum á suðvesturhorni landsins, og minnkar grip þeirra á snjó og ís til muna. Með dekkjahreinsi eru óhreinindin þvegin af og dekkin ná fyrra viðnámi.

car

The leading British magazine Car came in the January 2006 to the same conclusion as so many other judging panels:

THE COMPETITORS FOR THE 2005 CAR OF THE YEAR:

ALFA ROMEO 159 LEXUS RX 400H JAGUAR XJD
RANGE ROVER SPORT HONDA CIVIC
BMW 3-SERIES SUZUKI SWIFT RENAULT CLIO
TOYOTA AYGO MERCEDES BENZ S-CLASS



Suzuki Swift er bíll sem hefur sett ný viðmið í hönnun, útliti og aksturseiginleikum fólksbíla og hefur fengið fádæma góðar viðtökur um allan heim. Suzuki Swift var valinn bíll ársins á Íslandi 2006 af BIBB samtökum íslenskra bílablaðamanna. Suzuki Swift var einnig valinn „Car of the Year“ 2005 af virtasta bílablaði Bretlands „Car magazine“.
Hann var valinn bíll ársins á Írlandi, Nýja-Sjálandi, Astralíu, Kina, Malasíu og Japan.
Í Japan fékk Suzuki Swift líka „most fun special special achievement award“ og „Design award of the year“.

25 ÁR Á ÍSLANDI
1981-2006

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 5100.
www.suzukibilar.is

BÍLL ÁRSINS 2006

til hvers er...

Snorkel?

Snorkel eða snorkpípa er framlenging á loftinntaki vélarinnar. Upprunalega er loftinntak flestra bíla í innanverðum frambrettum eða bakvið framljós. Lendi bíllinn í djúpu vatni tekur vélin því vatn inn á sig í stað lofts, stöðvast og getur skemmst illilega. Með því að framlengja loftinntakið, jafnvel upp á þak bílsins, er hægt að fara í mun dýpra vatn án þess að það hafi áhrif á vélina.

ekki gleyma...

Sjúkratöskunni

Í öllum breyttum bílum eiga að vera sjúkratöskur eða -kassar. Það er mikilvægt að fara reglulega yfir sjúkrabúnaðinn og fylla á það sem vantar. Meðal þess helsta sem ætti að vera í sjúkratöskunni er plástrar, sára- og teygjubindi og grisjur, heftiplástur, gerviskinn og verkjalyf. Þessi einfaldi búnaður getur reynst mikilvægur þegar á reynir.

Sumir búa sjúkratöskurnar sínar ríflega þannig að innihald þeirra komi að gagni við fleira en slys á fólki. Teygjubindi getur til dæmis haldið bilaðri hurð, hlera eða vélarhlíf. Heftiplástur getur komið í stað límbands eða einangrunarbands og grisjur geta komið í stað þurrkklúta við allar hugsanlegar aðstæður.

Það er að sjálfsögðu frumskilyrði að ferðafólk kunni að fara með innihald sjúkratösku og því ekki úr vegi að sækja námskeið í skyndihjálp.

Fjarskiptatæki í jeppum

Meginreglan er sú að betra sé að hafa of mörg tæki en of fá.

Eitt það besta við að ferðast um hálendið fyrir marga er að komast úr símasambandi. Það er þó rétt að hafa í huga að þótt GSM-síminn sé dottinn út er nauðsynlegt að hafa einhverja samskiptalíflínu til byggða.

Eitt algengasta fjarskiptatæki í jeppum í dag er VHF-talstöðvar. Þær draga allt að 100-150 km í sjónlínu. Því til viðbótar eru endurvarpar á víð og dreif um landið svo þeir sem hafa aðgang að þeim rásum geta talað landshorna á milli. Í neyð er hægt að flakka á milli stöðva og athuga hvort einhver sé nálægur. Víða um land stunda áhugamenn það að hlusta á rásir og þeir geta komið hjálparbeiðni áleiðis. Um allt land er rás 16, skiparásin. hlustuð. Þó svo að hún sé ekki ætluð til daglegra nota er gott fyrir ferðafólk að vita af henni í algjörri neyð.

Til viðbótar við VHF-stöðina er svo eiginlega nauðsynlegt að vera með NMT-farsíma eða jafnvel gervihnattasíma. NMT-símar draga svipað og VHF-stöðvar í sjónlínu, 100-150 km. Til gamans má geta þess að við kjöraðstæður dregur GSM-sími 30 km. Dreifikerfi NMT-síma er víðfeðmt en þó eru staðir víðs vegar um landið þar sem þeir eru sambandslausir. Enn fremur stendur til að leggja kerfið niður innan nokkurra ára. Einn vænlegasti kosturinn á arftaka er gervihnattasími en rekstrarkostnaður þeirra og innkaupsverð hafa lækkað verulega á allra síðustu árum. Þeir símar eru alltaf í sambandi, alls staðar.

Þessu til viðbótar má nefna tvær aðrar gerðir af talstöðvum. CB-stöðvar eru skammdrægar, draga 3-10 km, og eru því ekki hentugar til að kalla á hjálp. Þær má hins vegar nota til samskipta innan hóps á ferðalagi. SSB-stöðvar, oft kallaðar Gufunesstöðvar, geta með réttu loftneti dregið yfir landið og jafnvel út fyrir það. Til þess þarf reyndar frekar stór loftnet. Enn eru áhugamenn að hlusta SSB við og við og því óvitlaust að leyfa stöðvunum að vera í bílunum, frekar en að rífa þær úr.

Innan ferðahópsins er hægt að nota skammdrægar talstöðvar. Eigi að vera hægt að kalla á hjálp þarf langdrægari fjarskiptamáta.

FRÉTTABLAÐIÐ/JAK

Farsíminn á sínum stað. Fjarskiptabúnaður í bílum getur verið ansi fyrirferðarmikill. Mestu máli skiptir að draga sem lengst við sem flestar aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

til hvers er...

Tappasett?

Einfalt tappasett samanstendur af nál og töppum, sitt á hvað límhúðuðum eða þá að límið fylgir aukalega. Komi gat á dekk er sárið hreinsað og nálin notuð til að þræða tappa í gatið. Þeir límast svo og bindast við dekkið. Hægt er að gera við frekar stórar rifur með þessum hætti ef þær liggja rétt. Þá eru margir tappar settir í sama gatið og þeir límast hver við annan, auk dekksins. Sumar rifur skyrpa töppunum út jafnóðum, sökum lögunar þeirra og staðsetningar. Þó að tappar geti verið varanleg lausn á mjög litlum götum halda stórar viðgerðir sjaldnast lengi.

nýtt }

Nýju Magellan GPS-tækin eru nú með íslensku stýrikerfi. Á þetta við Magellan eXplorist 210, eXplorist 500 og eXplorist 600.

Allar aðgerðir, hjálparaðgerðir svo og tækniskammstafanir eru nú á íslensku. Mun auðveldara er að læra á tækin þar sem hjálparaðgerðirnar leiða notandann áfram skref fyrir skref. Segja má að nú sé lítill leiðarvísir innbyggður í tækin.

Einnig er búið að leggja talsverða vinnu í að íslenska stýrikerfi annarra GPS-tækja frá Magellan og eru þær þýðingar væntanlegar fljótlega. Gefst þá þeim sem eiga eldri Magellan-tæki kostur á að uppfæra þau með íslensku stýrikerfi.

Nánari upplýsingar um íslenskun tækjanna má finna á heimasíðu AMG Aukaraf ehf á www.aukaraf.is.

ekki gleyma...

Skóflu og verkfærum

Driflæsingar, spil og teygjuspottar eru allt gagnleg verkfæri. Það geta þó komið upp aðstæður þar sem ekkert annað dugar en gamla góða skóflan. Gott er að hafa skóflu í hverjum bíl, til að hægt sé að hjálpast að við að moka upp bíl, lækka árbakka eða hvað annað sem nauðsyn krefur. Járn- eða álkarlar þurfa ekki að vera eins margir en koma þó oft að notum.

Það er súrt að þurfa að að snúa heim eða skilja bílinn eftir vegna lítilvægilegrar bilunar. Oft má laga ótrúlegustu hluti með einföldum verkfærum, að minnsta kosti þannig að það haldi til byggða.

Skrúfjárn í nokkrum stærðum, fastir lyklar, topplyklasett, hamar og tangir eru algjör grunnbúnaður.

Bækur um jeppaferðir

EKIÐ UM ÓBYGGÐIR

Bókin Ekið um óbyggðir eftir Jón G. Snæland kom út árið 2003. Í inngangskafla bókarinnar er hægt að finna góðar upplýsingar um ýmislegt sem nauðsynlegt er að vita áður en haldið er til fjalla. Í bókinni er fjallað um bæði þekktar og óþekktar hálendisleiðir, myndskreyttar og alls 82 að tölu. Í leiðarlýsingunum er fjallað um markverð kennileiti, gistimöguleika, aksturstíma og hverjum leiðarnar eru færar. Lesendur fá því upplýsingar um hvort þeir þurfa breytta jeppa eða komast leiðar sinnar á venjulega jepplingnum. Í bókinni er einnig að finna GPS-punkta og myndskreytta skálaskrá sem telur 115 skála ásamt vaðlýsingum. Í bókinni eru í heildina 400 myndir og fylgir nýja hálendiskort Máls og menningar.

UTAN ALFARALEIÐA

Í bókinni Utan alfaraleiða eftir Jón G. Snæland er hægt að finna góðar og gagnlegar upplýsingar fyrir alla jeppaeigendur. Bókin er ætluð byrjendum í jeppamennsku jafnt sem þrautreyndum jeppaeigendum. Fjallað er í máli, myndum og kortum um 60 spennandi jeppaleiðir, bæði vinsælar og óþekktar. GPS-punktar, aksturstími, bjóðlegur fróðleikur og fleira er einnig að finna í bókinni. Jón er einnig höfundur bókarinnar Ekið um óbyggðir sem fékk góðar viðtökur. Í þessari bók er aðaláherslan lögð á jeppaleiðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem hægt er að keyra bæði á sumrin og veturna.



HÁLENDISHANDBÓKIN

Í þessari veglegu bók eftir Pál Ásgeir Ásgeirsson er að finna ökuleiðir, gönguleiðir og myndksreyttar lýsingar á áfangastöðum á hálendi Íslands. Í bókinni eru 350 litprentaðar ljósmyndir ásamt 30 kortum og ýmsum öðrum gagnlegum upplýsingum. Bókin leggur áherslu á að kynna óspillta náttúru hálendis Íslands ásamt því að gefa jeppaeigendum góð ráð. Þessi bók hentar mjög vel í hanskahólfið á jeppanum.

RATAÐU Á RÉTTA TÆKIÐ

Garmin nüvi

Garmin nüvi er ferðafélagi sem vit er í. Garmin nüvi er GPS leiðsögutæki með korti af allri Evrópu, með stórum skjá en fer vel í vasa. Tækið inniheldur m.a. MP3 spilara, ljósmyndarýni, reiknivél, gengisreikni, heimsklukkur, orðabók, ferðahandbók og einingabreyti.

Garmin GPS 18
Breyttu fartölvunni þinni í leiðsögutæki.

Garmin StreetPilot 2720
Það allra öflugasta í bílinn.

Garmin iQue M5
Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.

Garmin StreetPilot i3
Smátt en knátt á við um þetta tæki.

Garmin Quest
Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða á mótorhjólið.

Garmin GPS 10
Þráðlaust GPS tæki fyrir PC og handtölvur með Bluetooth.

Garmin StreetPilot c310
Vinsælasta StreetPilot tækið, leigubílatækið í ár.

www.garmin.is GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum tæki sem henta fyrir bátinn, bílinn, flugið, útivistina og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.

R.SIGMUNDSSON

Umboðsmenn **Akureyri**: Haftækni · **Blönduós**: Krákur · **Egilsstaðir**: Bílanaust · **Grundarfjörður**: Mareind · **Ísafjörður**: Bensínstöðin **Reyðarfjörður**: Veiðiflugan · **Selfoss**: Hársnyrtistofa Leifs · **Vestmannaeyjar**: Geisli · **Reykjavík**: Arctic Trucks, Bílanaust, Elko, Everest, Gísli Jónsson, Hlað, Intersport, Stormur, Toyota Aukahlutir, Útilíf, Vesturröst, Yamaha · **Fríhöfnin**

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 520 0000 | www.rs.is

Laugin alveg ómissandi

Hveravellir njóta mikilla vinsælda meðal jeppafólks enda ýmsir möguleikar á skemmtilegum ferðaleiðum þar allt í kring. Þá er óhætt að segja að nánast allt sé til alls fyrir ferðalanginn,

„Það eru margar mjög skemmtilegar jeppaleiðir hér í kring, mjög vinsælt er t.d. að fara í ferðir yfir Langjökul og koma síðan hingað og þá er einnig hægt að leggja af stað héðan á ýmsa staði. Það eru því mjög margir möguleikar sem opnast fyrir jeppafólkið hérna," segir Gunnar Þór Árnason, staðarhaldari á Hveravöllum. Hveravellir eru ein af mörgum náttúruperlum landsins, en svæðið liggur á milli Hofsjökuls og Langjökuls. „Á veturna er oftast nóg að gera um helgar en rólegra á virkum dögum,"

Gunnar segir að margir samverkandi þættir á Hveravöllum dragi gesti að. Þarna eru frábærar aðstæður, mikil fegurð og toppurinn er síðan náttúrlega heita laugin. Tveir skálar eru á staðnum og geta allt að sextíu manns gist þarna, góð aðstaða er til viðgerða á staðnum og hægt að nálgast allar nauðsynjar. „Þegar allra veðra er von nýtur jeppafólkið sín best, þetta er oft á tíðum mikil ævintýramennska sem fylgir þessu en sem betur fer eru menn yfirhöfuð mjög vel búnir," segir Gunnar, sem er ávallt viðbúinn ef fólk lendir í vandræðum.

„Algengustu hnökrarnir sem koma fyrir eru að menn séu að rífa dekk eða keyra á grjót og þá getur færðin verið þannig að menn eru sólarhring að fara vegalengd sem alla jafna tekur tvær klukkustundir að fara," segir Gunnar, sem tekur vel á móti fólki þegar það kemur á Hveravelli. „Svo er alveg ómissandi eftir erfiða ferð að skella sér í laugina hérna, það jafnast ekkert á við það. Náttúrufegurðin hérna í kring er mikil og þegar skyggnið er gott er þetta algjör perla."

Hveravellir eru svo sannarlega náttúruperla.

Björgunarsveitir hafa mörg úrræði til að koma ferðalöngum til hjálpar. Ekkert þeirra kemur þó að gagni ef ekki er hægt að kalla á hjálp. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓHANN SKAGFJÖRÐ MAGNÚSSON

Minna um leitir en meira um slys

Björgunarsveitir geta komið strönduðum ferðalöngum til bjargar, þó aðeins ef hægt er að kalla eftir hjálp þeirra.

Þó að hálendisferðalög séu umfram allt skemmtileg lífsreynsla getur farið svo að nauðsynlegt sé að kalla á hjálp. Þá er gott að vita af sjálfboðaliðum í björgunarsveitum um allt land sem eru boðnir og búnir að bjarga ferðalöngum úr ógöngum.

„Það fer svolítið eftir aðstæðum hvort fólk eigi að kalla á hjálp strax eða halda áfram að reyna að bjarga sér sjálft," segir Friðfinnur Freyr Guðmundsson, sem sér um aðgerðamál hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. „Ef fólk er til dæmis fast í krapapytt og orðið blautt við að reyna að losa bílinn en ekkert gengur, þá á hiklaust að kalla á hjálp. Það tekur björgunarsveitir alltaf einhvern tíma að komast á staðinn. Bara það að bíða rennblautur í köldum bíl í 3-4 tíma getur reynst hættulegt." Friðfinnur tekur líka fram að allir sem leggja í jeppaferðir eigi að skilja eftir leiðarlýsingu og ferðaáætlun, til dæmis hjá ættingja. „Skili fólk sér svo ekki á tilteknum tíma og ekki næst í það eiga ættingjarnir að biðja um aðstoð."

Friðfinnur segir að leitum að jeppafólki hafi fækkað mikið á síðustu árum, ekki síst vegna þess að fólk sé nú með betri fjarskiptabúnað en áður. „Leitunum hefur fækkað en slysunum hefur fjölgað á móti. Það fara miklu fleiri á fjöll núorðið, ekki bara harður kjarni vel búinna jeppamanna heldur líka fólk sem hefur litla reynslu og þekkingu á slíkum ferðalögum," segir Friðfinnur.

Þurfi að kalla á hjálp eru VHF-stöðvar hlustaðar víða um land og neyðarrás skipa, rás 16, er alltaf í hlustun. „NMT og gervihnattasímar eru líka mjög góð tæki til að kalla á hjálp. Björgunarsveitir eru farnar að kaupa gervihnattasíma til að hafa í sínum tækjum, þeir eru alls staðar í sambandi." Þó að björgunarsvetir séu yfirleitt snöggar af stað frá því að beiðni um aðstoð berst, allt niður í fjórar mínútur, geta þær verið lengi á leiðinni ef færi og veður er vont. Því segir Friðfinnur nauðsynlegt að skipuleggja sig. „Fólk ætti ekki að vera feimið við að fara í útivistargallann þó að það bíði í bílnum. Ef bíllinn þarf að standa lengi er rétt að áætla hversu mikið eldsneyti er eftir og hversu mikið þarf til að komast til byggða eftir að bíllinn hefur verið losaður. Þá verður ljóst hvort bíllinn megi ganga eða hvort þurfi að drepa á honum á milli til að spara eldsneyti. Í raun ætti fólk alltaf að vera með búnað til að gista útivið, jafnvel þó aðeins sé verið að keyra á milli skála. Góður svefnpoki, hlífðar- og undirfatnaður gegna þar lykilhlutverki," segir Friðfinnur.

Í gegnum Neyðarlínuna 112 komu 250 beiðnir um aðstoð við jeppafólk á síðasta eina og hálfa ári. Friðfinnur segir að fyrstu mánuðir ársins, þegar reyndasta fólkið er á ferðinni, séu yfirleitt rólegir. Þegar sól taki að hækka og hinir minna reyndu fari af stað aukist þörfin á aðstoð björgunarsveita. „Þeir sem hafa jeppamennsku að sérstöku áhugamáli, eins og meðlimir Ferðaklúbbsins 4x4, kunna yfirleitt að bjarga sér og búa sig rétt. Auðvitað kemur þó fyrir hjá þeim eins og öðrum að þeir lenda í ógöngum. Kannski má segja að ef maður þurfi aðstoð sé hann ekki rétt búinn," segir Friðfinnur að lokum.

Friðfinnur Freyr Guðmundsson segir bætt fjarskipti hafa fækkað leitum að týndu jeppafólki til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja
Jeep Grand Cherokee
Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 3.485.000.-

Grand Cherokee Diesel

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími

DODGE · Jeep · CHRYSLER · Mercedes-Benz · MASERATI · FIAT

Studiobilar ehf.
Sími: 5400 800 / 540 6700 Fax: 5400 801
Smiðsbúð 2 210 Garðabær
E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði
með bilanaleitatölvu sem tryggir vönduð vinnubrögð

Hringdu núna...
Sími 5400 800
www.studiobilar.is

Kóarinn sem ferðast einn

Þótt Magnús Hallur sé ekki mikið fyrir vetrarferðir stundar hann jeppamennsku af kappi.

Það er mikill misskilningur að jeppar þurfi að vera á mannhæðarháum hjólbörðum til að nýtast í jeppaferðir. Magnús Hallur Norðdahl ekur um landið á Toyota Rav4 jepplingnum sínum og nýtur þess að komast út í náttúruna.

„Ég byrjaði sem kóari eða aðstoðarökumaður hjá frænda mínum. Hef svo verið að fikra mig upp. Ég væri alveg til í stærri bíl en læt þetta duga í bili. Ég hef ekki mikinn áhuga á vetrarferðunum, finnst það of dýrt sport. Svo getur konan keyrt þennan en vill ekki stærri bíl. Þessi hentar okkur því vel," segir Magnús um bílinn, sem er á 31" dekkjum, lítið eitt stærri en þeim sem koma með bílnum frá verksmiðjunni.

Glæsileg rúmgóð 3ja herb., ca. 108 fm íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Í nýju lyftuhúsi. Glæsil. eikarinnrétt., fullb. með vönduðum gólfe. Þv.hús í íbúð. **VERÐ 26,3 millj.**

Akkurat
594 5000 Stórhöfða 27 // 110 Reykjavík
akkurat@akkurat.is // www.akkurat.is
Halla Unnur Helgadóttir, löggiltur fasteignasali

GVENDARGEISLI - 113 RVK

Frum

Sérhæð í Grafarholti. Glæsileg, stór 3ja herb. 121,3 fm íbúð á 1. hæð með sérinng, stæði í lokaðri bílageymslu, sérverönd og garður. Vandaðar innréttingar, fullbúin án gólfefna. **VERÐ 25,8 millj.**

ATVINNA

Vélavörð vantar á Tjald SH 270.
Upplýsingar í síma 843-4258.

Talent hunt

Við leitum að öflugu fólki á öllum aldri sem getur leiðbeint og stýrt fjölda manns en jafnframt unnið sama starf. Starfið getur verið unnið hvar sem er á landinu sem hlutastarf eða fullt starf.
Vinsamlegast sendið upplýsingar á box@frett.is merkt „talent – 15"

Ýmislegt

tenor
www.tenor.is
Vantar ykkur tónlistarmenn, skemmtikrafta fyrir þorrablótið, árshátíðirnar, afmæli, tónleika, þemadaga, 17. júní hátíðarhöld eða aðrar skemmtanir. Á skrá hjá okkur eru m.a. fremstu tónlistarmenn og skemmtikraftar landsins. Höfum áratuga reynslu af skemmtanahaldi. Leigjum einnig út samkvæmistjöld, útvegum matvörur, grill og þjónustufólk ef áhugi er fyrir slíku. Símar 586 9000 & 821 9903 Netfang orlygur@tenor.is

Einkamál

ÁVALLT AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

Kjöreign ehf
TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA
SÍMI 533 4040
FAX 533 4041
OPIÐ MÁN.-FIM. 9-18 OG FÖS. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Ármúli 21, Reykjavík • kjoreign@kjoreign.is • www.kjoreign.is

HÁALEITISBRAUT - RAÐHÚS

Fallegt og vel viðhaldið hús á einni hæð með sérbyggðum bílskúr. Stærð alls 192,3 fm. Ástand er mjög gott. Rúmgóð stofa, sólstofa, 3-4 svefnherb, bað og gestasnyrting. EINSTÖK STAÐSETNING. **Verð 45,0 millj.** Nr. 5931

SÓLTÚN M/BÍLSKÝLI

LAUS STRAX Vönduð og falleg 2ja herb. íbúð á 2. hæð um 79,4 fm. ásamt bílskýli. Horníbúð. Suðaustur svalir. Sér þvottahús í íbúð. Mahóní innréttingar, eikarparket á gólfum. Baðherbergi allt flísalagt. Góðar geymslur. **Bílskýli. Verð 24,0 millj.** Nr. 5306

KÓRSALIR - LYFTUHÚS

Glæsilega innréttuð 2ja herb. íbúð um 88,0 fm. horníbúð með sér verönd. Vandaðar kirsuberjainnréttingar, flísalagt baðherbergi. Þvottahús inn í íbúð. **Laus fljótlega. Verð 18,8 millj.** Nr. 5317

Frum

GNOÐARVOGUR 3 JA HERB.

LAUS STRAX Mjög góð og velumgengin 3ja herb. íbúð á 2.hæð í litlu fjölbýli. Stærð 73,9 fm. Suðvestur svalir. Beikiparket á gólfum. Hús í góðu ástandi. **Verð 16,5 millj.** Nr. 5226.

BURKNAVELLIR 3 JA HERB. - HFJ.

LAUS STRAX Mjög falleg 85 fm. 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sérinngangi og hellulagðri sér verönd. Fallegar eikar innréttingar. Þvottahús í íbúð. Frábær staðsetning í útjaðri byggðar. **Verð 19,0 millj.**

LÓMASALIR - ENDARAÐHÚS

Falleg og vönduð eign á tveimur hæðum. Stærð 217,8 fm. Innbyggður bílskúr. Húsið er vel staðsett og skipulag er gott. GLÆSILEGT ÚTSÝNI. **Verð 46,9 millj.**

ÞÓRÐARSVEIGUR - LYFTUHÚS

Falleg 3ja herb. 83 fm. íbúð á efstu hæð í lyftuhúsi. Stæði í bílageymslu. Sér þvottahús í íbúð, flísalagt bað. Sér inngangur. Glæsilegt útsýni. **LAUS STRAX Verð 20,5 millj.** Nr. 3873

Kristinn Valur Wiium
Sölumaður, sími: 896 6913

Ólafur Guðmundsson
Sölustjóri, sími: 896 4090

KAUPVENJUR

Draumur afgreiðslumannsins

Friðrik Ómar söngvari er ekki að tvínóna við hlutina þegar hann fer í búðir.

Hver er uppáhaldsbúðin þín?
Það er Elvis á Vatnsstíg. Maður veit aldrei hvað þar leynist, þar finn ég alltaf einhverja sérstaka skrautfjöður.

Hvað finnst þér skemmtilegast að kaupa?
Ætli það séu ekki föt. Ég kaupi mest af fötum af öllu, sérstaklega starfsins vegna.

Friðrik Ómar kaupir helst föt þegar hann fer að versla.

Verslar þú í útlöndum?
Já, föt. Maður fer ekki gagngert til að versla en þegar maður er í fríi þá er þetta leið til að eyða peningum.

Einhverjar venjur við innkaup?
Ég fer inn í búð, sé eitthvað og kaupi það. Ég er mjög snöggur, nenni ekki að leita og vesenast. Ég er draumur afgreiðslumannsins; kem bara með kortið og kaupi.

Tekurðu skyndiákvarðanir í fata-kaupum?
Tvímælalaust.

SJÓNARHORN


Þangið teygir anga sína víða.
Fréttablaðið/E.Ól.

VISSIR ÞÚ ...

... að Kam Ma frá Bretlandi lét gata líkama sinn 600 sinnum í einni lotu án þess að fá nokkurs konar deyfingu og að herlegheitin stóðu yfir frá klukkan 9.17 til 17.47?

... að Luis Aguero frá Havana skartar 230 götum á búki sínum og er með 175 hringi sem skraut á andliti sínu?

... að konurnar í Padaung- og Kareni-ættbálkunum í Myanmar spenna kopargjarðir um hálsinn í fegurðar-skyni?

... að kopargjarðirnar lengja einnig hálsinn um allt að 40 sentimetra?

... að í sumum tilfellum var hálsinn orðinn svo langur og veikburða að konurnar gátu ekki haldið höfðinu uppi án gjarðanna?

... að Tom Leppard og Lucky Rich eru þakin húðflúrum en 99,9 prósent líkama þeirra eru húðflúruð?

... að Tom er tattóveraður með hlébarðamynstri og Lucky lét þekja stóran hluta líkama síns með svört-um lit og hvítu mynstri ofan á?

... að Sóti, þriggja ára gamall naggrís, varð frægur árið 2001 fyrir það að „njóta ásta“ með 24 kvengrísum á einu kvöldi og eignast í kjölfarið 43 naggrísunga?

... að seinna sama ár fékk Sóti send 206 Valentínusardagskort í tilefni dagsins, nokkur alla leið frá Nýja-Sjálandi?

... að árið 2004 gaut Tia, Napólí mastiff hundur, 24 litlum hvolpum?

... að heimsmetið í hástökki svína er 70 sentimetrar?

Umdeildasta framkvæmd Íslands

UMRÆÐAN
KÁRAHNJÚKA-VIRKJUN

GESTUR GUÐMUNDSSON

Þegar svona verk er hannað má það alls ekki ráða úrslitum hvaða verð fæst fyrir orkuna, því lítill viðhaldskostnaður og líftími eru ekki síður mikilvæg.

Umræðan um virkjunina hefur heldur minnkað á síðustu mánuðum en er þeim mun áhugaverðari. Sem betur fer flytur sjónvarpið okkur smá fréttaglefsur af og til af vettvangi framkvæmda, þar sem Sigurður Arnalds, sá ágæti upplýsingafulltrúiLandsvirkjunar á staðnum, fer með fréttamenn og sýnir þeim og skýrir margvíslega verkþætti.

Það fer ekki hjá því þegar svona stór og margþætt framkvæmd er hönnuð að þá getur menn greint á um ýmsar hönnunarleiðir og hafa fullt leyfi til að láta álit sitt í ljós. Fyrir um tíu árum lét ég þá skoðun mína í ljós, í Morgunblaðinu eða Tímanum sáluga, að það gæti verið nauðsynlegt þegar jökulvötn væru virkjuð með geymslu jöfnunarvatns í lónum að rétt væri að búa til nokkurskonar forlón. Í forlóninu mundi aurinn vera látinn botnfalla og veitt úr botni forlónsins í gegnum risa aursvelg eða aurgleypi út í gegnum hliðarrás í þar til gerðan hliðarskurð sem lægi framhjá í þessu tilfelli Hálsalóninu í gljúfrið neðan Kárahnjúkastíflunnar. Þótt ég þekki ekki aðstæður að neinu ráði á þessu svæði, held ég samt sem áður, að hægt væri að nota úr fremsta hluta Hálsalóns fyrir áðurnefnt forlón.

Tilgangur forlónsins getur verið margþættur; líftími aðallónsins mundi margfaldast, vatnið færi hreinna inn á vélar og botnrásin færi ekki strax að leka vegna mikils þrýstings og sandnúnings við þéttifleti. Auk þessa gæti þörungalífríkið í Héraðsflóa fengið sitt æti og sína tímgunarhvata eins og það er vant að fá á réttum tíma.

Í Jökulsá á Dal er svo mikill aurburður í sumarhitum að ætla má að í stærstu toppum flytji hún með sér, áleiðis til sjávar á hverjum sólarhring, allt að hundrað þúsund rúmmetra af aur. Sumir segja mun meira. Brúarárjökull er enginn smá vatns- og aurframleiðandi og dætur hennar geta svo sannarlega ygglt sig. Líftími Hálsalóns gæti því orðið skammur, ef ekkert verður að gert, sérstaklega ef veðurfar færi hlýnandi eins og spáð er. Þess vegna eru ekki margir góðir kostir í stöðunni þegar litið er til framtíðar. Ekki má Landvirkjun sætta sig við lélega viðhaldsfreka rennslisvirkjun, sem óhjákvæmilega ylli því að aur og sandmengað vatn mundi valda gríðarlegu sliti á leiðiskóflum og hverflahjólum við slíkan vatnshraða, sem þarna verður. Orðspor fyrirtækisins hefur verið gott til þessa, að ég tel, því væri afleitt fyrir þá eins og ásælni þeirra í önnur virkjunar svæði er mikil, ef sitthvað við Kárahnjúka færi úrskeiðis.

Mikið vandamál mun skapast meðfram Jöklu neðan til, þar sem halli og vatnshraði minnka, því þar mun aurinn setjast að. Er ekki sagt að nauðsyn brjóti lög? Þá á ég við, að varla verður komist hjá því að sækja vatn í Kreppu um lengri eða skemmri tíma ár hvert til nokkurskonar uppfyllingar í Hálsalón og skolunar á farvegi Jöklu. Einnig held ég að ekki sé tímabært að að fara að hugsa um að stækka virkjunina í Lagarfossi, því komið gæti í ljós að nauðsynlegt yrði, af ýmsum ástæðum, að byggja farveg úr Leginum ofan við Lagarfoss norðvestur í farveg Jöklu til skolunar og lækkunar vatnsborða beggja ánna. Að vísu þekki ég lítið til aðstæðna þarna, en það mætti skoða þetta.

Margir aðrir hönnunarþættir Fljótsdalsvirkjunar hafa mér fundist orka tvímælis, svo sem sveiflugöngin, sem þurfa að vera að minnstakosti tvískipt og neðstihlutinn loftfylltur með sama þrýsting og heildar fallþrýstingurinn er. Hvað ef önnur línan fellur út og fjögurhundruðþúsund hestöfl verða munaðarlaus? Það er allt annað en ef um gas eða olíu sem aflgjafa væri að ræða. Eða getur önnur línan annað sex til sjöhundruð megavöttum? Ég vona bara að áhyggjurnar séu ástæðulausar hvað þetta verk varðar. Þegar svona verk er hannað má það alls ekki ráða úrslitum hvaða verð fæst fyrir orkuna, því lítill viðhaldskostnaður og líftími eru ekki síður mikilvæg. ■

Um loðnuveiðar

UMRÆÐAN
LOÐNUVEIÐI

PÉTUR TRYGGVI

Þessu má líkja við að húsbóndinn á heimilinu selji matarpakkann sem fjölskyldan fékk gefins. Og þegar fjölskylduna fer að svengja er það vegna þess að of heitt er í húsinu.

Hækkandi hitastigi sjávar er gjarnan kennt um hrun í vistkerfinu við Ísland. Þrátt fyrir þessar breytingar hefur nýlega fundist töluvert af loðnu. En þá er sama sagan og venjulega: Um að gera að útrýma henni áður en hún nær að hrygna og fjölga sér. Um að gera að útrýma mikilvægasta æti fugla, fiska, skeldýra og krabbadýra.

Fengi loðnan að vera æti fyrir önnur sjávardýr og um afgang yrði að ræða, þá yrði hann að næringu fyrir sjávargróður sem lífríkið þarf líka á að halda. Ef sjávarhitinn ætti að hafa eins alvarleg áhrif á vistkerfið og loðnudrápið væri sjórinn að nálgast suðumark. Loðnunni er dælt inn í vistkerfið sem gjöf frá sjálfri náttúrunni. Þessa fæðu hrifsum við frá lífríkinu og seljum til útlanda sem svínafóður. Þessu má líkja við að húsbóndinn á heimilinu selji matarpakkann sem fjölskyldan fékk gefins. Og þegar fjölskylduna fer að svengja er það vegna þess að of heitt er í húsinu.

Með loðnuveiðum er sjávarútvegurinn að saga í sundur greinina sem hann situr á.

Höfundur er rafiðnfræðingur.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Skóli á nýrri öld
Sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur
17.–19. febrúar 2006

Grunnskólar Reykjavíkur
sýna fjölmörg verkefni sem endurspegla nýbreytni og grósku í skólastarfi í Reykjavík, s.s. hreyfimyndir, stuttmyndir, þrívíddarhönnun, hugmyndir að útilistaverkum, veggspjöld, mósaíklist og margt fleira.

Skemmtidagskrá á sviði föstudag, laugardag og sunnudag þar sem 500 grunnskólanemar koma fram og skemmta með dansi, leiklist, söng og hljóðfæraleik.
Hvernig er draumaskólinn? Málþing um nemendalýðræði laugardaginn 18. febrúar kl. 12.00
Afhending hvatningarverðlauna menntaráðs Reykjavíkur sunnudaginn 19. febrúar kl. 13.00

Reykjavíkurborg
Menntasvið
Afrek æskunnar - auður framtíðar
Menntasvið Reykjavíkurborgar Fríkirkjuvegi 1 Sími 411 7000 www.menntasvid.is menntasvid@menntasvid.is

SAMFYLKINGIN TIL SIGURS
Sveitarstjórnarráðstefna á Akranesi
Fjölbrautaskóla Vesturlands, laugardag 16. febrúar kl. 11-17
Takið þátt í að móta nýja kröftuga byggðastefnu
Nánari upplýsingar á xs.is Allir velkomnir.
Skráning á samfylking@samfylking.is og í síma 414-2200.

Pæjur og pólitískt plott
Fundaherferð Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar
• Selfossi 19. febrúar kl. 16.00
• Bolungarvík 28. febrúar kl. 20.00
• Hólmavík 2. mars kl. 16.00
• Blönduós 2. mars kl. 20.00
• Bifröst 2. mars kl. 20.00
• Húsavík 3. mars kl. 13.00
• Dalvík 3. mars kl. 18.00
• Akureyri 4. mars. kl. 14.00
Nánari upplýsingar á www.kvennahreyfing.net

Stjórnmálaskóli Samfylkingarinnar 2.- 4. mars
Kynnist stjórnmálastarfinu í návígi!
Skráning hafin á samfylking@samfylking.is og 414-2200
Nánari upplýsingar á www.xs.is
nýju vefsetri Samfylkingarinnar
Samfylkingin
www.samfylking.is

Menntakerfi á villigötum

UMRÆÐAN
KRISTINFRÆÐSLA

STEINDÓR J. ERLINGSSON
VÍSINDASAGNFRÆÐINGUR

Af hverju læra börnin okkar ekkert um þá einstaklinga, s.s. Adam Smith, John Stuart Mill, Charles Darwin og marga fleiri, sem lögðu grunninn að þeirri heimsmynd og þeim lýðréttindum sem við búum við í dag?

Því er oft haldið fram að kristin trú sé einn af hornsteinum menningar okkar og liggur þessi athugasemd til grundvallar þeirri miklu áherslu sem lögð er á kristna fræðslu í grunnskólum landsins. Á dögunum ræddi ég við nokkra 14 og 15 ára unglinga um nám þeirra gegnum árin og er kristinfræðsla barst í tal lýstu þau yfir frekar litlum áhuga á þeirri fræðslu. Það kom mér í sjálfu sér ekkert á óvart en mig rak í rogastans þegar á daginn kom að enginn þessara unglinga vissi hver Charles Darwin var. Sama var uppi á teningnum þegar ég spurði þau um önnur stórmenni vísinda og hugmyndasögu liðinna alda.

Þetta er að mínu viti vísbending um að menntun grunnskólabarna sé á villigötum. Lítum nánar á málið. Þegar horft er á sögu Vesturlanda undanfarin 200 ár hefur afhelgun samfélagsins, þ.e. minnkuð áhrif trúar á vísindi og samfélag, verið einn mikilvægasti þátturinn í mótun þess þjóðfélags sem við búum við í dag. Þetta er staðreynd sem yfirvöld menntamála hér á landi virðast ekki hafa áttað sig á. Kristinfræðslan, sem er öðrum þræði hugmyndasaga, skyggir alfarið á aðra og að ýmsu leyti mikilvægari þætti í hugmyndasögu vesturlanda.

Jesú og boðskapur hans hefur vissulega haft mikil áhrif á líf Vesturlandabúa, en ofuráherslan á hann í grunnskólum landsins verður þess valdandi að börnin okkar fá ranga mynd af mikilvægi trúarbragða fyrir samfélagið í dag. Ekki bætir úr skák að þessari fræðslu er stjórnað af Þjóðkirkjunni sem eðli málsins samkvæmt er alltaf í hlutverki trúboðans, sem reynir að blanda trúnni, oft ranglega, inn í alla þætti tilverunnar. Þetta má berlega sjá í þeim ummælum biskups Íslands að andi Jesú „og áhrif haf[i] reyndar gert mikilvægasta andlegt afrek okkar tíma kleyft, nefnilega raunvísindin ... Einmitt vegna þess að frumforsenda tilverunnar er ekki ... hringrás náttúrunnar, heldur hugur, vit, vilji og skynsemi sem að baki býr allri tilveru“. Heimsmyndin sem biskup lýsir í ummælum sínum heyrir fortíðinni til, enda endurspeglar hún hugarfar sem kemur fram í vithönnunartilgátunni umdeildu, sem er í mótsögn við grunnforsendur raunvísinda samtímans.

Ef horft er á kristnifræðsluna sem kennslu í hugmyndasögu ætti hverjum manni að vera ljóst að núverandi áhersla gengur ekki upp. Af hverju læra börnin okkar ekkert um þá einstaklinga, s.s. Adam Smith, John Stuart Mill, Charles Darwin og marga fleiri, sem lögðu grunninn að þeirri heimsmynd og þeim lýðréttindum sem við búum við í dag? Það ætti ekki að reynast erfitt að útbúa námsefni um þessa einstaklinga sem, eins og í tilfelli kristnifræðslunnar, hentaði börnum frá 6 ára aldri og upp út. Núverandi ofuráhersla á kristna hugmyndasögu gengur hreinlega ekki upp í nútíma afhelguðu lýðræðissamfélagi og er kominn tími til þess að börnin okkar læri eitthvað um þá einstaklinga sem sannarlega mynda hornstein menningar okkar, eins og hún er í dag. ■

Þrjátíu silfurpeninga samningur

UMRÆÐAN
SAMKOMULAG KÍ OG MENNTAMÁLARÁÐHERRA

HELGI INGÓLFSSON

Þessum ámælisverðu og ólýðræðislegu vinnubrögðum forystu KÍ verður helst jafnað við þá ákvörðun, þegar tveir ráðherrar ákváðu að fara í stríð í umboði íslensku þjóðarinnar.

Þann 2. feb. 2006 gerðu fáeinir forystumenn Kennarasambands Íslands og menntamálaráðherra með sér skriflegt samkomulag. Unnið var að því með leynd og með hraði, en almennir félagsmenn í KÍ ekki á neinn hátt hafðir með í ráðum, enda kom það eins og blaut tuska í andlitið á þeim, þegar það var tilkynnt fyrirvaralítið á blaðamannafundi.

Það hlýtur að vekja stórfellda undrun að ekki skuli leitað samþykkis almennra félagsmanna, þegar skrifað er undir samkomulag, sem getur orðið jafn afdrifaríkt fyrir menntun í landinu. Hvers vegna þetta pukur og þessi asi? Hvað þoldi ekki dagsins ljós og hvers vegna var ekki leitað álits kennara, áður en samkomulagið var undirritað? Kennarar eiga kröfu á forystu sína að þessum spurningum sé svarað. Samkomulagið sjálft virðist sakleysislegt. Það inniheldur að mestu nokkur almenn efnisatriði, sem flestir geta sammælst um, án þess að til þurfi skjalfestan samning. Þó stendur tvennt upp úr. Annars vegar skuldbindur forysta KÍ sig til að vinna með ráðuneytinu að því hvernig staðið verður að stytt-ingu náms til stúdentsprófs. Með þessu er ráðherra gert kleift að halda ótrautt og óhindrað áfram með skerðingaráform sín, enda öllum ljóst að aðkoma forystu KÍ að því máli verður formsatriði og aldrei meiri en ráðuneytinu þóknast. Hins vegar er eina bitastæða atriði samningsins löggilding starfsheitis leikskólakennara, viðfangsefni sem á að vera svo sjálfsagt, að óþarft er að spyrða það saman við skerðingu náms til stúdentsprófs.

Slenging þessara tveggja atriða hlýtur því að vekja upp spurningar um hvort hér sé ekki um að ræða hrossakaup af verstu gerð, þar sem prangað er með fjöregg þjóðarinnar, menntunina. Forystu KÍ var fullljós vilji framhaldsskólakennara í þessu máli, þegar þeir gengu til leynimakks síns við ráðherra. Í janúar sl. sátu formenn Kennarasambands Íslands og Félags framhaldsskólakennara fund, þar sem saman komu trúnaðarmenn nær allra framhaldsskóla á suðvesturhorninu, og fram kom eindreginn vilji gegn því að skerðing náms til stúdentsprófs yrði notuð sem skiptimynt í viðræðum við ríkisvaldið. Verður því samkomulag forystu KÍ við ráðherra ekki skilið öðruvísi en svo að forystan hafi vísvitandi hunsað vilja framhaldsskólakennara.

Þessum ámælisverðu og ólýðræðislegu vinnubrögðum forystu KÍ verður helst jafnað við þá ákvörðun, þegar tveir ráðherrar ákváðu að fara í stríð í umboði íslensku þjóðarinnar. Það er deginum ljósara að framhaldsskólakennarar styðja ekki forystu sína í gerð þessa samkomulags og enn hef ég ekki heyrt í þeim grunnskólakennara, sem mælir makkinu bót. Fyrir vikið ber helst að líta á samkomulagið sem einkasamning þeirra sem rituðu undir. Að mínu mati hafa allir forystumenn Kennarasambands Íslands, sem að samkomulaginu komu á einhvern hátt, fyrirgert umboði sínu og ættu að sjá sóma sinn í því að segja af sér án tafar.

Það er til háborinnar skammar að til forystu fyrir kennara veljist skósveinar, sem kjósi að kyssa vöndinn fremur en að starfa fyrir umbjóðendur sína.

Höfundur er framhaldsskólakennari.

Hækkum bílprófsaldurinn

UMRÆÐAN
ÞÓRA ANDRÉSDÓTTIR STÖÐUVÖRÐUR SKRIFAR UM UMFERÐARMENNINGU

Venjum börn og unglinga á að nota almenningssamgöngur. Bætum enn betur strætisvagnaferðirnar fyrir þá, sem þurfa helst á þeim að halda og fargjaldið helst frítt eins og í Reykjanesbæ.

Fyrir jól var fjallað um umferðina í Speglinum í nokkrum þáttum. Ég fagna þeirri umræðu sem fylgdi í kjölfarið. Ég er þeirrar skoðunar að hækka ætti bílprófsaldurinn uppí 18 ára og myndi vilja að það yrði skoðað nánar. Unglingar verða ekki sjálfráða og fjárráða fyrr en 18 ára og mega ekki kaupa áfengi fyrr en 20 ára. Finnst mér því eðlilegt að þeir séu orðnir a.m.k. 18 ára áður en þeir fá ökuréttindi, sem eru dauðans alvara, en ekki bara bílaleikur eða sjálfsagður hlutur.

Er það svo nauðsynlegt að þau byrji ökunám aðeins 16 ára? Fórnin er of mikil og fórnarlömbin of mörg. Hvert ár, og hvert mannslíf, er svo mikils virði. Unglingar þroskast mikið á einu ári. Það er staðreynd að ökumenn á þessum aldri valda mörgum umferðarslysum, þó þeim hafi fækkað. Oft les maður í blöðunum um hraðakstur unglinga stuttu eftir bílpróf. Einnig yrði það til þess að minnka alla þessa bílamergð og umferð sem er orðin of mikil. Er hún svona nauðsynleg? Venjum börn og unglinga á að nota almenningssamgöngur. Bætum enn betur strætisvagnaferðirnar fyrir þá, sem þurfa helst á þeim að halda og fargjaldið helst frítt eins og í Reykjanesbæ.

Foreldrar segjast ekki þora að senda börnin sín gangandi í skólann vegna mikillar umferðar en eins og kom fram í útvarpinu er þetta vítahringur sem foreldrar skapa sjálfir, með því að skutla þeim í skólann. Svo skapast annað vandamál, sem er hreyfingarleysi og offita barna. Göngum og hreyfum okkur meira, en notum bílinn aðeins ef brýn nauðsyn krefur. Þá sláum við margar flugur í einu höggi, stundum líkamsrækt, minnkum mengun, minni umferð og slit á götum. Svo þurfa allir sem komnir eru með ökuréttindi að aga sjálfan sig og fara eftir öllum umferðarreglum. Íslendingar eru orðnir svo agalausir og kærulausir. Það telst t.d. til undantekningar ef fólk gefur stefnuljós. Fólk virðir ekki hraðatakmarkanir og fer jafnvel yfir á rauðu ljósi. Ég hef ítrekað orðið vitni að því að fólk aki á móti umferð á einstefnugötum. Hefur oft munað litlu að stórslys yrði.

Ég mælti með því á sínum tíma að farsímanotkun við keyrslu yrði bönnuð. Fagna ég því að það er komið í lög. Þessi símtöl eru varla svo lífsnauðsynleg að þau geti ekki beðið smástund. Maður sér á aksturslagi fólks ef það er að tala í símann við keyrslu og einbeiting þess minnkar. Það er staðreynd, að notkun farsíma við keyrslu á þátt í mörgum slysum. Lögreglan þarf að vera meira sýnileg og fylgja lögunum betur eftir. Svo þurfa allir að sýna gott fordæmi og tillitssemi í umferðinni, ekki síst ökukennarar og foreldrar ökunema.

Það er ótrúlegt hve margir leggja í stæði fyrir fatlaða, ætla bara að skjótast í eina mínútu (eða tvær), eru að afferma, eða eru bara að bíða eftir einhverjum. En ef allir hugsa svona eru þessi stæði aldrei laus fyrir þá sem þess þurfa. Sýnum hreyfihömluðu fólki meiri virðingu og tillitssemi. Þökkum fyrir að við skulum ekki þurfa að nota þessi stæði. ■

Af Murdoch, skrumskælingu og skopmyndum

UMRÆÐAN
BALDUR ARNARSSON SKRIFAR UM MYNDBIRTINGAR JÓTLANDSPÓSTSINS

Það kann að vera að bera í bakkafullan lækinn að fjalla frekar um skopmyndamálið en mig langar samt til að gera það. Ég ætla ekki að fjalla um tjáningarfrelsið og stöðu þess í dag heldur lýsa því hvernig umfjöllun dagblaða Ruperts Murdoch í Ástralíu um stríðið gegn hryðjuverkum hefur haft áhrif á skoðanir tveggja vina minna syðra.

Sá fyrri er íranskur menntamaður og framkvæmdastjóri. Hann hefur haft áhuga á stjórnmálum allt frá því að molotovkokteilar voru hafðir við höndina á æskuheimili hans í Íran vildi svo til að liðsmönnum Saddams tækist að brjótast yfir víglínuna og að þorpinu hans. Hann er þó hófsamur í skoðunum og t.a.m. alls ekki á móti Bandaríkjunum, þótt hann minni stundum á að Rumsfeld hafi látið Saddam hafa ólögleg vopn í stríðinu við Íran, og þau orð Kissingers að hann vonaði að Íranir og Írakar héldu áfram að drepa hvorn annan. Hann er gagnrýnnn á stjórnarhætti í Íran og sárnar þegar ég segi honum frá því að íranskur nemandi vinkonu minnar óttist að samlandar hennar í Ástralíu njósni um hana. Hann kveðst trúlaus en er þó afar mótfallinn efnistökum dagblaða Murdochs, sem hafa yfirburðastöðu syðra, um þátt íslamstrúar í stríðinu gegn hryðjuverkum, sem hann segir hafa alið á neikvæðum staðalímyndum um múslima. Um afstöðu Murdochs til innrásinnar í Írak er það að segja að hann studdi við hana á þeim forsendum að í kjölfar hennar myndi olíuverð lækka og þannig stuðla að aukinni framleiðslu og auknum auglýsingatekjum fyrir fjölmiðlaveldi hans News Corporation.

Í þessu sambandi langar mig til að benda á greinina „Murdoch's War" eftir prófessor Peter Manne á vef Þjóðarhreyfingarinnar (01/12/05). Hinn vinur minn er frá sama heimshluta en kom sem pólitískur flóttamaður til Ástralíu og var því settur í einangrunarstöð við komuna eins og aðrir slíkir. Þar sá hann m.a. hvernig íslömsk menntakona örkumlaðist í kjölfar aðgerða sem tryggja áttu að hún sæi ekki eitthvað sem gæti endað á prenti. Hefur mörgum ofboðið meðferð ástralskra stjórnvalda á flóttafólki og hefur Malcolm Fraser, forsætisráðerra landsins 1975-83, gagnrýnt John Howard, flokksbróður sinn og núverandi forsætisráðherra, fyrir stefnu sína í þeim málum. Sjálfur missti þessi vinur minn bróður sinn í klær ógnarstjórnar og er búinn að sætta sig við að þeir muni aldrei sjást framar. Hann valdi Ástralíu til hugsanlegrar búsetu, þar sem hann taldi að landið væri eitt hið frjálslyndasta og mannúðlegasta í heiminum. Því miður hefur hann orðið fyrir vonbrigðum og er t.d. ósáttur við það sem hann álítur skrumskælingu dagblaða Murdochs á íslamskri menningu og sögu. Hann er rólegur maður en skiptir þó skapi þegar talið berst að stríðinu gegn hryðjuverkum, því hann telur að raunveruleg markmið þess séu allt önnur en yfirlýstur tilgangur.

Ég tek fram að ég hef ekki rætt við þessa vini mína síðan skopmyndamálið kom upp. Ég leyfi mér þó að fullyrða að þeir myndu aldrei gera flugu mein vegna þessara mynda, því að það væri andstætt hugsjón þeirra um betri og lýðræðislegri heim.

Höfundur er fjölmiðlafræðingur.

AF NETINU

Fiat lux

Í upphafi skapaði Dagur Reykjavík. Reykjavík var þá auð og tóm, og myrkur grúfði yfir hundrað og einum, og andi Dags sveif yfir Vatnsmýrinni. Dagur sagði: „Verði ljós í hundrað og einum!" Og það varð ljós í hundrað og einum. Dagur sá, að ljósið var gott, og Dagur greindi ljósið frá myrkrinu. Og Dagur kallaði ljósið Dag, en myrkrið kallaði hann Vilhjálm.

Flugufótur Deiglunnar á deiglan.com

Álgerður

Álið er orðið hluti af henni [Valgerði Sverrisdóttur], rétt eins og þessi hvíti verktakahattur, hún er orðin Álgerður sem með reglulegu millibilli er í kerskálunum að fagna. Allt hennar líf og starf snýst um ál en samt hefur hún enga skoðun á því að eigin sögn, Alcoa og Alcan vilja álið en hún bregst við eins og fröken Rappesen, einkaritari Jóakims andar, dugmikil og ómissandi en í raun ekkert pólitísk, skoðanir gera fólk veikt og hún er sterk. Hún er kjarnakona nútímans. Hún gefst aldrei upp og breytir aldrei um stefnu. En henni er alveg sama. Hún ræður en samt þjónar hún, hún er valdamikil og hefur þó engin völd því að völd eru svolítið ljót í lýðræðinu. Þess vegna getur hún ekki brosað öðruvísi en Móna Lísa.

Ármann Jakobsson á kistan.is

Lítill glamúr

Það er ekki mikill glamúr yfir blaðamennsku á Íslandi, ónei. Allavega ekki ef marka má tilnefningar til blaðamannaverðlauna sem afhent verða á pressuballi 18. febrúar. Þarna er vandlega gætt að hafa jafnvægi milli fjölmiðla (DV þó ekki með), en annars virðist vera eindregin tilhneiging í þá átt að verðlauna þungar greinar um einhver alvörumál - greinar sem eru alls góðs maklega en maður getur ekki ímyndað sér að neinn hafi nennt að lesa.

Það er vissulega virðingarvert þegar blaðamenn setja sig inn í flókin og erfið mál, en þegar það gerist virðist nánast vera regla fremur en hitt að framsetningu sé mjög ábótavant - að maður tali ekki um stíl. Sumt af þessu minnir fremur á skýrslur en blaðagreinar. Það er stóreinkennilegt hvað það er lítils metið í fjölmiðlunum að kunna að tjá sig á skemmtilegri íslensku. Stingur hróplega í stúf við allt blaðrið um ræktun tungunnar.

Egill Helgason á visir.is

tímamót

timamot@frettabladid.is

MOLIERE (1622-1673) LÉST ÞENNAN DAG.

„Við deyjum aðeins einu sinni, en í mjög langan tíma.“

Moliere var franskt leikritaskáld, leikari og leikstjóri. Oft talinn einn af meisturum satírunnar.

ÞETTA GERÐIST > 17. FEBRÚAR 1992

Mannæta í fimmtánfalt lífstíðarfangelsi

Á þessum degi árið 1992 var fjöldamorðinginn Jeffrey Dahmer dæmdur í fimmtánfalt lífstíðarfangelsi af dómstól í Wisconsin í Bandaríkjunum. Hann var dæmdur fyrir að drepa og sundurlima fimmtán unga menn og drengi. Hann veittist iðulega að ungum samkynhneigðum blökkumönnum, byrlaði þeim svefnlyf og gerði meðal annars grófar heilaskurðaðgerðir á þremur þeirra. Töluvert af líkamshlutum fannst í íbúð Dahmers þegar hann var handtekinn. Nokkur höfuð voru í ísskápnum og í fataskáp fannst altari með kertum og höfuðkúpum. Var talið að Dahmer hefði lagt sér mannakjöt til munns en Dahmer játaði að hafa étið upphandlegg af áttunda fórnarlambi sínu.

JEFFREY DAHMER

Lögmenn Dahmers héldu því fram að hann væri nárið, það er væri haldinn sjúklegri þrá til að hafa mök við lík.

Dahmer sýndi iðrun í réttarhöldunum sem þóttu ein þau ógeðfelldustu enda voru sönnunargögn næg. Halda þurfti aftur af ættingjum fórnarlamba hans sem veittust að Dahmer og kölluðu hann djöfulinn sjálfan.

Þó Dahmer hafi verið dæmdur fyrir fimmtán morð játaði hann að hafa orðið sautján að bana á árunum 1978 til 1991. Hann varð trúaður í fangavist sinni og lét skírast. Þann 28. nóvember 1994 var hann myrtur af samfanga sínum, sem barði hann með járnstöng.

MERKISATBURÐIR

1866 Kristján Jónsson Fjallaskáld yrkir kvæðið Þorraþrællinn sem hefst á orðunum, Nú er frost á fróni.

1943 Vélskipið Þormóður frá Bíldudal ferst á Faxafljóa og með honum 31 maður.

1972 Richard Nixon Bandaríkjaforseti heldur af stað í frægа för til Kína.

1979 Kínverjar ráðast inn í Víetnam.

1984 Vopnað rán er framið við Austurbæjarútibú Landsbankans.

1990 Vaclav Havel, forseti Tékkóslóvakíu, kemur til landsins.

†

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, systur og ömmu,

Mattheu Katrínar Pétursdóttur
Álfaborgum 9.

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Rimaskóla og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

Snæbjörn Ólafsson
Ágústa Sigurðardóttir
Hilmir Freyr Sigurðsson
Eva Björg Sigurðardóttir
Auður Pétursdóttir
og barnabörn.

Lýður Ásgeirsson
Svanhildur Jóna Erlingsdóttir
Aðalsteinn Jóhannsson
Haraldur Finnsson

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Ingi Berg Guðmundsson
loftskeytamaður, Völvufelli 42, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá kirkju Óháða safnaðarins við Háteigsveg föstudaginn 17. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð hjúkrunarþjónustunnar Karitas. Tekið er á móti framlögum í síma 551 5606.

Fanney Vigfúsdóttir
Auður Björg Ingadóttir
Jóna Rán Ingadóttir
Ingi Berg Ingason
og barnabörn.

Elías Jón Sveinsson
Rúnar Þór Vilhjálmsson
Anna Lísa Hassing

†

Eiginmaður minn,

Tómas Einarsson
kennari, Skúlagötu 40,

lést á Líknardeild Landspítalans, Landakoti, sunnudaginn 12. febrúar.

Guðlaug Jónsdóttir



TEKUR TÍMAMÓTUNUM MEÐ STÓÍSKRI RÓ Magnús ætlar að stinga af upp í sumarbústað með eiginkonu sinni og láta engan vita.

MAGNÚS ÓLAFSSON LEIKARI: SEXTUGUR Í DAG

Hinn svarti senuþjófur

„Ég ætla að hafa þetta þannig að sem fæstir verði varir við þetta. En það er víst erfitt,“ segir Magnús Ólafsson leikari sem allir Íslendingar þekkja og virða sem einn okkar albesta leikara. Hann tekur þessum tímamótum í lífi sínu með stóískri ró og er þakklátur. „Ég er ánægður með að fá að eldast og lít bara jákvætt á það. Það eru ekki allir sem njóta þeirra forréttinda. Það sem er eftirminnilegast er að hafa eignast góða konu og börnin okkar. Það er það sem situr eftir, fjölskyldan.“

Magnús ætlar ekki að halda neina stórveislu heldur ætlar að fara með konunni upp í sveit í sumarbústað og láta engan vita hvar. En hann hefur fengið margt góðra gjafa. „Konan mín gaf mér gjöf fyrirfram og splæsti á mig ferð til Liverpool á leik. Ég fór á Anfield og sá Liverpool vinna Tottenham. Það var stórkostlegt og í þriðja skipti sem ég fer þangað og það er alltaf jafn gaman. Það er sérstök stemning að heyra sönginn You never walk alone. Maður tárast bara.“ Svo rammt kveður að áhuga Magnúsar að hann dregur fána að húni í hvert sinn sem Liverpool spilar leik.

Magnús er prentari að mennt en fyrst og síðast leikari í hugum landsmanna. Hann hefur leikið í 24 kvikmyndum og honum finnst það sérstaklega áhugavert.

Spurður um sína eftirlætissýningu á sviði nefnir hann leikverkið Hvað um Leonardo eftir Evald Flisar sem var í leikstjórn Hallmars Sigurðssonar. „Þar fékk ég mína bestu dóma á sviði og Súsanna Svavarsdóttir sagði að ég hefði verið hinn svarti senuþjófur. Það er mér ógleymanlegt. Þar lék ég þroskaheftan mann sem kunni allar óperur utan að. Annars er líka alltaf yndislegt að leika fyrir börn, þau eru bestu áhorfendurnir og ég er stoltur af barnasýningunum sem ég hef tekið þátt í. Þar lék ég með Bessa Bjarnasyni sem sannar það sem ég hef alltaf sagt: Leikarinn deyr aldrei, hann bara hverfur af sviðinu.“ ■

Afmæli

Ég varð 60 ára
fimmtudaginn 16. febrúar.
Þeim sem vilja samgleðjast mér í tilefni af deginum er boðið að
Skipholti 70 laugardaginn
18. febrúar kl. 12.00-15.00.
Guðrún Erla Aðalsteinsdóttir

AFMÆLI

Skúli Eggert Þórðarson skattrannsóknarstjóri er 53 ára.

Guðjón Ólafur Jónsson lögfræðingur er 38 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1752 Friedrich M. Klinger leikritaskáld.

1888 Otto Stern, eðlifræðingur og nóbelsverðlaunahafi.

ANDLÁT

Tómas Einarsson kennari, lést á líknardeild Landspítala Landakoti sunnudaginn 12. febrúar.

Guðrún Jónsdóttir, Hringbraut 97, Keflavík, lést á Hlévangi þriðjudaginn 14. febrúar.

Sigríður Eyjólfsdóttir, Selvogsgrunni 22, lést á Vífilsstöðum þriðjudaginn 14. febrúar.

Garðar Sigjónsson, Hrafnistu í Hafnarfirði, áður til heimilis á Höfn í Hornafirði, lést á gjörgæsludeild Landspítala Fossvogi aðfaranótt miðvikudagsins 15. febrúar.

JARÐARFARIR

13.30 **Stefán Karl Þorsteinsson**, Einholti 8a, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Ingi Berg Guðmundsson** loftskeytamaður, Völvufelli 42, Reykjavík, verður jarðsunginn frá kirkju Óháða safnaðarins.

TILBOÐ

Á LEGSTEINUM, FYLGIHLUTUM OG UPPSETNINGU

10-50% AFSLÁTTUR

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista

Steinsmiðjan *MOSAIK*
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR
Mikið úrval legsteina og fallegra fylgihluta.
Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.
Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.
S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is



KOMDU HLUTUNUM Í VERK

ALLT er ný vöru- og þjónustuskrá á **visir.is**. Ef þú stendur í stórræðum er gott að hafa **ALLT** við höndina því þar finnur þú meðal annars iðnaðarmenn, þjónustuaðila, umboð, verslanir og **ALLT** hitt sem þig vanhagar um. **ALLT** er líka að finna í þjónustunúmerinu **1850** og í vor verður **ALLT bókinni** dreift til allra landsmanna. **Þú finnur ALLT á visir.is!**

visir

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

allt

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000

EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

STUÐ MILLI STRÍÐA: Á brautarpalli

SIGRÍÐI B. TÓMASDÓTTUR ÞYKJA LESTIR RÓMANTÍSKAR

Frá því að ég steig fyrst upp í lest hef ég haft mikiðdálæti á þessum ferðamáta, að ferðast milli staða í járnbrautalest. Það er svo þægilegt að sitja í lest. Í lestarklefa hittast ferðalangar úr ýmsum áttum, sitja gegnt hver öðrum og oft upphefjast skemmtilegar samræður í klefanum. Sérstaklega á þetta við þegar bakpokaferðalangar sitja saman í klefa og fara að bera saman bækur sínar, ræða hvert ferðinni sé heitið og hvaðan sé verið að koma.

Svo er auðvitað alveg frábært að þegar ferðast er í lest er nóg að mæta á brautarpall rétt áður en lestin skríður af stað, hoppa inn í klefa og finna sér sæti. Ekki er verra að hún skilar manni ætíð í hjarta borga, þegar ferðast er stórborga á milli.

Lestarstöðvar eru líka ógurlega sjarmerandi staðir, fólk á þönum, alls kyns litlar búðir og sjoppur, mikil mannlífssúpa. Margar hverjar byggðar á nítjándu öld og við þær loðir rómantískur blær. Og fátt rómantískara en að kveðja einhvern með kossi á brautarpalli. Flugvellir hafa ekki þennan sjarma, þrengslin þar eru þrúgandi og biðraðirnar algjört bögg.

Ég hef ætíð verið hrygg yfir því að óskir þeirra sem vildu járnbrautalestir á Íslandi skyldi daga uppi en ekki verða að veruleika. Mikið væri gaman að geta setið í lest á leið til Akureyrar og Egilsstaða. Umferðamiðstöðin væri líka snöggtum meira sjarmerandi ef hún væri lestarstöð en ekki bara rútustöð. Og Hringbrautin með annað svipmót. En því er ekki að heilsa svo ég verð að láta mér lestarferðir í útlöndum nægja. Og það er kannski hluti af sjarmanum? ■

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og pa

Eftir SÖB

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		9		5				
7			9		4			
5	4				7			6
							6	1
	6		8		9		3	
1	3							
8			7				9	2
			3		5			4
				6		5		

Lausn á gátu gærdagsins

2	3	7	5	1	9	6	4	8
9	1	8	6	3	4	5	7	2
4	6	5	7	8	2	3	1	9
7	8	9	4	6	3	1	2	5
5	4	6	2	7	1	9	8	3
1	2	3	8	9	5	4	6	7
3	5	4	1	2	7	8	9	6
8	7	1	9	5	6	2	3	4
6	9	2	3	4	8	7	5	1

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ

Leikbær

Ekki koma of seint!

Komdu strax og kauptu búninginn þinn áður en einhver annar kaupir hann!

ÁLFADÍS
Kjóll, vængir og hárband.
Fæst bleikur og hvítur.
(110, 130 og 150 sm)
3.980 kr.

Töfrasprotar Margar teg. Verð frá **130 kr.**

NINJA
Galli, hetta, belti, arm- og fótabönd.
(110, 130 og 150 sm)
2.980 kr.

SVERÐ Margar teg. Verð frá **298 kr.**

LJÓN
Þunnur galli með hettu.
1.980 kr.

TÍGRISDÝR
Þykkur og hlýr búningur úr vönduðu efni.
4.990 kr.

SJÓRÆNINGJASTELPA
Kjóll, belti og hárband.
(110, 130 og 150 sm)
1.980 kr.

SJÓRÆNINGJA-LEPPUR
50 kr./stk.

VAMPÍRA
Skikkja með hálsklút.
(110, 130 og 150 sm)
2.980 kr.

SJÓRÆNINGJA-KAFTEINN
Serkur, buxur, skóhlífar, belti og hálstau.
(110, 130 og 150 sm)
2.980 kr.

SVERÐ Margar teg. Verð frá **298 kr.**

BATMAN
Galli, skikkja og gríma.
2.995 kr.

ÖXI Margar teg. Verð frá **270 kr.**

RIDDARI
Serkur, buxur og hetta.
(110, 130 og 150 sm)
2.980 kr.

SÚPERMAN
Galli, skikkja og gríma.
2.995 kr.

DRAUGUR
Kufl, belti og hetta.
(110, 130 og 150 sm)
2.980 kr.

SPIDERMAN
Galli og gríma.
2.995 kr.

Hringbrot

Skoðið bæklinginn í heild sinni á www.leikbaer.is!

! **Kl. 20.00**
Mugison *er gestur* ***KaSa hópsins*** *á Tíbrártónleikum í Salnum í Kópavogi þar sem flutt verður bæði splunkuný og gömul tónlist eftir þennan vinsæla tónlistarmann.*

menning

menning@frettabladid.is

Bestu blaðaljósmyndirnar

Á morgun verður hin árlega sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands, Myndir ársins 2005, opnuð í Gerðarsafni í Kópavogi. Á sýningunni verða um 230 íslenskar blaðaljósmyndir frá síðastliðnu ári.

Sýningunni er skipt í átta flokka: fréttamyndir, íþróttir, portrett, myndraðir, daglegt líf, landslag, tímaritamyndir og skop. Þar gefur að líta það besta sem íslensk blaðaljósmyndun hefur upp á að bjóða. Verðlaun verða veitt fyrir bestu myndirnar í hverjum flokki og einnig verða veitt verðlaun fyrir þjóðlegustu mynd ársins.

Í dómnefndinni, sem hafði úr um það bil 200 þúsund ljósmyndum að velja, voru þeir Terje Bringedal, myndstjóri Verdens Gang í Noregi, Ari Sigvaldason, fréttamaður á RÚV, og Páll Steingrímsson kvikmyndagerðarmaður.

Samhliða sýningunni kemur út bókin „Myndir ársins 2005“ og er það Edda Miðlun sem gefur hana út.

Á neðri hæð safnsins verður Gunnar V. Andrésson með sýningina „Í fjörutíu ár á blöðunum“. Gunnar hóf störf á Tímanum árið 1966 og hefur síðan þá unnið í tengslum við ljósmyndun. Nú starfar hann sem ljósmyndari hjá útgáfufélaginu 365 fjölmiðlun.

Hér má sjá ljósmynd sem Gunnar tók þegar breytt var úr vinstri yfir í hægri umferð 26. maí 1968.

Spennutryllir um svelti og ofát

Á morgun verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu nýtt leikrit eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, Hungur, sem fjallar um matarfíkn og matarfælni.

„Þetta er þriller um svelti og ofát,“ segir Guðmundur Ingi Þorvaldsson, sem er leikstjóri Hungurs. „Þetta er spennusálfræðitryllir og mjög sérstakt leikrit.“

Sýningin fjallar um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitskröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hvað gerist þegar tveir anorexíusjúklingar mynda vináttutengsl, og þegar offitusjúklingur finnur sér loks maka sem elskar hvern einasta blett á henni?

Fjórir leikarar taka þátt í verkinu, þau Helga Braga Jónsdóttir, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Þorsteinn Bachmann og Ásta Sighvats Ólafsdóttir. „Helga Braga sýnir þarna á sér nýja hlið í mjög dramatísku hlutverki offitusjúklingsins,“ segir Guðmundur Ingi, en vill ekki fara nánar út í söguþráð verksins til þess að spilla ekki fyrir áhorfendum.

Tónlistin í verkinu er eftir Axel Árnason og setur hún sterkan svip á sýninguna, enda er hún all sérstæð. „Hann fékk bara að nota búkhljóð í tónlistina, þannig að hvert einasta hljóð sem heyrist er ekta búkhljóð. Til dæmis prump, rop og garnagaul,“ segir Guðmundur Ingi.

Mikið er einnig lagt í sviðsmyndina, sem er eftir Þórarin Blöndal. „Hann er búinn að smíða lítið hringsvið, eins konar spiladós sem snýst í kringum áhorfendur. Og svo er hann búinn að tjalda í kringum allt sviðið og varpar þar vídeóverkum sínum. Þar vakir yfir okkur guðinn Sjónvarp.“

HUNGUR Helga Braga Jónsdóttir í hlutverki offitusjúklings.

Þótt leikritið fjalli um vandamál sem verið hefur mikið í fréttum síðustu misseri, segir Guðmundur Ingi víðs fjarri að þarna sé einhvers konar fræðslusýning á ferðinni. Þarna er einfaldlega verið að segja sögur af fólki sem tekst á við all sérstæð vandamál í lífi sínu.



BJÖRN HLYNUR HARALDSSON Leikur Pétur Gaut í leikstjórn Baltasar Kormáks.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pétri Gaut seinkar

Frumsýningu á Pétri Gaut eftir Henrik Ibsen í Þjóðleikhúsinu verður frestað til 4. mars, en til stóð að frumsýningin yrði í næstu viku. Leikstjóri er Baltasar Kormákur en með titilhlutverkið fer Björn Hlynur Haraldsson.

Pétur Gautur er vígslusýning Kassans, sem er nýtt svið í Þjóðleikhúsinu.

Pétur Gautur er eitt af meistaraverkum Henriks Ibsen, snilldarlegur ljóðleikur sem aflaði skáldinu heimsfrægðar. Í sýningu Þjóðleikhússins nú verður sjónum beint að Pétri Gaut í nútímanum.

Karl Ágúst Úlfsson hefur gert nýja þýðingu á verkinu, um lýsingu sér Páll Ragnarsson og Helga I. Stefánsdóttir gerir búninga. Leikmynd er í höndum Grétars Reynissonar og leikstjóri og höfundur leikgerðar er Baltasar Kormákur.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FÆREYSKI KÓRINN TARÍRA Nafnið er fengið úr smiðju Williams Heinesen, þar sem kvenlega draumadísin Tarira er tákn leiks, fegurðar og lista.

Færeyskur kór flytur harmaljóð

Færeyski kammerkórinn Tarira heldur tónleika í Kristskirkju við Landakot á sunnudaginn. Einleikari á tónleikunum verður hinn efnilegi íslenski hornleikari Stefán Jón Bernharðsson Wilkinson.

Kórinn hefur starfað í tæp fjögur ár og sérhæfir sig í endurreisnartónlist og nútímatónlist. Hann hefur sungið verk eftir færeyska rithöfundinn William Heinesen, sem og önnur færeysk og norræn ljóðskáld, en í þetta sinn eru tónleikarnir helgaðir harmaljóðum upp úr heilagri ritningu. Kórinn flytur De Lamentatione Jeremiae, eða Harmatölur Jeremíasar, í þremur mismunandi útgáfum.

Tvö verkanna, sem kórinn flytur við þennan texta, eru eftir enska sextándu aldar tónskáldið Thomas Tallis, en hið þriðja er eftir Robert White, sem eins og Tallis var uppi á endurreisnartímanum.

Auk þess flytur kórinn nútímaverk eftir skoska tónskáldið James MacMillan, A Child's Prayer, sem tónskáldið hefur tileinkað fórnarlömbum harmleiksins í Dunblane árið 1996. Þetta sorgarverk er skrifað fyrir tvo einsöngvara og blandaðan kór. Kórinn myndar örlagaþrungið, suðandi baktjald yfir bænum barnanna, er berast frá angurværum sópranröddum einsöngvaranna.

Síðast á efnisskránni er verk Benjamins Brittens, Prayer II, sem er hið fyrsta í röð fimm verka, er Britten samdi við ljóð Gerards Manleys Hopkins.

Stjórnandi kórsins er Sunleif Rasmussen, en hann er fyrst og fremst þekktur utan Færeyja fyrir tónverk sín. Árið 2003 fékk hann tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir fyrstu færeysku symfóníuna: Symfoni nr 1 „Oceanic Days".

Tónleikar kórsins í Kristskirkju hefjast klukkan 16 á sunnudaginn.



ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 5. sýn. fös. 24. feb. kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
6. sýn. sun. 26. feb. kl. 20- 7. sýn. 3. fös. 3. mars kl 20
8 . sýn. sun. 5. mars kl. 15 - KYNNING KL 14.15

KYNNING FYRIR SÝNINGU
Kynning á verkinu og uppsetningu þess er í boði Vinafélags Íslensku óperunnar.
Kynningin hefst kl.19.15 og er innifalin í miðaverði. Húsið opnar kl. 19.00

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

Stóra svið

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 18/2 kl. 14 UPPS. Su 19/2 kl. 14 UPPS.
Su 26/2 kl. 14 UPPS. Su 26/2 kl. 17:30
Lau 4/3 kl. 14 Su 5/3 kl. 14 UPPS.
Lau 11/3 kl. 14 Su 12/3 kl. 14
Lau 18/3 kl 14 Su 19/3 kl. 14

CARMEN
Su 19/2 kl. 20 Lau 25/2 kl. 20 UPPS.
Fö 3/3 kl. 20 Lau 4/3 kl. 20
Lau 11/3 kl. 20 Lau 18/3 kl. 20

FEBRÚARSÝNING ÍD
Fö 24/2 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 5/3 kl. 20 Fö 10/3 kl. 20
Su 19/3 kl. 20 Su 26/3 kl. 20

WOYZECK
Í kvöld kl. 20 Lau 18/2 kl. 20
Þr 28/2 kl. 20 AUKASÝNING UPPSELT

KALLI Á ÞAKINU
AUKASÝNINGAR UM PÁSKANA!

Nýja svið / Litla svið

BELGÍSKA KONGÓ
Lau 18/2 kl. 20 UPPS. Su 19/2 kl. 20 UPPS.
Fi 23/2 kl. 20 UPPS. Fö 24/2 kl. 20 UPPS.
Lau 4/3 kl. 20 Su 5/3 kl. 20
Fö 10/3 kl. 20 Lau 11/3 kl. 20

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Lau 25/2 kl. 20 UPPS.
Su 26/2 kl. 20 UPPS. Fö 3/3 kl. 20 UPPS.

HUNGUR
Í dag kl. 17 FORSÝNINGAR, MIÐAV. 1.200- Kr
Lau 18/2 FRUMSÝNING UPPSELT
Fi 23/2 kl. 20 Su 26/2 kl. 20

MANNTAFL
Mi 22/2 kl. 20 AUKASÝNING

NAGLINN
Su 19/2 kl. 20 UPPS. Fö 24/2 kl. 20
Lau 25/2 kl. 20 Fi 2/3 kl. 20

GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Mi 1/3 kl. 20 UPPSELT Fö 17/3 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
TÚSKILDINGSÓPERAN
Í kvöld fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 **uppselt**.
Aukasýningar sun. 5/3 örfá sæti laus og **sun. 12/3.**
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 19/2 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 26/2 kl. 14:00 örfá sæti laus.
Síðustu sýningar. Aukasýning sun. 5/3 kl. 13:00 nokkur sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Í kvöld fös. 17/2 **uppselt**, lau. 18/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun 19/2 **uppselt**, mið. 22/2 **uppselt**, fös. 24/2 **uppselt**, lau. 25/2 kl. 17:00 **uppselt** og kl. 20:00 **uppselt**, sun. 26/2 **uppselt**, lau. 4/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 5/3 örfá sæti laus, þri. 7/3 örfá sæti laus, mið. 8/3 **uppselt**, lau. 11/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun. 12/3 **uppselt**, mið. 15/3 **uppselt**, lau. 18/3 kl. 17:00 **uppselt**, sun . 19/3 **kl. 17:00**, mið. 22/3, lau. 25/3 **kl. 17:00**.
SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU
Fyrirlestur - Kvöldverður - Leiksýning - Umræður
Sun 19/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 26/2 kl. 18:00 **uppselt**, sun. 5/3 kl. 18:00 örfá sæti laus, sun. 12/3 **uppselt**.

KASSINN
PÉTUR GAUTUR
Frumsýning lau. 4/3 uppselt, fim 9/3 örfá sæti laus, fös. 10/3 örfá sæti laus, lau. 11/3, fim. 16/3, fös. 17/3. **Ath. nýtt sýningafyrirkomulag. Sýnt í mars og apríl.**

LEIKHÚSKJALLARINN
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

Grafreitur mannlegrar reisnar

LEIKLIST

LEIKFÉLAG AKUREYRAR - RÝMIÐ
Maríubjallan
Höfundur: Vassily Sigarev
Þýðandi: Árni Bergmann
Leikarar: Guðjón Davíð Karlsson, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, Esther Talia Casey, Álfrún Helga Örnólfsdóttir, Þráinn Karlsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson / **Leikmynd og búningar:** Halla Gunnarsdóttir / **Lýsing:** Björn Bergsteinn Guðmundsson / **Tónlist og hljóðmynd:** Hallur Ingólfsson / **Leikstjórn:** Jón Páll Eyjólfsson
Niðurstaða: Leikhópurinn skilar þessu verki af slíkri fagmennsku og list að unun er á að horfa.

ÚR MARÍUBJÖLLUNNI Leikfélag Akureyrar frumsýndi Maríubjölluna í Rýminu, nýju leiksviði sem býður upp á nánast óþrjótandi möguleika.

Uppsprettur alls sem mannlegt er eru svo sannarlega uppurnar í því verki sem Leikfélag Akureyrar valdi til að vígja nýtt leiksvið, Rýmið, í gærkvöldi. Svokallað „blackbox“ eða svartkassa-leikrými sem flest leikhús vilja búa yfir í dag þar sem það býður upp á nánast óþrjótandi möguleika. Möguleika á að hafa leiksviðið hvar sem er og raða áhorfendum í kring – en ekki síst til að geta gengið mun nær áhorfandanum en gerist og gengur í hefðbundna leikhúsinu þar sem sviðsbrúnin aðskilur leikhóp og áhorfendur. Rýmið á Akureyri er einkar vel heppnað og ástæða til að óska LA til hamingju með það. Við áhorfendur eigum örugglega eftir að njóta margra frábærra sýninga í því húsi, ef marka má fyrstu frumsýninguna þar.

Maríubjallan er eitt magnað verk – eiginlega verkið sem maður hefur beðið eftir frá því að Kæra Jelena var sviðsett í Þjóðleikhúsinu um árið. Tími verksins er ein nótt þar sem aðskiljanlegustu karakterar mæta til að ganga frá viðskiptum áður en sonur húsráðanda, Díma, heldur til herþjónustu. Húsið er kallað „Lifendur og dauðir“, vegna þess að það stendur nánast í kirkjugarði, og það eru áhöld um hvort íbúar þess eru á lífi. Þeir eru ekki vissir sjálfir. Að minnsta kosti virðist eini tilgangurinn með lífinu vera að eyða því sem hraðast. Þeir dauðu eru meira virði en lifendur á meðan einhverju er hægt að ræna frá þeim til að selja. Svo gleymast þeir. Þeir sem eru lifandi berjast um mylsnur og maura og leita leiða til að svindla einskisverðu drasli inn á einhvern fyrir aura. Kannski komast þeir í burtu. Svo gleymast þeir líka. En þeir gleymast hvort eð er. Og Guð er nafnið á hundi nágrannans.

Spilling þess fólks sem á sér enga framtíð, enga mannlega reisn, hefur engan tilgang og eygir enga von er bæði sár og óvæntingarfull. Í þessu ræsi reynir samt hver að upphefja sig yfir hina, dæma og hæða. Allir þurfa að ríghalda í þá tilfinningu að þeir séu ekki það lægsta af öllu lægstu. Það er ekki neitt til að trúa á – nema kannski Maríubjallan sem flýgur til himna.

Leikhópurinn skilar þessu verki af slíkri fagmennsku og list að unun er á að horfa. Það var ekki síst gleðilegt af þeirri ástæðu að ungir leikarar hafa verið því marki brenndir seinustu árin að eiga í basli með að skila texta sínum skammlaust. Það er ekki vandamál hjá þeim unga leikhópi sem stendur að Maríubjöllunni. Textameðferð er hnökralaus, öll blæbrigði tilfinninganna skila sér og er fylgt eftir með svipbrigðum og hreyfingum. Hver einasti karakter gengur upp. Hvort sem það er hinum blæðandi Díma (Guðjón Davíð) sem hefur horft á menntun sína og framtíð hverfa í flöskuformi ofan í föðurinn, Posi (Þráinn), Slavik (Guðjón Þorsteinn) sem notaði fyrstu aurana sem hann vann sér inn til að sprauta sig og komast þá leið út úr þessu helvíti, Lera (Esther Talia) sem er svo örvæntingarfull að hún lætur blekkjast af sölutrikkum auðvaldsins til að komast út úr þeirri niðurlægingu að vera smáauramella, eða Arkasha (Jóhannes Haukur) sem hefur lært að gera sér mat úr eymd allra hinna. Arkasha er dálítið sér á parti þótt hann eigi ekki meiri framtíðarmöguleika en aðrir, allt sem hægt er að selja verður uppurið innan skamms. Júlka (Álfrún Helga) hefur einnig sérstöðu. Hún kemur annars staðar frá, úr betri stétt en verður að taka afstöðu í því umhverfi sem hún er stödd í. Þessi litla stúlka sem kemur til leiks feimin og hálf óttaslegin, er hreint ekki öll þar sem hún er séð. Henni er ekkert heilagt fremur en hinum. Og faðirinn Posi (Þráinn) dormar ofan á öllu, heldur eina ræðu í byrjun sem er dásamlega vel flutt.

Leikmyndin, lýsing og búningar eru áhrifaríkir. Niðurlægingin, drullan og draslið fljótandi í kringum blúndugardínur sem hanga til þerris, lýsingin notuð til að beina athyglinni að því sem augað almennt ekki sér í fari fólks og umhverfi. Persónurnar eiga bara þann fatnað sem þær standa í og engin sérstök ástæða til að þvo hann. Það er ekkert að fara að gerast. Tónlistin er sótt í hinn sára tón sem oft má heyra í rússneskri þjóðlagatónlist og undirstrikar söknuðinn yfir því sem hefði getað orðið. Leikstjórinn hefur haldið einstaklega vel um alla þræði. Allt gengur upp og verður spennandi að fylgjast með verkum hans í framtíðinni.

Súsanna Svavarsdóttir

Risa helgi á Holtakránni

Föstudagur

Idol
Öl og skot á 750,-
Frá kl. 20-22
Garðar Garðars
trúbador
heldur upp fjörinu
að loknu Idol
Frítt inn!

Laugardagur
Eurovisionball

Hljómsveitin Tilþrif
Spilar frá kl. 23:30
fram á rauðanótt!
Aðgangseyrir
kr. 500,-
Húsið opnar kl. 23:00
Carlsberg Léttöl

Boltinn í beinni
á risaskjá
Laugardagur - Kl. 12:20
Liverpool - Man. Utd
Þriðjudagur - Kl. 19:35
Benfica - Liverpool
Miðvikudagur - Kl. 19:30
Chelsea - Barcelona

Pizza & öl 1.500,-
Alla daga!

SPORTBAR HOLTAKRÁIN RESTAURANT
Kirkjustétt 2-6, Grafarholti, S. 567 8197

Grill / Samlokur / Pizzur / Hamborgara / Hlaðborð á föstudögum / Heimilismatur virka daga

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

14 15 16 **17** 18 19 20

Föstudagur

TÓNLEIKAR

- ☐ 17.00 **Kira Kira** heldur tónleika í versluninni 12 Tónum, Skólavörðustíg 15.
- ☐ 20.00 **Mugison** og **KaSa** hópurinn halda Tíbrártónleika í Salnum í Kópavogi.
- ☐ 20.00 **Steve Sampling, Mindtrap, Ragúel** og **Keyote** koma fram á hiphop tónleikum á Kaffi Hljómalind.
- ☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Changer, Elegy** og **Hrafnaþing** leiða saman hesta sína í mikilli rokkveislu á Grand Rokki.
- ☐ 22.00 **Ragnheiður Gröndal, Jón Ólafsson** og **Eyjólfur Kristjánsson** troða upp sem trúbadorar á Nasa.
- ☐ 23.00 **Megasukk** verður með tónleika á veitingahúsinu Víð tjörnina. Ókeypis er fyrir matargesti og hafa þeir forgang.

SKEMMTANIR

- ☐ 23.00 **Geirmundur Valtýsson** og hljómsveit á Kringlukránni.
- ☐ Hljómsveitin **Signia** spilar í Pakkhúsinu á Selfossi.

SÝNINGAR

- ☐ Þrjátíu grunnskólar í Reykjavík sýna afrakstur af fjölmörgum nýbreytni- og þróunarverkefnum í Tjarnarsal Ráðhússins dagana 17.-19. febrúar.

Helgað H.C. Andersen

Út er komið níunda hefti af Jóni á Bægisá, tímariti þýðenda, og er það að mestu helgað H.C. Andersen. Birtar eru gamlar og nýjar þýðingar á verkum ævintýraskáldsins, þar á meðal eru birtar í fyrsta sinn þýðingar skólapilta á 19. öld á þremur ævintýrum Andersens og einnig nýjar ljóðaþýðingar Franz Gíslasonar ásamt þremur nýjum ævintýraþýðingum Sigurðar A. Magnússonar.

JÓN Á BÆGISÁ Nýtt hefti tímarits þýðenda.

Fyrir utan sjálfar þýðingarnar eru í heftinu greinar eftir ýmsa höfunda sem flestar tengjast danska skáldinu. ■

GERÐUBERG



Thor Vilhjálmsson
Sýning á myndverkum Thors, sjónvarpsefni og öðru forvitnilegu frá löngum og glæsilegum höfundarferli Thors. Sýningin stendur til 5. mars.

Námskeið um höfundarverk Thors Vilhjálmssonar. Skráning á www.mimir.is og í síma 580 1800.

Sigrún Björgvinsdóttir
Sýningin **„Ort í ull“** í Boganum. Verkin eru úr þæfðri ull í sérunnum römmum úr íslensku lerki. Myndefnið er sótt í íslenska náttúru. Sýningin stendur til 19. mars.

Hvar ætlar þú að vera á Safnanótt 24. febrúar.
Fjölbreytt dagskrá í Gerðubergi 19 -22

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

www.gerduberg.is

Leikfélag Mosfellssveitar

Í BEINNI
eftir Hrafnkel Stefánsson og Nóa Kristinsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri: Guðný María Jónsdóttir

Frumsýning Föstud.17.feb.kl. 20:00
2. sýning Sunnud. 19.feb. kl. 20:00
3. sýning Föstud. 24.feb. kl. 20:00
4. sýning Laugard. 25.feb. kl. 20:00

Leikritið gerist í lokaþætti spjallþáttarins Í beinni, útsendingin gengur þó ekki átakalaust fyrir sig og hinar óvæntustu uppákomur setja svip sinn á atburðarásina. Einnig er í sýningunni skyggnst baksviðs. Þetta er bráðfyndið leikrit sem óhætt er að mæla með.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1800,-
www.leikmos.is

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Arna Ibsen

Lau. 17. Feb. Örfá sæti laus
Fim. 23. Feb.
Fös. 3. Mars.

eftir Jón Atla Jónasson
Sun. 19. Feb.
Síðasta sýning

Námsmenn og Vörðufélagar fá miðann á Mind Camp á 1000 kr. í boði Landsbankans

EF
eftir Valgeir Skagfjörð/ Einar Má Guðmundsson
Vestmanneyjar
Þrið. 21. Feb. kl. 9, 11 og 13 Uppselt

HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í sima 555 2222 og á midi.is

Xit hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Spænskir dagar

á Fjalakettinum **á Uppsölum bar & bistro**

Komdu inn úr kuldanum í rjúkandi heita stemmningu

Fáðu Sangria á barnum, pantaðu glóðheitan spánskan mat eldaðan af matreiðslumönnum Fjalakattarins

Leyfðu vínþjónunum að velja gott spánskt vín fyrir ykkur og njótið lífsins um leið og það er stjanað við ykkur!!!

Pantaðu borð í dag í síma 514-6060

Fjalaköturinn
Aðalstræti 16

Uppsalir
BAR & CAFE
Aðalstræti 16

Eldhúsið opið alla daga vikunnar 11:30 til 22:00

Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Úlpa: Attemted Flight By Winged Men, The Stooges: The Stooges, Pavement: Brighten the Corners, Bonnie „Prince“ Billy: Ease Down the Road og Tom Waits: Blood Money.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Fékk viðurkenningu í Nashville

Tónlistarmaðurinn Hjörtur Geirsson hefur gefið út plötuna Searching for a Hit með fimm kántrílögum eftir sjálfan sig.

Þrjú þeirra hafa fengið verðlaun í alþjóðlegum lagasmíðakeppnum í Paramount í Bandaríkjunum. Hlaut hann m.a. viðurkenninguna „exellence in songwriting“.

Þrjú þeirra hafa jafnframt verið gefin út á safnplötu í Paramount í Nashville.

Hjörtur gaf út sína fyrstu og einu plötu, The Ballads of the Undefined, árið 2001. „Ég er búinn að vera í tónlist frá því ég var unglingur en hætti í ein fimmtán ár þangað til um aldamótin, þá byrjaði ég aftur,“ segir Hjörtur, sem hefur m.a. spilað á bassa með hinum ýmsu trúbadorum.

„Ég hef verið að semja og senda lög bæði til Nashville og New Jersey og síðan fékk ég þessar viðurkenningar í þessum keppnum,“ segir hann.

Þrátt fyrir að Hjörtur sé mikill kántríbolti segist hann ekki hafa haft neinn sérstakan áhuga á kántrí í æsku. „Ég hlustaði aðallega á kántrírokk en ekki endilega þetta „púra“ kántrí. Ég á engan sérstakan uppáhalds kántrítónlistarmann, nema kannski Johnny Cash og Elvis Presley sem átti rætur í kántríinu.“

Hjörtur, sem starfar á líkamsræktarstöð, ætlar að halda áfram að semja lög og æfa sig á hljóðfæri. Hefur hann sent lög í nokkrar lagasmíðakeppnir til viðbótar og er að bíða eftir úrslitum úr þeim. Einnig er hann meðlimur í lagasmíðafélagi í Nashville og tekur þátt í starfsemi á þess vegum.

Hjörtur segir það vel inni í myndinni að flytja til Nashville eða Las Vegas til að einbeita sér að tónlistarferlinum. Hvað varðar spilamennsku hér heima segir hann að ekkert sé ákveðið í þeim efnum.

> Plata vikunnar

Test-Icicles: For Screening Purposes Only

„Breska sveitin Test-Icicles hefur vakið mikla eftirtekt síðustu mánuðina í heimalandi sínu. Ekkert undarlegt þegar nær skotheldri frumraun þeirra er rennt í gegn. Svona hljómar gott rokk og ról!“**- bös**

> Popptextinn

„If there's one thing you can say about mankind
There's nothing kind about man
You can drive out nature with a pitch fork
But it always comes roaring back again“

TOM WAITS HEFUR LITLA TRÚ Á MANNKYNINU Í MISERY IS THE RIVER OF THE WORLD AF PLÖTUNNI BLOOD MONEY.

X-LISTINN

TOPP TÍU LISTI X-INS 977

1.	**SYSTEM OF A DOWN**	LONELY DAY
2.	**DIKTA**	BREAKING THE WAVES
3.	**SHINEDOWN**	SAVE ME
4.	**MATISYAHU**	KING WITHOUT A CROWN
5.	**NINE INCH NAILS**	EVERY DAY IS EXACTLY THE SAME
6.	**DR. MISTER & MR. HANDSOME**	KOKALOCA
7.	**FRÆ**	FREÐINN FÁVITI
8.	**RICHARD ASHCROFT**	BREAK THE NIGHT WITH COLOUR
9.	**DEAD SEA APPLE**	BEARER OF BAD NEWS
10.	**CHILDREN OF BODOM**	OOPS, I DID IT AGAIN

SYSTEM OF A DOWN Rokkararnir ógurlegu eru komnir í toppsætið með lagið Lonely Day.

SMS UM NÝJUSTU PLÖTURNAR

Cat Power: The Greatest

„Á sjöundu breiðskífu sinni er Cat Power studd af undirleikssveit Als Green. Sem fyrr gefur söngkonan hlustandanum örlítinn hluta af sálu sinni og skilar af sér afbragðs plötu.“ **BÖS**

Richard Ashcroft: Keys to the World

„Þriðja breiðskífa Richards Ashcroft er eins og hinar tvær. Frekar flöt og óspennandi. Hljómar eins og plata frá listamanni í tilvistarkreppu.“ **BÖS**

Siggi Ármann: Music for the Addicted

„Þessi önnur plata Sigga Ármanns er bæði lágstemmd og tilfinningarík og í raun fyrirtaks plástur á brothætt sálarlíf. Munið bara: innri fegurðin skiptir mestu máli.“ **FB**

Stórsveit Nix Noltes: Orkíedur Hawaii

„Stórsveit Nix Noltes á mikla athygli og ennþá meiri tónleikaaðsókn skilda fyrir þessa hressandi tónlist sem hefur þann þó neikvæða fylgikvilla að henta ótrúlega illa til hlustunar í heyrnartólum.“ **BG**

The Decemberists: Picaresque

„Það er ótrúlega upplífgandi að heyra að það séu enn til menn í heiminum sem eru virkilega að reyna að koma laga- og textasmíðum á æðra plan. Í þeim efnum fáið þið varla betra framlag en þriðju plötu The Decemberists.“ **BÖS**

Stevie Wonder: A Time To Love

„Stevie Wonder rýfur tíu ára útgáfuþögn með plötu sem er því miður alltof væmin og löng til þess að hægt sé að njóta hennar almennilega. Sýnir þó að hann er ekki búinn að missa náðargáfu sína endanlega.“ **BÖS**

Konono N1: Congotronics

„Konono N1 er ólíkt öllu öðru sem þú hefur heyrt um ævina. Þetta er eldgömul sveit frá höfuðborg Kongó þar sem helsta undirstaðan eru þumlapíanó og ásækinn taktur.“ **BÖS**

MUGISON Nína Margrét segir tónlist Mugisons bæði fjölbreytta og margslungna. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Fyrsta flokks tónskáld

Tónlistarmaðurinn Mugison, sem var nýverið kjörinn besti flytjandinn á Íslensku tónlistarverðlaununum, heldur tónleika með kammersveit Salarins í Kópavogi, KaSa, í kvöld. Freyr Bjarnason fræddist nánar um þetta óvenjulega samstarf.

Með Mugison í kvöld spila þau Áshildur Haraldsdóttir á flautu, Elfa Rún Kristinsdóttir á fiðlu, Helga Þórarinsdóttir á víólu, Sigurgeir Agnarsson sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Slagverksleikur er í höndum Péturs Grétarssonar.

Meirháttar tónlistarmaður

Nína Margrét, sem jafnframt er listrænn stjórnandi KaSa ásamt Áshildi, segir að aðdragandinn að tónleikunum hafi staðið yfir í rúmt ár. „Okkur langar alltaf að sækja á ný mið varðandi samstarf, bæði með klassískum listamönnum og úr öðrum tónlistargreinum. Það er mikilvægt líka til að fá fjölbreyttari áhorfendahóp. Okkur fannst mjög tilvalið að hafa samband við hann. Hann hafði verið að gera mjög góða hluti og við höfum komist að því að hann er meiriháttar tónlistarmaður, alveg frábær,“ segir Nína Margrét um Mugison.

„Það er svolítið sérstakt að vinna með manni sem er ekki bara söngvari og spilari heldur líka höfundur. Það gefur nýja vídd fyrir okkur sem erum flytjendur að fá smá innsýn inn í lagahöfundinn, í þessu tilfelli Mugison,“ segir hún.

Áður hefur KaSa meðal annars starfað með Eivöru Pálsdóttur og rokksveitinni Búdrýgindum með góðum árangri.

Nýtt efni frumflutt

Nína segir að tónlist Mugison sé fjölbreytt og bæði sé ryþminn og hljómagangurinn mjög flókinn og krefjandi að spila. Engu að síður sé gaman að takst á við þetta verkefni. Tónleikarnir í kvöld munu spanna allan feril Mugisons auk þess sem hann mun frumflytja nýtt efni.

„Þetta er búið að vera mjög skemmtilegt og lærdómsríkt. Hann er fyrsta flokks tónskáld á nútíma mælikvarða og hann hefur greinilega gott næmi til að semja fallegar melódíur,“ segir Nína. „Hann fléttar þeim inn í mikinn polryþma sem kemur rosalega flott út þegar það blandast saman. Einfaldur ryþmi er mjög algengur í popptónlist en Mugison fer lengra en það og gerir kröfur til sjálfs sín. Laglínurnar hans geta alveg staðið sjálfar en hann fer lengra og það sýnir bara metnaðinn í honum.“

Færa út kvíarnar

KaSa-hópurinn var stofnaður árið 2001 og er því á fimmta starfsári. Hann hefur spilað víða í Reykjavík auk þess sem hann hefur farið til Japans og Færeyja. Einnig stendur til að spila í Kaupmannahöfn í haust. „Við erum smátt og smátt að færa út kvíarnar hvað þetta varðar. Það er mikilvægt fyrir tónlistarfólk að ferðast út fyrir landið og þá koma styrkirnir sem við höfum fengið að mjög góðum notum,“ segir Nína.

Uppselt er á tónleikana í kvöld sem hefjast klukkan 20.00.

freyr@frettabladid.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

MÁNUDAGA KL 20:30

KALLARNIR

GILLZENEGGER – PARTÝ-HANZ

KALLARNIR ERU Í BOÐI HYDROXYCUT

NÝ ANDLIT
Á SIRKUS
2006

Í HUGUM KALLANNA ER FEGURÐIN ALLS EKKI AFSTÆÐ OG KEMUR POTTÞÉTT EKKI BARA INNAN FRÁ. GILLZENEGGER OG PARTÝ-HANZ TAKA NOKKRA ÞEKKTA ÍSLENDINGA OG BREYTA ÞEIM ÚR TREFLUM Í HNAKKA Í ÞÆTTINUM KALLARNIR Á SIRKUS

FYLGSTU MEÐ!

SIRKUS

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

Sótti innblástur í fjöllin

Hönnuðurinn Rosella Jardini sem starfar sem listrænn stjórnandi hjá tískuhúsinu Moschino var valin til að hanna búningana fyrir ólympíuleikana í ár.

Jardini hefur nú hannað 89 búninga en hún sótti innblástur í fjöllin sem verða svið leikanna. Heilmikil vinna liggur að baki búningunum og tók það um 200 manns marga tíma að gera einungis frumgerðina að þeim.

Það tók tíu saumakonur um fimmtán tíma að hanna hvert einasta pils en hvert pils skreyta 30 lítil upplýst hús, 500 tré og 10 litlir skíðamenn. Tíu metrar af hvítu satíni fóru í hvert pils en við pilsið er lítill ullarjakki með gerviskinni og hvítir leðurhanskar.

ROSELLA JARDINI Hún hannaði búningana fyrir ólympíuleikana í ár og sækir innblásturinn í fjöllin sem verða að venju eitt aðalsvið leikanna.

BRÍET SUNNA 900 9001 EÐA SMS IDOL 1 Í 1918 Lag: Hot Stuff. Flytjandi: Donna Summer.

SNORRI 900 9002 EÐA SMS IDOL 2 Í 1918 Lag: You to me are Everything. Flytjandi: The Real Thing.

ELFA BJÖRK 900 9003 EÐA SMS IDOL 3 Í 1918 Lag: I Never Can Say Goodbye. Flytjandi: Gloria Gaynor.

Diskókóngar og -drottningar í Idoli kvöldsins

Nú standa níu eftir í keppninni um hver verði næsta Idolstjarna Íslands. Keppnin í síðustu viku hlaut ekki góðan hljómgrunn hjá dómurum og voru fáir keppendur sem stóðu upp úr. Þau eru því örugglega ákveðin í að sýna sig og sanna fyrir dómnefndinni og þjóðinni en þema kvöldsins er diskótímabilið.

Fáar, ef einhverjar, tónlistarstefnur hafa mætt jafn miklum fordómum og diskóið. Fönk hvíta mannsins varð til þess að tónlistarmenn spiluðu í hljóðverum en á klúbbunum höfðu plötusnúðarnir tekið völdin og segja margir að gremja hljóðfæraleikara í garð þessarar tónlistar sé ekki síst vegna þessa. Þeir misstu af mikilvægu lífsviðurværi. Þrátt fyrir háværar yfirlýsingar um illt eðli þessarar danstónlistar hefur hún lifað góðu lífi og vinsældirnar fara síður en svo dvínandi. **- fgg**

NANA 900 9004 EÐA SMS IDOL 4 Í 1918 Lag: Shake Your Body Down. Flytjandi: Michael Jackson.

ALEXANDER 900 9005 EÐA SMS IDOL 5 Í 1918 Lag: Play That Funky Music. Flytjandi: Wild Cherry.

SARA 900 9006 EÐA SMS IDOL 6 Í 1918 Lag: Ain't Nobody. Flytjandi: Chaka Khan.

INGÓLFUR 900 9007 EÐA SMS IDOL 7 Í 1918 Lag: Superfreak. Flytjandi: Rick James.

EIRÍKUR 900 9008 EÐA SMS IDOL 8 Í 1918 Lag: How Deep is Your Love. Flytjandi: Bee Gees.

INA 900 9009 EÐA SMS IDOL 9 Í 1918 Lag: I Will Survive. Flytjandi: Gloria Gaynor.

50%
NIKEFÓTBOLTAVÖRUÚTSALA!
50%AFSLÁTTUR AFÖLLUMVÖRUMLÍKA
NÝJUM!!TAKMARKAÐMAGN!
LEGGHLÍFARBOLTAROGFLEIRA!
SKÓRBARNAOGFULLORÐINS!FATNAÐUR
KARLAKVENNABARNA!KVENNAMANUFATNAÐUR!
AÐEINSFÖSTUDAGOGLAUGARDAG
4-4-2 LAUGAVEGI 11 - SÍMI 562 7000

EFTIRSÓTTUR SENDIHERRA Svavar Gestsson sendiherra var umsetinn á þorrablótinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN HJÁLMARSSON

Vel heppnað þorrablót í Tívolí

Þorrablót Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn var haldið á veitingastaðnum Nimb í Tívolí á laugardaginn var. Að venju var fullt út úr dyrum, en um sex hundruð manns komu á blótið og skemmtu sér langt fram eftir kvöldi.

„Þetta er stærsta þorrablót sem haldið er utan Íslands," sagði Svavar Gestsson sendiherra sem mætti á sitt fyrsta blót á vegum Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn og skemmti sér nokkuð vel. Það voru þó ekki bara Íslendingar búsettir í Danmörku sem létu sjá sig á blótinu, heldur mætti meðal annars fólk frá Íslandi og Svíþjóð.

Þorrablótið hófst um kvöldmatarleytið og var boðið upp á íslenskar kræsingar, svo sem harðfisk, hangikjöt, flatkökur, hrútspunga, sviðasultu að ógleymdum hákarli og brennivíni. Valgeir Guðjónsson stjórnaði hópsöng við góðar undirtektir og var nokkuð sáttur að honum loknum. „Fólk söng þindarlaust," sagði Stuðmaðurinn fyrrverandi.

Hljómsveitin Sixties tók síðan við skemmtuninni og hélt uppi stuðinu fram eftir kvöldi með blöndu af íslenskum og erlendum lögum.

Blótið þótti takast nokkuð vel og virtust dyraverðir staðarins, sem voru óvenju margir þetta kvöldið, á sama máli. „Þetta er bara nokkuð gott núna miðað við hvernig það var í fyrra. Þá logaði allt í slagsmálum," sagði einn dyravarðanna og virtist nokkuð létt. **kristjan@frettabladid.is**

GLATT Á HJALLA Ingibjörg Hrefna, fyrrverandi formaður Íslendingafélagsins í Kaupmannahöfn, Jón Runólfsson, umsjónarmaður Jónshúss, og Inga eiginkona hans.

Í SVEIFLU Steingrímur Árnason einn af eigendum Apple á Íslandi og í Skandinavíu sýndi flotta takta á dansgólfinu.

VALGEIR GUÐJÓNSSON Stuðmaðurinn fyrrverandi stjórnaði hópsöng með glæsibrag.

Fíton/SÍA FI015872

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

UNDERWORLD	kl. 5.45, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA
ZATHURA m/íslensku tali	kl. 3.40 og 5.50 B.I. 10 ÁRA
ZATHURA m/ensku tali	kl. 5.45 og 8 B.I. 10 ÁRA
WALK THE LINE	kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA
SÝND Í Í LÚXUS	kl. 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA
FUN WITH DICK AND JANE	kl. 3.40, 8 og 10.10
BROKEBACK MOUNTAIN	kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA
CHEAPER BY TE DOZEN 2	kl. 3.45

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

TRANSAMERICA	kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA
MRS. HENDERSON	kl. 5.45, 8 og 10.15
WALK THE LINE	kl. 6 og 9 B.I. 12 ÁRA
BROKEBACK MOUNTAIN	kl. 6 B.I. 12 ÁRA
MEMOIRS OF GEISHA	kl. 9

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

FUN WITH DICK AND JANE	kl. 6 og 10.20 SÍÐUSTU SÝNINGAR.
ZATHURA	kl. 6 B.I. 12 ÁRA
FINAL DESTINATION 3	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
WALK THE LINE	kl. 8 B.I. 12 ÁRA

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

ELÍSABET VILL BARA ÁNÆGÐA VIÐSKIPTAVINI. ÞESS VEGNA GETUR ÞÚ HÆTT HJÁ HENNI ÞEGAR ÞÚ VILT.

HÚN ER BARA ÞANNIG SKJALDBAKA.

BETRI KJÖR Á BÍLATRYGGINGUM OG BÍLALÁNUM

elísabet

elisabet.is

Vátryggjandi er Tryggingamiðstöðin hf.

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • 4067

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

KK OG ELLEN Systkinin vinsælu hita upp fyrir Lisu Ekdahl þann 24. mars.

KK og Ellen hita upp

Systkinin KK og Ellen Kristjánsbörn munu hita upp fyrir sænsku söngkonuna Lisu Ekdahl á tónleikum hennar í Háskólabíói 24. mars.

Þau systkini hafa áður komið fram á tónleikum ásamt Ekdahl því þau tóku saman þátt í jólatónleikum norska sjónvarpsins sem voru sendir út um alla Skandinavíu og á Íslandi fyrir jólin 2004. Tónleikaferð Ekdahl um Norðurlöndin hófst í síðustu viku og hefur gengið vel. Enn eru 300 miðar lausir á tónleikana í Háskólabíói og fer miðasala fram á midi.is og í verslunum Skífunnar og BT.

Dansinn dunar

Hin árlega Freestyle-keppni Tónabæjar verður haldin í 25. sinn í kvöld. Þá munu um eitt hundrað og ungmenni reyna fyrir sér í hinum frjálsa dansi í Austurbæ.

Keppnin hefst kl. 18.00 en miðasala hefst kl 16.00. Húsið verður opnað klukkan 17.00.

Kynnir í ár er Ragnhildur Steinunn úr Kastljósinu en hún er einmitt mikil áhugamanneskja um dans og hefur stundað hann um árabil. Keppt er í bæði einstaklings og hópakeppni og eru allir velkomnir í Austurbæ en aðgangseyrir er 700 kr.

Dómnefnd er skipuð valinkunnu fólki: Birgittu Haukdal söngkonu, Leifi Eiríkssyni breakdansara og meðlimi 5th element danshópsins, Dagnýju Björk Pjeturdóttur danskennara og formanni dómnefndar, Huldu Hallsdóttur danskennara og Ingibjörgu Róbertsdóttur danskennara, auk tveggja fulltrúa frá ÍTR. ■

FREESTYLE Keppnin verður haldin í 25. sinn í Tónabæ í kvöld.

Heineken.is

ENGAR MÁLAMIÐLANIR, NJÓTUM LÍFSINS TIL FULLS!

HÁDEGISBÍÓ HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

3 BÍÓ 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI

ÁLFABAKKI

CASANOVA	KL. 3:30-6-8-10:20
CASANOVA VIP	KL. 4:45-8-10:20
NORTH COUNTRY	KL. 5:15-8-10:40 B.I. 12
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 4-6
DERAILED	KL. 10:20 B.I. 16
MUNICH	KL. 9:15 B.I. 16
PRIDE & PREJUDICE	KL. 8
OLIVER TWIST	KL. 4-6:30 B.I. 12
CRONICLES OF NARNIA	KL. 5
KING KONG	KL. 8:15 B.I. 12
LITLI KJÚLLINN ísl. tal	KL. 3:30

KEFLAVÍK

MUNICH	KL. 8 B.I. 16
CHEAPER BY THE DOZEN 2	KL. 8
THE FOG	KL. 10 B.I. 16
FUN WITH DICK & JANE	KL. 6
BAMBI 2	KL. 6

AKUREYRI

CASANOVA	KL. 8-10
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6
DERAILED	KL. 8-10:10 B.I. 16
MARCH OF THE PENGUINS	KL. 6

KRINGLAN

UNDERWORLD 2	KL. 6-8:15-10:30 B.I. 16
DERAILED	KL. 6-8:15-10:30 B.I. 16
BAMBI 2	KL. 4-6:20
MUNICH	KL. 8:15 B.I. 16
OLIVER TWIST	KL. 3:45 B.I. 12
CRONICLES OF NARNIA	KL. 3:30

SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

HÁSKÓLABÍÓ

CASANOVA	KL. 5:45-8-10:15
NORTH COUNTRY	KL. 5:30-8-10:30
BAMBI 2 ísl. tal	KL. 6
MUNICH	KL. 5:50-9 B.I. 16
CACHÉ	KL. 8-10:30 B.I. 16
PRIDE & PREJUD.	KL. 5:30-8-10:30

Háskólabíó

DAMON ALBARN Tónlistarmaðurinn vinsæli er að semja söngleik um þessar mundir.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Damon semur söngleik

Damon Albarn, forsprakki Blur og Gorillaz, er að semja söngleik fyrir Þjóðarleikhús Bretlands ásamt leikritaskáldinu Roy Williams.

Söngleikurinn mun fjalla um þá fjölbreyttu menningarflóru sem hefur verið til staðar í hverfunum Ladbroke Grove og Notting Hill í London. Þaðan hefur m.a. sprottið hljómsveitin The Clash og Notting Hill-kjötkveðjuhátíðin.

Ekki hefur verið ákveðið hvenær söngleikurinn verður frumsýndur en hann hefur þegar verið í níu mánuði í undirbúningi.

Anderson til Íslands

Flautuleikarinn og söngvarinn Ian Anderson, maðurinn bak við Jethro Tull, heldur tónleika í Laugardagshöll 23. maí ásamt hljómsveit sinni og meðlimum úr Kammersveit Reykjavíkur.

Þetta er í annað sinn sem Ian Anderson heldur tónleika hér á landi en Jethro Tull spilaði fyrir fullu húsi á Akranesi 1992 við góðan róm viðstaddra. Anderson er víða þekktur sem maðurinn sem kynnti þverflautuna fyrir rokkinu og lagði þar línuna fyrir notkun hljóðfærisins. Hann er því konungur rokkflautunnar og enn hefur enginn arftaki stigið fram á sjónarsviðið.

IAN ANDERSON Flautuleikarinn og maðurinn á bak við Jethro Tull heldur tónleika hér á landi 23. maí.

Hafþór Ægir meiddur

Hinn ungi og stórefnilegi leikmaður ÍA, Hafþór Ægir Vilhjálmsson, mun ekki leika með liðinu næstu misserin vegna meiðsla. Ekki er vitað hversu alvarleg meiðslin eru en Hafþór fór í skoðun í gær og hann fær niðurstöðu úr skoðuninni í dag.

sport

sport@frettabladid.is

HANDBOLTAMAÐURINN KONRÁÐ OLAVSSON: HEFUR DUSTAÐ RYKIÐ AF KEPPNISSKÓNUM

Vona að ég geti hjálpað eitthvað til

Mörgum stuðningsmönnum handboltaliðs Stjörnunnar yljaði um hjartarætur-nar sl. miðvikudagskvöld þegar þeir sáu hinn gamalkunna hornamann Konráð Olavsson klæðast bláu treyjunni á ný. Konráð lék þá nokkrar mínútur í jafntefli Stjörnunnar gegn ÍR og segir hann að stuðningsmennirnir megi búast við því að sjá meira af honum í vor. „Ég var eitthvað að sniglast þarna," sagði Konráð hlæjandi þegar Fréttablaðið spurði hann um endurkomu hans í handboltann, en í Konráð býr margreyndur landsliðsmaður sem kemur með mikla reynslu inn í lið Stjörnunnar.

„Ég bý í Garðabænum og hef í nokkurn tíma verið að þjálfa yngri flokka hjá Stjörnunni. Í liðinu núna eru strákar sem ég þjálfaði áður í yngri flokkunum og einnig leikmenn sem ég spilaði með á árum áður," segir Konráð og viðurkennir að hann hafi verið undir nokkurri pressu frá viðkomandi leikmönnum að snúa aftur. Í dag er Konráð 38 ára gamall og kveðst í ágætis formi. „Liðið hefur yfir frábærum mannskap að ráða en það vantar kannski örlitla útsjónarsemi á köflum. Ég vonast til að geta aðstoðað aðeins við það."

Konráð segist alltaf hafa vitað að hann væri meira en velkominn inn í þennan hóp en það hafi verið tímasetningin sem réð miklu um að hann lét slag standa.

„Ég hef verið í skóla á kvöldin meðfram fullri vinnu síðustu ár en klaraði hann um jólin," segir Konráð sem þurfti því að finna sér eitthvað að gera eftir vinnu. „Ég hef verið að æfa á fullu síðan í desember. Þetta er ekkert nýtt fyrir mér.

Ég er búinn að spila fyrir Stjörnuna samtals í næstum áratug og þekki alla þessa stráka í liðinu. Að mínu mati er tímabilið í ár algjört dauðafæri fyrir Stjörnuna, liðið er frábært en það vantar aðeins herslumuninn. Mér verður ekki skipt inn á fyrir Tite Kalandadze til að skora mörkin en ég vona að ég geti hjálpað eitthvað til," segir Konráð sem ætlar að klára núverandi tímabil og sjá svo til með framhaldið.

> Birkir Ívar á leið til Þýskalands

Langþráður draumur landsliðsmarkvarðarins Birkis Ívars Guðmundssonar rætist í sumar þegar hann gengur í raðir þýska úrvalsdeildarfélagsins Tus N Lubbecke. Birkir Ívar hefur skrifað undir tveggja ára samning við félagið en með því leikur fyrrum félagi hans hjá Haukum, Þórir Ólafsson.

Rússneskur silfurverðlaunahafi:

Féll á lyfjaprófi

ÓL Í TÓRÍNÓ Olga Pyleva, sem hafnaði í 2. sæti í 15 km skíðaskotfimi á ÓL í Tórínó, varð í gær fyrsti keppandinn á leikunum til að falla á lyfjaprófi.

A og B sýni sem tekin voru eftir 15 km gönguna reyndust jákvæð og sýndu að Pyleva hafði neytt Carphedon, sem er örvandi efni og á bannlista Alþjóða Ólympíunefndarinnar.

Hin þrítuga Pyleva hefur þegar verið svipt silfrinu sem hún hlaut í 15 km göngunni og dró hún sig úr 7,5 km göngunni áður en keppni hófst í henni í gærmorgun.

Pyleva þótti þar afar sigurstrangleg en hún hefur um árabil verið einn öflugasti kvenkyns keppandinn í skíðagöngu og skíðaskotfomi og hefur unnið til fjölda heimsmeistaratitla.

- vig

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

14 15 16 **17** 18 19 20

Föstudagur

LEIKIR

- 19.00 **Þór** og **Afturelding** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 **Fylkir** og **Fram** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 **Valur** og **FH** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 19.15 **KA** og **Vík./Fjölnir** mætast í DHL-deild karla í handbolta.
- 20.00 **Selfoss** og **ÍR** mætast í DHL-deild karla í handbolta.

SJÓNVARP

- 12.55 **ÓL í Tórínó** á Rúv. Snjóbretti.
- 16.00 **ÓL í Tórínó** á Rúv. Undanúrslit í íshokký kvenna.
- 18.20 **ÓL í Tórínó** á Rúv. Fyrri samantekt dagsins.
- 23.00 **Stjörnuleikur NBA** á Sýn. Bein útsending.

Ég var orðinn svolítið pirraður

Heiðar Helguson er búinn að slá í gegn hjá Fulham eftir langa bekkjarsetu í upphafi tímabilsins. Heiðar segir í samtali við heimasíðu Fulham að oft sé ruglast á honum og öðrum framherja félagsins, Brian McBride, en Heiðar segir að þeir nái vel saman.

FÓTBOLTI Heiðar Helguson hefur slegið í gegn hjá Fulham í undanförum leikjum eftir erfiða fæðingu hjá úrvalsdeildarliðinu. Heiðar, eða H, eins og hann er kallaður hjá klúbbnum, færði sig um set eftir dvöl hjá Watford og er nú kominn á hærri stall. Heiðar hefur skorað átta mörk fyrir sitt nýja félög og verður vinsælli með hverjum leiknum hjá stuðningsmönnum félagsins.

„Ég hef alltaf verið duglegur leikmaður og sýnt mínu félagi hollustu. Ég tel að það sé ein af aðalástæðunum að ég er hér. Hollusta og dugnaður hafa alltaf verið mínir tveir helstu kostir. Þeir hafa skilað mér þangað sem ég er í dag," sagði Heiðar í viðtali við opinbert vefsetur Fulham en

FJÖRKÁLFUR Heiðar hefur beðið þolinmóður á hliðarlínunni eftir tækifæri í aðalliðinu og nýtur sín greinilega vel á vellinum þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

eins og áður sagði tók það hann þónokkurn tíma að festa sig í sessi í liðinu.

„Ég fékk fyrst bara að spila í bikarleikjum þegar ég kom til félagsins. Ég veit að Lincoln er neðrideildarlið en við mættum WBA líka. Kannski fékk fólk smjörþefinn af því hvað ég get í þessum leikjum. Það tók sinn tíma að komast í aðalliðið þar sem Brian McBride var duglegur að skora, og er enn, líkt og Collins John," sagði Heiðar og viðurkenndi gremju sína.

„Ég neita því ekki að ég var orðinn svolítið pirraður á ákveðnum tímapunkti. En þegar ég lít til baka sé ég að það hefði kannski ekki verið betra að vera hent beint út í djúpu laugina. Það minnkar pressuna aðeins að byrja rólega, það gefur þér tíma til að venjast liðsfélögum þínum og þeim að kynnast þér og þínum leik, til dæmis hvar þú vilt fá boltann. Það hefði ekki hjálpað öllum leikmönnum en það hentaði mér vel. Stuðningsmennirnir hafa líka miklar væntingar til nýrra leikmanna og að koma sér fyrir þægilega getur hjálpað í þeim skilningi líka. Það verður engum meint af því að sitja á bekknum í smá tíma og sjá hvernig hlutirnir eru gerðir," sagði Heiðar sem er 28 ára gamall og hefur því orðið mikla reynslu en hann er þekktur fyrir að láta til sín taka á vellinum.

„Því eldri sem þú verður, því meiri reynslu öðlast þú. Þú gerir þér grein fyrir því að þú getur ekki verið alveg á fullu á hverri æfingu. Ég fer því ekki í hverja tæklingu á æfingum eins og ég myndi gera í leikjum, ég held að það væri ekki sanngjarnt gagnvart liðsfélögum mínum," sagði Heiðar en hann og Bandaríkjamaðurinn Brian McBride hafa náð vel saman.

FÖGNUÐUR Heiðar fagnar mér marki með Tomasz Radzinski á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

„Samstarfið okkar gengur vel, við erum að skora reglulega. Við erum tveir sívinnandi leikmenn og Brian er mjög góður leikmaður með mikla reynslu. Hann hefur meira að segja spilað á heimsmeistaramóti og því er hægt að læra mikið af honum. Við erum líka nokkuð líkir í útliti, sumt fólk ruglast meira að segja á okkur og ég hef oft lent í því að fólk kemur upp að mér og kallar mig Brian," sagði Heiðar að lokum.

hjalti@frettabladid.is

Anton Ferdinand, leikmaður West Ham, er fullur af metnaði þessa dagana:

Vonast til að komast á HM

FÓTBOLTI Anton Ferdinand, leikmaður West Ham, hefur ekki gefið upp alla von að komast á heimsmeistaramótið í Þýskalandi í sumar. Hann vonast til að feta í fótspor Rio bróður síns sem verður að öllu óbreyttu í liði Englendinga á mótinu.

„Ég yrði ótrúlega glaður ef ég yrði valinn í liðið. Ef ekki, þá er ég enn auðvitað bara tvítugur og á mörg ár fyrir höndum sem atvinnumaður. Ég ætla bara að láta fótboltann um að tala fyrir mig og það sem menn sjá kveður úr um hvort ég komist á mótið," sagði Ferdinand sem hefur aldrei verið valinn í aðallandslið Englands.

Bróðir hans Rio verður án efa í liðinu auk Johns Terry og þá eru Jamie Carragher, Sol Campbell, Jonathan Woodgate og Ledley King allir á undan Anton Ferdinand í goggunarröðinni. Það þyrfti því margt að ganga upp til að þessi ungi miðvörður komist með en hann hefur þó spilað feikilega vel fyrir Hamrana á tímabilinu.

ANTON FERDINAND Á sér draum um að spila við hlið bróður síns á HM í sumar.. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

- hþh

ÓLAFUR STEFÁNSSON Sést hér taka við sendingu frá Alexander Petersson í leiknum við Serba á EM í Sviss. Í baksýn sést Veselin Vujovic, þjálfari Serba, sem sagður er hafa skipað lærisveinum sínum að tapa fyhrir Króatíu síðar í keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/BÖDDI

Ólafur Stefánsson trúir því ekki að Serbar hafi tapað viljandi fyrir Króötum á EM

Sterbik ekkert sagt við mig

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, segist ekki trúa því að Serbar hafi tapað viljandi fyrir Króötum í leik liðanna á EM í Sviss fyrir skemmstu, en sem kunnugt er greindu fjölmiðlar á Spáni og í Serbíu frá því fyrr í vikunni að leikmenn Serba hefðu fengið skipanir frá þjálfara og forráðamönnum liðsins að tapa leiknum ¿ til þess að eiga greiða inni hjá Króötum í framtíðinni.

Sagt var að Arpad Sterbik, markvörður Serba og samherji Ólafs hjá Ciudad Real á Spáni, hefði sagt liðsfélögum sínum frá þessu skömmu eftir að EM lauk en Ólafur sagði við Fréttablaðið í gær að hann hefði að minnsta kosti ekki verið viðstaddur þær umræður á æfingu liðsins.

„Ég hlýt að hafa verið einhverstaðar annars staðar, að lyfta eða eitthvað þvíumlíkt. Konan mín sagði mér fyrst frá þessu í fyrradag svo að ég kem alveg af fjöllum," sagði Ólafur og hló létt að öllu saman.

„En mín persónulega skoðun er að þetta sé ekki rétt. Ég þekki Serba og ég þekki Króata og trúi því bara ekki að þeir myndu taka þátt í svona ráðabruggi. Ég sá líka þennan leik og það var allt á suðupunkti. Þetta væri svipað eins og við myndum tapa viljandi fyrir Noregi, Svíþjóð eða Danmörku. Það myndum við aldrei gera," segir Ólafur og bætir við að tengslin milli Króatíu og Serbíu séu enn sterkari og heitari ef eitthvað er. „Í þessum löndum er það nánast heilög skylda að vinna erkifjendurna og því þykir mér afar ólíklegt að þetta sé rétt."

Ólafur kveðst annars vera á hægum batavegi eftir að hafa fengið þungt högg á síðuna einmitt í leiknum gegn Serbum á EM og hefur hann ekkert spilað með Ciudad eftir að hann sneri aftur þangað. „Ég er að tjaslast saman og spila kannski um helgina. Annars stefni ég á að vera klár í næsta leik okkar í Meistaradeildinni eftir 10 daga." - vig

Notthingham Forest leitar að knattspyrnustjóra:

Megson farinn frá Forest

FÓTBOLTI Gary Megson er hættur sem knattspyrnustjóri Nottingham Forest eftir aðeins þrettán mánuði í starfi. Enska 1. deildarliðið var undir mikilli pressu með að losa sig við Megson. Stuðningsmenn liðsins hafa mótmælt stjóranum lengi en hann tók við starfinu af Joe Kinnear í janúar á síðasta ári.

Stuðningsmenn liðsins hafa þurft að horfa upp á þessa fyrrum Evrópumeistara hríðfalla niður deildina og eftir 3-0 tap gegn Oldham á miðvikudaginn var mælirinn loksins fullur en liðið hefur aðeins unnið einn leik af síðustu tíu en liðið er einungis fjórum stigum fyrir ofan fallsæti.

GARY MEGSON Leitar að nýju starfi. NORDICPHOTOS/AFP

Stjórn klúbbsins komst að samkomulagi við Megson um að rifta samningnum en ekkert hefur heyrst af eftirmanni Megsons.

HENRIK LARSSON Fer til Helsingborgar í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Henrik Larsson farinn að undirbúa lok ferils síns:

Lýkur ferlinum í Helsingborg

FÓTBOLTI Sænski framherjinn Henrik Larsson hefur ákveðið að ganga til liðs við sænska félagið Helsingborg í sumar eftir að samningur hans við Barcelona rennur út. Þessi 34 ára gamli markahrókur hefur ekki náð að festa sig almennilega í sessi hjá Barcelona en hann hefur verið mikið meiddur.

„Ég hef alltaf verið stuðningsmaður Helsingborg og fyrir mér var aldrei spurning um hvar ég myndi ljúka ferlinum," sagði Larsson við sænska fjölmiðla í gær en hann er hættur við að leggja landsliðsskóna á hilluna og spilar því með Svíum á HM í sumar.

Larsson gekk til liðs við Barcelona árið 2004 frá Celtic í Skotlandi þar sem hann spilaði lengst af á ferli sínum. - hþh

HUMARTILBOÐ

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HUMRI
Í DAG FÖSTUDAG OG LAUGARDAG.

strákar verið nú góðir við konuna
og gefið henni gott að borða.
Hún á það skilið!!!

Opið laugardaga 10-14

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Wigan leysir sóknarvandann:

Henri Camara kominn aftur

FÓTBOLTI Chris Hutchings, aðstoðarmaður Pauls Jewell hjá Wigan, hefur greint frá því að Henri Camara, sóknarmaður liðsins, hafi beðist afsökunar á því að koma ekki strax til baka frá Afríkumótinu. Camara missti af flugi sínu frá Senegal til Frakklands og gat því ekki verið með liðinu í leiknum gegn Liverpool um síðustu helgi sem Wigan tapaði 1-0.

„Það er mjög gott að fá hann aftur. Málið hefur verið leyst innan klúbbsins og hann verður til taks fyrir leikinn gegn Tottenham á sunnudaginn. Við vorum alls ekki ánægðir með þetta en það er alltaf gott að fá góða leikmenn til baka," sagði Hutchings í gær.

Camara kom til Wigan frá Wolves fyrir þrjár milljónir punda en hefur ekki spilað með liðinu síðan gegn Birmingham þann 2. janúar. Wigan hefur verið í framherjavandræðum undanfarið þar sem David Connolly er meiddur auk þess sem Jason Roberts á enn eftir að afplána einn leik af þremur í leikbanni sem hann hlaut í janúar.

- hþh

Handknattleiksdeild ÍBV:

Semur við strák frá Argentínu

HANDBOLTI Handknattleiksdeild ÍBV hefur samið við sautján ára gamlan pilt frá Argentínu um að leika með yngri flokkum félagsins, með það fyrir augum að hann gangi upp í meistaraflokkinn fljótlega. Juan Pablo Fernandez verður með yngri flokkum ÍBV í vetur en ÍBV komst í kynni við hann í gegnum landsliðsþjálfara Argentínu.

„Þetta er duglegur strákur sem hefur burði til að ná langt ef rétt er haldið á spöðunum. Hann verður hér í vetur og svo sjáum við til hvað gerist en mín skoðun er sú að hann geti hjálpað töluvert til í meistaraflokknum án þess að verða kannski lykilmaður," sagði Hlynur Sigmarsson, formaður handknattleiksdeildar ÍBV, við Fréttablaðið í gær.

Fernandez er rétthentur og getur spilað hvort sem er á miðjunni eða í skyttustöðunni. „Hann getur orðið framtíðarhandboltamaður ef hann leggur hart að sér og vel er hlúð að honum," bætti Sigmar við að lokum um þennan nýja liðsmann Eyjaliðsins.

- hþh

Miller er ekki fyrsti drukkni íþróttamaðurinn

Umdeildasti íþróttamaður heims, Bode Miller, er ekki sá eini í bandarískri íþróttasögu sem hefur keppt undir áhrifum áfengis.

ÍÞRÓTTIR Bandarískt íþróttalíf fór á annan endann þegar skíðakappinn Bode Miller greindi frá því að hann hefði skíðað drukkinn og oft verið í vafasömu ástandi efst í skíðabrekkunni. Margir telja hann sér á báti en þegar rýnt er betur í söguna kemur í ljós að svo er alls ekki og að áfengisdrykkja og önnur vímuefnanotkun hefur komið við sögu hjá mörgum bandarískum afreksíþróttamönnum á úrslitastundu.

Frumherji drukkinna bandarískra íþróttakappa er ruðningskappinn Max McGee sem lagði jarðveginn í fyrsta Super Bowl-leiknum. Hann fór á svakalegt fyllerí kvöldið fyrir leikinn enda var hann varamaður og treysti á að maðurinn í byrjunarliðinu myndi ekki meiðast. Að sjálfsögðu meiddist byrjunarliðsmaðurinn og McGee, draugþunnur og í raun enn drukkinn, varð að spila leikinn. Félagar hans sögðu hann hafa verið svo glórulausan að hann hefði varla getað sett á sig hjálminn án aðstoðar. Það sem er ótrúlegast við þessa sögu er sú staðreynd að McGee átti mjög fínan leik og skoraði meðal annars tvö snertimörk. Geri aðrir betur.

David Wells, fyrrverandi leikmaður NY Yankees, er einn besti kastari sem komið hefur fram í bandaríska hafnaboltanum. Árið 1998 lék hann „fullkominn leik" en það ótrúlega við frammistöðu Wells var að kvöldið áður var hann að djamma með fólkinu úr sjónvarpsþættinum „Saturday Night Live" og hann játaði í ævisögu sinni að hafa orðið haugfullur og svo gott sem ónýtur daginn eftir skrallið. Hann komst í gegnum leikinn með því að drekka mikið kaffi og raða í sig alls kyns verkjatöflum. Skömmu eftir leikinn var hann aftur kominn á djammið.

STUÐBOLTI Hafnaboltamaðurinn David Wells spilaði „fullkominn leik" þótt hann hefði verið mjög drukkinn kvöldið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

UMDEILDUR KAPPI Bode Miller gerði allt brjálað á dögunum þegar hann játaði að hafa skíðað undir áhrifum áfengis. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Bandarískir íþróttamenn nota ekki bara áfengi í óhóflegu magni að því er körfuboltamaðurinn Charles Oakley greindi frá árið 2001. „Það eru strákar á vellinum sem eru að spila í vímu eftir að hafa verið að reykja marijúana. 60 prósent leikmanna deildarinnar reykja kannabis," sagði Oakley.

Afrek David Wells var stórkostlegt en Dock Ellis, sem kastaði fyrir Pittsburgh árið 1970, lék líka fullkominn leik en ekki eins glæsilegan og Wells. Hann kastaði nefnilega aldrei nálægt andstæðingunum og þeir gengu því allir í fyrstu höfn.

Ástæðan fyrir þessu athæfi Ellis var sú að hann hafði tekið LSD um morguninn og sýran sá til þess að hann var vart með meðvitund. Ellis játaði síðar að boltinn hefði stækkað og minnkað í höndunum á honum og á stundum sá hann ekki gríparann sinn vegna vímunnar. Þessar kúnstir urðu aftur á móti þess valdandi að andstæðingnum tókst ekki að skora.

Annars eru hafnaboltamenn mestu fyllibytturnar í bandarískri íþróttasögu og til eru endalausar og ótrúlegar sögur um afrek þeirra undir áhrifum vímuefna.

henry@frettabladid.is

DENNIS RODMAN Langar að snúa aftur í NBA-deildina. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Brighton Bears:

Refsað fyrir að nota Rodman

KÖRFUBOLTI Lið Brighton Bears í ensku úrvalsdeildinni í körfubolta hefur verið refsað harðlega fyrir að hafa notað Dennis Rodman í einum leik þrátt fyrir að hann hafi ekki verið kominn með atvinnuleyfi. Brighton var dæmt til að tapa leiknum gegn Guildford 20-0 eftir að hafa unnið leikinn upprunalega 91-88, með Rodman í liðinu. Þá fékk Brighton einnig nokkuð háa fjársekt.

Rodman, sem spilaði aðeins tvo leiki í það heila fyrir Brighton, hefur nú lýst því yfir að hann vilji snúa aftur í NBA-deildina og segir hann að tvö lið þar hafi þegar boðið honum að koma til æfinga og sýna hvað enn búi í honum.

- vig

Gylfi Sigurðsson hjá Reading:

Spilaði með gegn Arsenal

FÓTBOLTI Gylfi Sigurðsson kom inná í varaliði Reading sem tapaði 3-1 fyrir sterku varaliði Arsenal á glæsilegu æfingasvæði Skyttanna í London. Gylfi mætti stórstjörnum á borð við Alexander Hleb og Theo Walcott en auk þeirra voru Manuel Almunia og Johan Djourou í Arsenalliðinu sem sigraði leikinn 3-1.

Simon Church kom Reading yfir en tvö mörk frá Arturo Lupoli og Fabrice Muamba tryggðu Arsenal sigurinn.

Gylfi fór til Reading árið 2002 en hann lék með Breiðablik á Íslandi. Gylfi hefur vakið mikla athygli hjá Reading en hann hefur verið færður upp í 19 ára liðið hjá Reading þrátt fyrir að vera aðeins 17 ára gamall.

- hþh

Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs í Félagi rafeindavirkja

Samkvæmt 34. gr. laga Félags rafeindavirkja skal auglýsa frest til framboðs í trúnaðarstöður félagsins tveimur mánuðum fyrir aðalfund.
Stjórn félagsins er skipuð 7 mönnum, formanni, varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Auk þess eru kosnir þrír varamenn. Í trúnaðarráð skal kjósa 5 fulltrúa og jafnmarga til vara. Með hliðsjón af framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur er til kl. 16:00 föstudaginn 17. mars 2006. Skila ber framboðslista á skrifstofu félagsins fyrir þann tíma. Hverjum lista skal fylgja skrifleg staðfesting þeirra sem eru á listanum.

Reykjavík 17. febrúar 2006
Stjórn Félags rafeindavirkja

Arnar Geirsson leysir Atla Hilmarsson af hólmi sem þjálfari FH:

Óttast ekki að hann muni stela af mér starfinu

HANDBOLTI Atli Hilmarsson, þjálfari FH, verður fjarri góðu gamni næstu fjórar vikurnar þar sem hann er nýbúinn að gangast undir aðgerð vegna brjóskloss í baki. Arnar Geirsson, sem hefur verið hægri hönd Atla í vetur, mun leysa hann af hólmi á meðan en Arnar byrjaði aldeilis vel í fyrsta leik er FH lagði Fylki með einu marki, 28-27.

„Ég má hreyfa mig aðeins en er ekki líklegur til neinna stórafreka," sagði Atli við Fréttablaðið í gær en hann lagðist undir hnífinn á þriðjudag. „Það var ekki hægt að fresta þessari aðgerð lengur enda var ég farinn að verða dofinn í öðrum fætinum og það er ekki góðs viti," sagði Atli sem óttast ekki um starf sitt þótt Arnar hafi byrjað vel í fyrsta leik. „Nei, alls ekki. Arnar er ekki týpan sem grefur undan manni og ég vona að strákarnir taki öll þau stig sem eru í boði á meðan ég er meiddur."

Arnar Geirsson, sonur Geirs Hallsteinssonar og eldri bróðir Loga Geirssonar, mun stýra FH-liðinu í fjarveru Atla en Arnar, sem er 34 ára, kom heim til Íslands fyrir ári síðan eftir tólf ára útlegð í Austurríki og Þýskalandi.

ATLI HILMARSSON Fór í aðgerð á þriðjudag og stýrir FH ekki næstu fjórar vikurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Ég fór upphaflega út til Austurríkis og sameinaði þá nám í margmiðlun og handboltaiðkun en ég lék með Bregenz í þrjú ár en það er einmitt lið Dags Sigurðssonar. Síðan fór ég til Þýskalands þar sem ég lék með liðum í þýsku 2. og 3. deildinni," sagði Arnar en þriðji bróðirinn, Brynjar, hefur einnig leikið í Þýskalandi sem og faðir drengjanna, Geir Hallsteinsson.

Arnar þjálfar einnig annan og þriðja flokk FH þannig að það er nóg að gera hjá honum og hann segist ekki hafa neinn sérstakan áhuga á að velta Atla úr sessi. Hann ber Atla vel söguna og segir gott að vinna með honum.

„Menn vildu vinna leikinn gegn Fylki fyrir Atla og sem betur tókst það," sagði Arnar kátur. „Það hefur verið gaman að vinna með Atla og við munum sakna hans þann tíma sem hann verður fjarverandi en vonandi náum við að hala inn fleiri stig áður en hann kemur aftur," sagði Arnar Geirsson sem vinnur á daginn hjá Golfsambandi Íslands sem kerfisstjóri.

- hbg

ARPA STERBIK Opnaði málið með yfirlýsingum sínum.

Handknattleikssamband Evrópu:

Rannsakar leik Serba og Króata

HANDBOLTI Handknattleikssamband Evrópu, EHF, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem sambandið lýsir því yfir að það hafi hafið rannsókn á leik Serba og Króata á EM enda hafi leikmenn Serba lýst því yfir að þeim hafi verið skipað að tapa leiknum.

EHF lítur málið mjög alvarlegum augum og mun kalla menn í viðtöl vegna málsins og taka á því komi í ljós að ásakanirnar séu á rökum reistar.

Skíðalandsliðið:

Stóðst lyfjapróf

SKÍÐI Landslið Íslands í skíðaíþróttum var kallað í lyfjapróf rétt fyrir áramót og liggja niðurstöður úr prófinu fyrir.

Engin ólögleg efni fundust í sýnum skíðamannanna okkar að því er fram kemur á heimasíðu ÍSÍ.

Íslensku keppendurnir á ÓL í Tórínó vekja heimsathygli:

Það vantar meiri snjó á Íslandi

SKÍÐI Netmiðillinn Courier-Post í Bandaríkjunum gerði íslensku keppendurna á Vetrarólympíleikunum í Tórínó að umfjöllunarefni í nokkuð stórri grein sem birtist í fyrradag þar sem óspart er gert grín að þeirri staðreynd að á Íslandi vantar ís og snjó til að stunda skíðaíþróttina af þeim krafti sem þarf til að ná árangri á alþjóðlegum vettvangi. Blaðamaðurinn ræðir við nokkra af þeim fimm Íslendingum sem taka þátt í leikunum og fær að vita ýmislegt um land og þjóð.

„Sindri Pálsson hafnaði í 53. sæti í bruni í alpatvíkeppninni í vikunni, sæti á eftir keppandanum frá mekka vetraríþrótta, Brasilíu," segir í upphafi greinarinnar. Blaðamanninum finnst Ísland vera afar blekkjandi nafn í ljósi þess hversu mikill skortur sé á ís um þessar mundir. „Þegar ég var ungur var alltaf snjór í fjöllunum. Nú er snjór í kannski tvo mánuði á ári. Annars eru það bara steinar sem eru í fjöllunum," segir Sindri í viðtali við Courier-Post og á eftir fylgir útskýring á því hvernig golfstraumurinn veldur hækkandi hita við strendur Íslands.

Í greininni kemur einnig fram að það sé handboltalandsliðið sem fái langmesta athygli fjölmiðla á Íslandi og að stærsti íþróttaviðburður sem hér hafi farið fram sé skákviðureign hjá Bobby Fischer fyrir mörgum árum. Þá finnst blaðamanninum augljóslega spaugilegt að keppendur Íslands, landsins sem ætti nafnsins vegna að standa framarlega í vetraríþróttum, séu aðeins fimm talsins. „Þeir kæmust því fyrir í fólksbíl," segir blaðamaðurinn.

„Við höfum ekki svo mikinn tíma til að stunda íþróttir á Íslandi," segir Guðmundur Jakobsson, fararstjóri íslenska hópsins, í viðtali við Courier-Post. „Íslendingar láta atvinnu sína í forgang. Þannig er einfaldlega lífið heima," bætir hann við.

- vig

HVAÐ Á ÍSLAND SAMEIGINILEGT VIÐ JAMAÍKA? Þetta er ein af þeim spurningum sem blaðamaður Courier-Post veltir fyrir sér í grein sinni. Svarið er snjóleysi!

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

KA-MENN Hafa ekki fagnað mikið á undirbúningstímabilinu og töpuðu meðal annars fyrir Völsungi um daginn.

Deildabikar KSÍ:

Keppni hefst um helgina

FÓTBOLTI Keppni í deildabikar KSÍ hefst um helgina með leik KA og ÍA í Boganum á Akureyri í kvöld klukkan 19 en sextán lið taka þátt í mótinu að þessu sinni. Leikstaðir eru fjórir fyrst um sinn, Egilshöll í Reykjavík, Fífan í Kópavogi, Reykjaneshöllin og Boginn en leikið verður úti á nokkrum gervigrasvöllum þegar vora tekur.

KR á titil að verja í deildabikarnum en þeir lögðu Þrótt í úrslitaleiknum í fyrra. Deildabikarkeppnin er tekin mun alvarlegar en Reykjavíkurmótið, sem er að ljúka, enda leggja lið þá lokahönd á knattspyrnusumarið sem hefst skömmu eftir að úrslitaleikur.

Íslenskir kylfingar:

Úr leik á Spáni

GOLF Ólafur Már Sigurðsson og Stefán Már Stefánsson, sem báðir eru í GR, komust ekki í gegnum niðurskurðinn á móti í Valencia á Spáni í gær. Ólafur var einu höggi frá því að komast áfram en mikið vantaði upp á hjá Stefáni.

Þeir tóku einnig þátt í móti um síðustu helgi og komust þá ekki heldur í gegnum niðurskurðinn.

GARÐAR JÓHANNSSON Skoraði bæði mörk KR gegn Krylia. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Annað tap KR á æfingamótinu á La Manga:

Teitur Þórðarson ósáttur við tapið

FÓTBOLTI KR beið lægri hlut fyrir rússneska félaginu Krylia Sovetov í gær en leikurinn er liður í æfingamóti sem fer fram á La Manga á Spáni um þessar mundir. Garðar Jóhannsson var fremstur meðal jafningja í KR-liðinu en hann skoraði bæði mörk liðsins, annað úr vítaspyrnu eftir að brotið var á Rógva Jakobssyni og hitt af miklu harðfylgi eftir útspark Kristjáns Finnbogasonar, markmanns KR.

„Liðið spilaði mjög vel á köflum en datt niður þess á milli. Annað og þriðja markið sem við fengum á okkur voru virkilega slök en síðan náðum við að minnka muninn í 3-2. Skömmu síðar gera þeir fjórða markið og gerðu þannig út um leikinn og eftir það sáum við aldrei til sólar," sagði Teitur Þórðarson þjálfari KR við Fréttablaðið eftir leikinn en Andrey Kanchelskis spilaði ekki með Krylia í leiknum.

„Þetta er klárlega besta liðið í riðlinum okkar og við bjuggumst við erfiðum leik. Okkur gekk mjög illa að skapa okkur færi en ég er samt óánægður með niðurstöðuna í leiknum þar sem við fengum á okkur tvö mjög slæm mörk," sagði Teitur.

Grétar Ólafur Hjartarson fór meiddur af velli í byrjun leiks en Teitur sagði að sú meiðsli væru líklega ekki alvarleg, líklega væri um krampa eða vægа tognun að ræða í lærinu á Grétari. Það ætti að koma í ljós fljótlega hversu alvarleg meiðslin eru.

Þetta er annar tapleikur KR í mótinu en norska liðið Tromsö vann 1-0 sigur á Vesturbæjarliðinu í fyrsta leik mótsins en þá skoraði Arash Talebinejad eina mark leiksins. Lokaleikur KR er svo á mánudaginn þegar Teitur Þórðarson mætir sínum gömlu félögum í Brann frá Noregi.

- hþh

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„No-one ever leaves a star. That's what makes one a star."

Svar:
Norma Desmond úr kvikmyndinni Sunset Boulevard frá árinu 1950.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **Bergsteinn Sigurðsson** **tekur sjónvarpið í sína þjónustu**

Ánægjan er aldrei óvænt

Hver kannast ekki við hafa kveikt á sjónvarpstækinu, svona rétt til þess að gá hvort það sé eitthvað almennilegt á dagskrá og fyrr en varir, er kvöldið liðið hjá. Og það var ekki einu sinni neitt merkilegt að horfa á. Allt að fjórum klukkustundum hefur verið sóað á þessu eina kvöldi; stundum sem ég á sennilega eftir að hrópa eftir og grátbiðja almættið um að gefa mér aftur þegar ég ligg banaleguna. Hver vill standa andspænis dauða sínum með þá vitneskju að x mörgum prósentum lífsins hafi hann eytt í að horfa á froðu á borð við tískulögguna Arnar Gauta og móður hans skoða sportlega fjölskyldubíla?
Það er vitaskuld ekki við sjónvarpið að sakast heldur áhorfandann, hann verður að hafa vaðið fyrir neðan sig. Þess vegna mun ég aðeins stunda það sem ég kalla skipulegt áhorf héðan í frá, það er að segja, ég mun aldrei kveikja á sjónvarpi án þess að afla mér viðeigandi upplýsinga. Eftir að hafa kynnt mér hvað er á dagskrá mun ég lesa mér til um viðkomandi dagskrárliði, hringja í fólk sem ég treysti og veit að hefur séð efnið. Þessar upplýsingar legg ég saman í persónulega væntingavísitölu og get í framhaldinu tekið ígrundaða ákvörðun um hvort það sé þess virði að kveikja á sjónvarpinu. Ekki lengur skyndigláp eða nævskar væntingar um að sjónvarpið geti komið skemmtilega á óvart – það gerir það aldrei, en getur hins vegar sært hinar ömurlegustu tilfinningar fram. Til dæmis þegar maður flakkar á milli stöðva og kemst að því að það illskásta í boði er Geir Ólafsson að gefa heilræði um ástalífið á Sirkus. Þá er ekki laust við að maður svipist um eftir stuttum spotta og hentugum bjálka.



▶ **20.40** *Kvikmyndir*
LITLU HROSSAÞJÓFARNIR

▶ **20.00** *Gaman*
SIMPSONS

▶ **20.30** *Lífstíll*
FABULOUS LIFE OF

▶ **20.50** *Drama*
STARGATE SG-1

▶ **19.30** *Fótbolti*
UEFA CHAMPIONS LEAGUE

SJÓNVARPIÐ

8.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **10.40** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **11.10** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **11.40** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

12.55 Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **16.40** Táknmálsfréttir **16.50** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **17.30** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **17.45** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **18.20** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó

18.40 **Orkuboltinn (5:8)**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
20.00 **Söngvakeppni Sjónvarpsins** Kynnt verða þrjú laganna fimmtán sem keppa til úrslita á laugardagskvöld.
20.10 **Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
▶ **20.40** **Disneymyndin – Litlu hrossaþjófarnir** (Littlest Horse Thieves) Þrír krakkar ákveða að stela námuhestum sem stendur til að slá af um leið og náman verður vélvædd.
22.25 **Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó** Listhlaup á skautum, karlar, frjálsar æfingar.

23.30 Hægláti Ameríkumaðurinn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.10** Vetrarólympíuleikarnir í Tórínó **1.40** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah (34:145) **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið

12.00 Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Joey **13.30** The Comeback **13.55** Night Court **14.20** The Apprentice**15.20** Curb Your Enthusiasm **16.00** Kringlukast **16.25** Barnaefni **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

18.30 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.00 **Ísland í dag**
▶ **20.00** **Simpsons (6:21)**
20.30 **Idol – Stjörnuleit** (Smáralind 4)Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni. Níu eru eftir og keppa til úrslita í beinni útsendingu og verður það á valdi áhorfenda að skera úr hverjir komast áfram með símakosningu.
22.00 **Punk'd (11:16)**
22.30 **Idol – Stjörnuleit** Úrslit símakosninga.
22.55 **Listen Up (17:22)** Þegar Tony rekst á náungann sem var alltaf að stríða honum í sumarbúðum þá ákveður Tony að efna til sumarbúðamóts og hóa saman öllu gamla genginu úr sumarbúðunum til að sanna það í eitt skipti fyrir öll hver sé í raun betri náungi.

23.20 Foolproof (B. börnum) **0.50** Reign of Fire (B. börnum) **2.30** Cat People (Str. b. börnum) **4.25** Punk'd **4.50** Simpsons **5.15** Fréttir og Ísland í dag **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 **Fréttir NFS**
19.00 **Ísland í dag**
20.00 **Sirkus RVK (16:30)**
▶ **20.30** **Fabulous Life of (13:20)** (Fabulous Life of: The Cast Of Friends)Í þessum frábæru þáttum er farið á bak við tjöldin með stjörnunum úr Friends.
21.00 **Kallarnir (3:20) (e)**
21.30 **Splash TV 2006 (e)** Fyrrverandi herra Ísland 2005, Óli Geir og Jói bróðir hans bralla margt.
22.00 **Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur baksviðs á meðan þjóðin kýs sitt uppáhald.
22.30 **Supernatural (1:22) (e)** (Pilot)Yfirnáttúrulegir spennuþættir.

23.15 X-Files (1:49) (e) **0.00** Laguna Beach (9:17) (e) **0.25** Sirkus RVK (16:30) (e)

SKJÁREINN

16.15 Game tíví (e) **16.45** Ripley's Believe it or not! (e) **17.30** Cheers **18.00** Upphitun

18.30 **Australia's Next Top Model (e)**
19.20 **Fasteignasjónvarpið**
19.30 **Everybody loves Raymond (e)**
20.00 **Charmed** Gideon reynir að fá Piper, Pheobe og Paige í iWitch Warsî sem er nýtt raunveruleikasjónvarp.
▶ **20.50** **Stargate SG-1** Jack og Teal'c festast í neðanjarðar völundarhúsi.
21.40 **Ripley's Believe it or not!** Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri.
22.30 **Worst Case Scenario** Frábærir þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum.

23.15 101 Most Shocking Moments **0.00** Strange (e) **1.00** Law & Order: Trial by Jury (e) **1.50** The Bachelor VI (e) **2.40** Sex Inspectors (e) **3.15** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.45** Óstöðvandi tónlist

sýn

18.00 Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

18.30 **Gillette World Sport 2006**
19.00 **Preview Show 2006**
▶ **19.30** **UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
20.00 **Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
20.30 **World Supercross GP 2005-06** (Qualcom Stadium)Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi.
21.30 **World Poker** (Heimsmeistarakeppnin í Póker)(Poker By The Book)Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker.

23.00 Stjörnuleikur NBA

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Good Girl (Bönnuð börnum) **8.00** Nancy Drew **10.00** Legally Blonde **12.00** What's the Worst That Could Happen? **14.00** Nancy Drew **16.00** Legally Blonde **18.00** What's the Worst That Could Happen? **20.00** **The Good Girl** (Góða stelpan) Bönnuð börnum. **22.00** **The Others** (Hinir) Bönnuð börnum. **0.00** Session 9 (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** LA County 187 (Bönnuð börnum) **4.00** The Others (Bönnuð börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **15.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **16.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **17.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** Awards Fashion Police **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Girls of the Playboy Mansion **23.00** Celebrity Soup **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Pop Stars Gone Bad **2.00** Awards Fashion Police

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 Everton – Blackburnt frá 11.02 **16.00** Fulham – W.B.A. frá 11.02 **18.00** Man. City – Charlton frá 12.02

20.00 **Upphitun**
20.30 **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)**
21.30 **Liverpool – Arsenal 14.02** Leikur sem fór fram síðast liðinn miðvikudagskvöld.

23.30 Upphitun (e) **0.00** West Ham – Birmingham frá 13.02 **2.00** Dagskrárlok

visir

NFS ER Á VISIR.IS

NFS í beinni á VefTV og upptökur þegar þér hentar

Visir.is er stærsta fréttalind landsins. Þar miðla Fréttablaðið og Nýja fréttastofan fréttum allan sólarhringinn og nú er NFS í beinni á VefTV frá morgni til kvölds. Þú færð fréttirnar beint í æð í vinnunni eða heima og upptökur af fréttum dagsins tryggja að þú missir ekki af neinu.

NFS

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Idol-stjörnuleit — Stöð 2 **kl. 20.30**

Diskóið við völd í fjórða úrslitaþættinum

Bubbi og Páll Óskar munu eflaust skiptast á skoðunum í kvöld.

Keppendurnir níu sem eftir eru í Idol-stjörnuleitinni hafa valið sér lag sem tilheyrir hinu svokallaða diskótímabili sem varði frá því um og í kringum 1975-1980. Þótt fæstir hinna ungu og upprennandi Idol-söngvara hafi verið komnir í heiminn um það leyti þá þekkja krakkarnir, rétt eins og allir aðrir, vinsælustu lögin frá því tímabili. Verður sérstaklega áhugavert að fylgjast með hvernig flutningur þeirra mun leggjast í dómarana, sérstaklega Pál Óskar og Bubba. Páll Óskar er eins og kunnugt er einn mesti diskóaðdáandi landsins og hefur framar öðrum haldið gildum diskósins á lofti síðustu árin en Bubbi aftur á móti blótað þessu tímabili í sand og ösku. Kannski mun einn keppendanna taka við af Páli Óskari sem diskódrottning Íslands.

TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

20.00 Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

12.20 Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn

19.00 Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Sögumenn: Ég var alltaf að hrasa og meiða mig **22.15** Lestur Passíusálma **22.20** Pipar og salt **23.00**

Kvöldgestir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

12.03 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

16.00 Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt

22.10 Næturvaktin **0.00** Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00**

Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00**

Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radió Reykjavík / Tónlist og afþreying

▶ **07.00** *Spjall*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/veður

20.00 **Fréttir**
20.10 **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.
21.00 **Fréttir**
21.10 **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
22.00 **Fréttir** Fréttir og veður
22.30 **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

23.15 Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

ERLENDAR STÖÐVAR

EUROSPORT

12.30 Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy **13.00** Snowboard: Winter Olympic Games Torino Italy **13.25** Olympic Games: Olympic News Flash **13.30** Curling: Winter Olympic Games Torino Italy **16.00** Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **16.45** All Sports: Daring Girls **17.00** Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy **18.00** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **18.30** Alpine Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **19.30** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **20.25** Olympic Games: Olympic News Flash **20.30** Figure Skating: Winter Olympic Games Torino Italy **21.15** Ice Hockey: Winter Olympic Games Torino Italy **22.15** Olympic Games: Olympic Extra **23.15** All Sports: Daring Girls **23.30** Olympic Games: Mission to Torino (m2t) **23.45** Skeleton: Winter Olympic Games Torino Italy **0.30** Ski Jumping: Winter Olympic Games Torino Italy **1.30** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy **2.00** Cross-country Skiing: Winter Olympic Games Torino Italy

BBC PRIME

12.00 The Brittas Empire **12.30** Last of the Summer Wine **13.00** Down to Earth **14.00** Balamory **14.20** Teletubbies **14.45** Tweenies **15.05** Binka **15.15** Fimbles **15.35** The Really Wild Show **16.00** Changing Rooms **16.30** Bargain Hunt **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Secret Life of Richard Nixon **20.00** Little Britain **20.30** Two Pints of Lager & a Packet of Crisps **21.00** Red Dwarf III **21.30** Blackadder Goes Forth **22.00** Ray Mears' Extreme Survival **22.50** A Thing Called Love **0.00** What the Industrial Revolution Did for Us **0.30** Landscape Mysteries **1.00** Around the World in 80 Treasures **2.00** Greek Language and People

NATIONAL GEOGRAPHIC

12.00 Search for Battleship Bismarck **13.00** Monster Lobster **14.00** Megastructures **15.00** Battle Of The Hood And The Bismarck **16.00** Battle Of The Hood And The Bismarck **17.00** Search for Battleship Bismarck **18.00** Battlefront **18.30** Battlefront **19.00** The Ant That Ate America **20.00** Megastructures **21.00** Most Amazing Moments **22.00** Tara Moss Investigates **23.00** Katrina – Unnatural Disaster **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Tara Moss Investigates

MTV

12.00 Meet the Barkers **12.30** Meet the Barkers **13.00** Meet the Barkers **13.30** Making the Video **14.00** Wishlist **15.00** TRL **16.00** World Chart Express **16.30** Just See MTV **17.30** MTV:new **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Punk'd **19.30** Viva La Bam **20.00** Wild Boyz **20.30** Aeon Flux **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Stankervision **22.30** Trailer Fabulous **23.00** Party Zone **0.00** Just See MTV

VH1

12.00 So 80s **12.30** VH1 Hits **15.00** VH1 Weekly Album Chart **16.00** So 80s **17.00** VH1's Viewer's Jukebox Rock **18.00** Smells Like the 90's **19.00** VH1 Classic **19.30** MTV at the Movies **20.00** Unplugged **21.00** The 70's House **21.30** Battle for Ozzfest **22.00** VH1 Rocks **0.30** Flipside **1.00** Chill Out **1.30** VH1 Hits

OG 52 ERLENDAR SJÓNVARPSSTÖÐVAR

STAFRÆNN UPPTÖKULYKILL

NÝR VALKOSTUR FYRIR ÞÁ SEM NÁ STAFRÆNUM ÚTSENDINGUM DIGITAL ÍSLANDS

Stafræni upptökulykillinn gerir þér kleift að taka upp og geyma uppáhalds sjónvarpsefnið þitt til að þú getir horft þegar þér hentar. Þú getur einnig gert hlé á dagskránni og framkvæmt tafarlausa afturspólun. Ef smellt er á dagskrárlið í dagskrárvísi vistast hann á 80 GB hörðum diski. Lykillinn hefur um 40 klst. upptökupláss og því ættir þú alltaf að geta séð það sem þér er að skapi í sjónvarpinu.

UPPTAKA MEÐ EINUM SMELLI

Taktu upp dagskrána á stafræna upptökuykilinn með einum smelli - engar spólur, ekkert vesen og í stafrænum gæðum.



HLÉ ÞEGAR ÞÉR HENTAR

Þarftu að bregða þér frá í miðjum fréttatíma? Ýttu á "pásu" og haltu áfram að horfa þegar þú vilt. Þú þarft ekki að missa af sekúndu!

TAFARLAUS AFTURSPÓLUN

Ekki missa af aðalatriðinu eða flottasta markinu í leiknum aftur, spólaðu tafarlaust til baka.

HVAÐ KOSTAR MIG AÐ FÁ STAFRÆNAN UPPTÖKULYKIL?

Stofngjald: 7.990 kr.
Mánaðargjald: 790 kr.

Njóttu þess að horfa á dagskrána okkar - hvenær sem þér hentar. Þú færð nýjan stafrænan upptökulykil hjá verslunum Og Vodafone og þjónustufulltrúum á útsendingasvæði Digital Íslands.

GOTT FÓLK McCANN

digital ísland

OG VODAFONE / 515 6100 / WWW.DIGITALISLAND.IS

HRÓSIÐ

...fær Ástrós Lilja Einarsdóttir fyrir að halda úti aðdáendasíðum fyrir Silvíu Nótt og Birgittu Haukdal.

Helgin...

Morgunmatur: Taktu ástina með þér í danska bakaríið Konditori á Suðurlandsbraut. Þar fást bestu hornin í bænum og svo eru kökurnar heldur ekki svo slæmar.

Skemmtunin: Haltu alvöru Eurovisionteiti á laugardagskvöldið þar sem skilyrðið verður að mæta í búningum í anda keppninnar. Sem gestgjafi er þó sérlega mikilvægt að vera örugglega í flottasta búningnum. Því er mælt með rauðum kjól í anda Siggu Beinteins eða leðurgalla a la Páll Óskar.

Hreyfingin: Klæddu þig í gamla skíðagallann og farðu í alvöru vetrargöngutúr í Heiðmörk. Ekki gleyma kakói á hitabrúsa.

Geisladiskurinn: Komdu ástinni á óvart með 100 vinsælum ástarlögum sem raða sér á fimm geislaplötur.

Afþreyingin: Blaðaljósmyndarafélga Íslands verður með sína árlegu ljósmyndasýningu en hún opnar í Gerðarsafni á laugardaginn. Þetta er eitthvað sem enginn má missa af.

Maturinn: Fáðu þér humar á veitingastaðnum Rauða húsinu á Eyrarbakka. Hann bragðast alltaf jafn vel. Gættu þess þó að hafa nægan tíma því þjónustan er ekki sú hraðskreiðasta í bænum.

Kvikmyndin: Farðu í Laugarásbíó og sjáðu kvikmyndina Good night, and good luck en hún er tilnefnd til 6 óskarsverðlauna og ætti ekki að svíkja neinn.



LÁRÉTT: **2** íþrótt **6** kös **8** hjartnæm **9** mælieining **11** hætta **12** eggjarauða **14** korr **16** 2 eins **17** kúgun **18** farfa **20** stöðug hreyfing **21** truflun.

LÓÐRÉTT
1 magi **3** klafi **4** fugl **5** af **7** sólarblik **10** hylur **13** með öðrum orðum **15** skipta **16** nögl **19** á fæti.

LAUSN

LÁRÉTT: **2** gollf, **6** ös, **8** kær, **9** mól, **11** vá, **12** bólmi, **14** snúð, **16** kk, **17** okl, **18** lif, **20** ið, **21** óndð.
LÓÐRÉTT: **1** vömb, **3** ok, **4** lævirki, **5** frá, **7** sólskin, **10** lón, **13** móo, **15** liða, **16** kló, **19** tá.

PURINA PRO PLAN LIFE PLAN
NUTRITION PROGRAMME
Pro Plan fæðulínan sérsniðin fyrir hundinn þinn
GARÐHEIMAR
Söluaðili:
Garðheimar í Mjódd • Stekkjarbakka 6
109 Reykjavík • sími 540 3300 • www.grodur.is

ÞORSTEINN GUNNARSSON: SLÆR Í GEGN Í AUGLÝSINGABRANSANUM

Grínið er ekkert skilyrði

Grínistinn og rithöfundurinn Þorsteinn Guðmundsson hefur vakið mikla athygli að undanförnu fyrir leik sinn í auglýsingum fyrir KB banka auk þess sem hann er einn af mönnunum á bak við Síma-auglýsingarnar með Strákunum og Lottó-auglýsingaherferðina með Jóni Gnarr í hlutverki Lýðs Oddssonar sem hefur hitt rækilega í mark.

Var hún í gær tilnefnd til fernra ÍMARK-markaðsverðlauna af fimm mögulegum fyrir auglýsingar í sjónvarpi, sem er að sjálfsögðu mjög góður árangur.

Þorsteinn fékk hugmyndina að auglýsingunni ásamt Degi Hilmarsyni sem starfar með honum á auglýsingastofunni Ennemm, sem áður hét Nonni og Manni. „Við skrifuðum handritið saman og prófuðum hugmyndina. Við fengum Jón til liðs við okkur og höfðum síðan samband við framleiðandann Pegasus," segir Þorsteinn. „Hún hefur fengið mjög góð viðbrögð og þetta er mjög ánægjulegt í alla staði og ég veit að það er mikil gleði yfir þessu hjá Lottóinu," segir hann.

Þrátt fyrir að léttleikinn hafi hingað til verið í fyrirrúmi í auglýsingum úr smiðju Þorsteins segir hann að það sé ekkert skilyrði fyrir góðri auglýsingu. „Það hentar alls ekkert öllum fyrirtækjum og vörum að vera á fyndnum nótum. Stundum hentar það og þá er eins og það grípi um sig hrifning og fólk fer að líta á þær sem skemmtiefni. Ég held að fyrirtæki vilji annaðhvort hafa auglýsingar fyndnar eða bara flottar á einhvern hátt," segir hann.

Þorsteinn vill ekki meina að meiri áhersla sé lögð á fyndni í auglýsingum hér á landi núna en áður. „Það eru einhver sjö ár síðan ég lék í auglýsingu fyrir Tal sem voru fyndnar og náðu í gegn. Mér finnst þetta ekki hafa breyst mikið. Fólk hefur alltaf þörf fyrir að hlæja og það er alltaf gott að hlæja á þessu skeri okkar í skammdeginu. Ég held samt að það sé meira atriði að auglýsingar fari svolítið út fyrir rammann og að þær séu hugsaðar út fyrir þetta hefðbundna svið. Það situr eftir í fólki," segir hann.

Þorsteinn hefur verið nokkuð áberandi í auglýsingum sínum, bæði í sjónvarpi og á auglýsingaskiltum út um allan bæ, og gerir sér alveg grein fyrir því. „Ég passa mig á því að vinna við herferð á tveggja ára fresti. Ég lék í KB banka auglýsingu tvö ár í röð en ég vona að það fyrirgefist," segir hann í léttum dúr.

Aðspurður segist Þorsteinn ætla að einbeita sér að uppistandi á næstunni. Þar séu áherslurnar allt öðruvísi en í auglýsingabransanum. „Það er mjög skemmtilegt og það er gaman að vera í beinu sambandi við áhorfendur," segir hann. „Ég mun halda því áfram á meðan síminn hringir. Hérna í vinnunni horfir maður á tölur og kannanir en í uppistandinu fær maður að vita á sekúndubroti hvort maður er að gera góða hluti eða ekki."

freyr@frettabladid.is

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON Þorsteinn er annar af höfundum Lottó-auglýsingaherferðarinnar með Jóni Gnarr sem hefur notið mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALI

FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenskir fjölmiðlungar eignuðust sín „edduverðlaun" fyrir tveimur árum þegar Blaðamannafélag Íslands fór að verðlauna þá sem þykja fremstir meðal jafningja sinna þegar það kemur að rannsóknarblaðamennsku og vandaðri umfjöllun. Verðlaunin verða afhent annað kvöld en tilnefningar til verðlaunanna sem og lokaniðurstaða dómnefndar hafa verið umdeildar frá upphafi enda ef til vill ekki við öðru að búast þegar ein sjálfhverfasta stétt landsins berst innbyrðis um upphafningu og viðurkenningu. Tilnefningarnar í ár hafa vakið athygli og umræður á spjallrás Blaðamannafélagsins. Þar fer mest fyrir hártogunum um viðmið dómnefndar og það að Gerður Kristný skuli tilnefnd til verðlaunanna fyrir bók sína Myndin af pabba - Saga Thelmu. Bitrir blaðamenn hafa þó séð sér leik á borði og telja þessa nýlundu, að bók sé tilnefnd til blaðamannaverðlauna, til þess fallna að þeir geti freistast til þess að fá textahlemma sína og blaðagreinar tilnefndar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna árið 2006.

Leikstjórinn Hilmar Oddsson er um þessar mundir að vinna að heimildarmynd í fullri lengd um svissnesk-þýska listamanninn Dieter Roth. Verk eftir hinn virta Roth voru sýnd á Listahátíð í Reykjavík á síðasta ári en hann bjó að hluta til hér á landi frá sjötta áratug síðustu aldar þar til hann lést. Ekki er víst hvort heimildarmyndin verður tilbúin á þessu ári. Hilmar leikstýrði síðast gamanþáttunum Kallakaffi við ágætar undirtektir.

-fb/þþ

[VEISTU SVARIÐ]

svarið við spurningu á síðu 8

1. 183.
2. 23. sæti.
3. Sergei Ivanov.

Mesti harmur tónlistarinnar

Í kvöld verður Idol-keppni Stöðvar 2 en hún er að venju haldin í Vetrargarðinum í Smáralindinni. Eftir að tólf manna úrslitin hófust hafa verið sérstök þemu sem keppendur hafa glímt við og kvöldið í kvöld verður engin undantekning en þá mun diskóið taka öll völd. Þeir níu keppendur sem eftir eru hafa valið sér sín lög og það er eins gott að velja þau af kostgæfni. Dómnefndin í kvöld er nefnilega skipuð diskókóngi og diskóbana Íslands. Páll Óskar er fyrir löngu orðinn landskunnur fyrir ást sína á þessari tónlistarstefnu en það sama verður ekki sagt um Bubba Morthens en hann telur diskóið vera „mesta harm sem hefur skollið á tónlistarheiminnn," svo notuð séu hans eigin orð.

Bubbi sagðist glaður vilja láta hafa þetta eftir sér. „Það var eitthvað aumkunarvert við diskóið," útskýrir Bubbi og viðurkennir að hann hafi þurft að hlusta núna á diskó í þrjá daga til að undirbúa sig. „Dóttir mín kann vel að meta þetta og ég verð náttúrlega að gera þetta enda ráðinn í verkið," segir hann en það má heyra á tónlistmanninum að hann verður feginn þegar þessi þolraun er yfirstaðin. „Þessi tónlist strípaði rokkið sinni karlmennsku," bætir hann við.

Þótt níu diskó-lög af bestu gerð muni nú dynja á kónginum segist Bubbi ekki ætla að láta persónulega andúð sína á tónlistinni ráða mati sínu á frammistöðu keppenda sem ættu því að geta stigið á sviðið „óhræddir". „Þetta byggist auðvitað allt á því hvað krakkarnir gera með röddina sína og þetta mun ekki hafa nein áhrif á dóma mína," segir Bubbi. „Ég horfi bara fram hjá diskóinu."

- fgg

KLOFIN DÓMNEFND? Hvort dómnefndin muni klofna í kvöld á milli diskókóngsins Páls Óskars og diskóbanans Bubba skal ósagt látið. Það verður í það minnsta forvitnilegt að sjá hvað úr verður.

SÚR HVALUR
30% afsláttur af
harðfiski og hákarli
Opið alla laugardaga 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

GSM HEIMASÍMI INTERNET **SJÓNVARP**

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 30957 01/2006

„Meistaradeildin beint í símann
og beint á Sýn. Ég gæti ekki beðið um **meira.**“

Valdimar og fjölskylda hafa nýtt sér heildarþjónustu Og Vodafone, Og1, frá því í apríl og síðan þá hafa þau sparað **42.082 kr.**

Það er ekkert mál að skrá sig í Og 1. Heimili sem eru með allt hjá Og Vodafone, GSM áskrift , Heimasíma og Internet, geta skráð sig í Og 1. Hringdu í **1414** strax í dag, skráðu þig í Og1 og byrjaðu að spara með hverju símtali. Fríðindi Og1 eru meðal annars:

Sjónvarp
Sýn á 1.990 kr. á mánuði. Viðskiptavinir í Og1 geta fengið áskrift að Sýn á aðeins 1.990 krónur á mánuði. Tilboðið gildir til 1. okt. 2006.

Mörkin í símann
Enski boltinn og Meistaradeildin á 0 kr. Allir sem eru skráðir í Og1 geta valið sitt lið í Enska boltanum og séð öll mörkin í leikjum liðsins í GSM-símanum á 0 kr. Þá geta viðskiptavinir í Og1 einnig valið lið í Meistaradeildinni og séð öll mörkin úr riðli þess og úrslitakeppninni í GSM-símanum á 0 krónur.

Og1

Í dag eru yfir 11.000 heimili skráð í Og1 og þeim fjölgar hratt.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** til að fá nánari upplýsingar og skrá þig í **Og1**.

og vodafone

Heyrumst!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

BAKÞANKAR

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

Lífshamingja

Það hefur svo margt skemmtilegt gerst hér á síðustu dögum. Virkilegur tímamótaviðburður þegar heilbrigðisráðherra mætti í smáviðtal í sjónvarpinu á þriðjudagskvöldið í tilefni af því að hann undirritaði samning við Hafnarfjarðarbæ um lausn á öldrunarmálum í plássinu. Hann brosti og var svo glaður að fullvíst er að hann hafi einn og sér sannað kenningar Dalais Lama um að hamingja og gleði felist í því að gera góða hluti og láta gott af sér leiða.

ÞAÐ er líka óhjákvæmilegt að hann kætist þegar hann fer að koma einhverjum skikk á sjúkrahúsin. Til dæmis að sjá til þess að krabbameinslæknar séu ekki á vöktum á þremur deildum samtímis, að ekki sé einn unglæknir á vakt á slysadeild um helgar og finna einhverja lausn á þeirri krísu sem komin er upp vegna þess að yfirlæknar á sjúkrahúsum mega ekki reka sínar stofur samhliða starfinu eins og aðrir læknar. Það hlýtur að vera frekar erfitt að manna slíkar stöður með besta fólkinu ef skrifstofubáknið á spítalanum ætlar bara að fara að stjórna öllu lífi þess. Sé maður sjúklingur, finnst manni felast meira öryggi í því að tappað sé af skrifstofubákninu.

EKKI var verra að frétta að stjórnvöldum skuli sjálfum svo ofboðið yfir matarverði hér að nú eigi að finna leiðir til að lækka það. Það er hreint makalaust að þau skyldu ekki vera löngu búin að taka eftir dýrtíðinni. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvort þetta sér einhver stökkbreyttur hópur sem þarf ekki að borða eins og annað fólk. Og svo kemur hagfræðingur úr Háskóla Íslands og segir að íslenska krónan sé dýrasti peningur á byggðu bóli vegna þess að við kunnum ekki að spara. Eins og hægt sé að spara í landi þar sem fórna þarf hvítunni úr augunum til að viðhalda öndinni í sjálfum sér og sínum til að standa straum af matarkostnaði. Reyndar er öll verðmyndun hér á landi eitt allsherjar furðuverk. Um jólin keypti ég forláta tappatogara í henni Ameríku. Hann kostaði tólf hundruð krónur. Svo sá ég eins upptakara til sölu í blómabúð hér. Hann kostaði tólf þúsund krónur. Í hverju liggur verðmyndunin?

SVO ritaði samgönguráðherra grein í Morgunblaðið þar sem hann fagnar árangri í ferðaþjónustu. Traffíkin hingað alltaf að aukast. Það eru vissulega góð tíðindi – en þá hlýtur maður að spyrja hver sé framtíðarsýn stjórnvalda? Er ekki séns að fá þau til að endurskoða hugmyndir um eyðileggingu á náttúru landsins og byggja þess í stað í kringum það sem hér er eftirsóknarvert – hreina og ósnortna náttúru. Þá getum við sjálf unnið við að byggja upp og starfa ásamt þeim sem ákveða að flytjast til landsins og setjast hér að. Þurfum ekki lengur að stunda álvændi. Það er eins og uppbygging skili meiri hamingju en niðurrif.

Ertu ekki örugglega með VISA?

Fyrir réttu ári hóf VISA Ísland útgáfu kreditkorta með örgjörva og í síðustu viku voru komnir örgjörvar í 83.918 íslensk VISA kreditkort.

Kort með örgjörva eru síður eftirsóknarverð fyrir falsara og notkun þeirra víða erlendis því öruggari en korta með segulrönd eingöngu.

Öll ný kreditkort VISA eru nú með örgjörva.
Þú þarft ekki að bíða lengur eftir nýrri tækni og auknu öryggi.

www.visa.is

VISA
Ávallt fyrstir
með tæknilegar nýjungar

SHARP
Þú gengur að gæðunum vísum

SHARP AL1566 • Prentari • Ljósritunarvél • Faxtæki • Skanni.

- 15 eintök á mínútu, ljósritun/prentun A4
- 30 blaða frumritamatari
- Snúningsbúnaður (duplex)
- 250 blaða pappírsskúffa
- 50 blaða framhjámatari
- Minnkun–stækkun: 25 - 400%
- Rafrænn raðari
- Netprentari
- Prent upplausn: 600 x 600 punktar
- Litaskanni: 600 x 1200 punktar

SHARP
FRAMÚRSKARANDI ENDING OG GÆÐI – GÓÐ ÞJÓNUSTA OG HAGSTÆTT VERÐ
Kynnið ykkur málið!

TILBOÐSVERÐ:
KR. 69.900.-

Auglýsingastofa Guðrúnar Örnu

ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 / SÍMI 530 2800 / www.ormsson.is